

**SKOÐUN** Mótmælum rofi á rammaáætlun, skrifar Guðmundur I. Guðbrandsson. 18



**TÍMAMÓT** Hjúkrunarfræðingar gerðu nýjan verkferil fyrir sjúklinga í sjálfsvígshættu. 24



**LÍFIÐ** Fanney Ingvarsdóttir fegurðardrottning endurvekur keppnina um Ungfrú Ísland. 46

FLUGFÉLAG FÓLKSINS
WOW air

FRÉTTABLAÐIÐ
Miðvikudagur
13. maí 2015
111. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

**MARKAÐURINN**



## Seldi á LinkedIn

Íslenska fyrirtækið AwareGO framleiðir myndbönd um upplýsingaöryggi sem hafa selst víða hérlendis og erlendis. CreditSuisse er í hópi viðskiptavinanna.

**FRÉTTIR**



## Safna fyrir kirkju

Kaþólikkar á Íslandi safna nú fyrir nýrri kirkju sem þeir hyggjast reisa á Selfossi. Um 12 þúsund manns eru skráðir í söfnuðinn hér á landi en vitað er að þeir eru fleiri. Drög að teikningu kirkjunnar tilbúin. 2

**Legið yfir tillögum** Fundað var í kjaradeilum allra stóru stéttarfélaganna í gær. Hreyfing er á viðræðum en mikið ber enn á milli. 4

**Tillagan ólögleg** Umhverfisráðuneytið segir endurmat þingsins á virkjanakostum stangast á við lög um rammaáætlun. 8

**Annar skjálfti** Tugir létust í Nepal, Indlandi og Tíbet í jarðskjálfta. 10




18

**2 SÉRBLÖÐ**

Markaðurinn | Fólk






**LÓÐRÉTTUR DANS** Lokaæfing bandaríska dansflokksins Bandaloop fór fram í gær og gafst borgarbúum tækifæri til að sjá flokkinn leika listir sínar. Hópurinn mun flytja opnunarverk Listahátíðar Reykjavíkur á framhlið hússins Aðalstrætis 6 á morgun klukkan 17.30. Dansflokkurinn Bandaloop hefur sýnt á þekktum byggingum víða um veröld, svo sem á kauphöllinni í New York. Sjá síðu 30 FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# 200 tonn föst í tolli

**Mikið magn innfluttra matvæla kemst ekki í gegnum tollafgreiðslu vegna verkfalls dýralækna hjá Matvælastofnun. Kjúklingur, nautakjöt og ferskt svínakjöt nánast uppurið á landinu. Innflytjendur eru áhyggjufullir vegna stöðunnar í kjaradeilunni.**

**VERSLUN** Á þriðja hundrað tonna af matvælum liggur á hafnarbakka í Sundahöfn á meðan kjaradeila dýralækna hjá Matvælastofnun er óleyst. Ekki er hægt að koma vörunum til verslana eða í vinnslu hér á landi þar sem dýralæknar þurfa að votta innfluttar matvörur.

Rúmar þrjár vikur eru síðan félagsmenn Stéttarfélags háskólamanna á matvæla- og næringarsviði Matvælastofnunar og Félags íslenskra náttúrufræðinga hjá stofnuninni lögðu niður störf sem og dýralæknar. Verkfallið hefur haft mikil áhrif á starfsemi Matvælastofnunar.

Í samtali við helstu innflytjenda matvæla og kjötafurða er ljóst að það magn sem bíður eftir því að vera tollafgreitt og það magn sem er á leið til landsins losar um 200 tonn.

Alls hafa Matvælastofnun borist þrettán beiðnir um undanþágu frá verkfalli dýralækna vegna innflutnings á matvælum. Aðeins hluti af einni undanþágubeiðninni var samþykktur en þar var um að ræða ungbarnamjólk.

Ekkert kjöt hefur verið flutt inn til landsins. Páll Hilmarsson, framkvæmdastjóri markaðssviðs Innness, segir verkfallið bitna hart á neytendum og fyrirtækjum. „Við erum með matvöru á hafnarbakkanum fyrir um 30 milljónir króna. Sum matvæli í þessari sendingu eru með stuttum tímastimpli og því gætu matvælin farið að skemmast,“ segir Páll. „Hér er um að ræða kjúkling, nautakjöt, pitsur, ost, mjólkurduft, poppmaís og önd svo dæmi séu tekin. Vörunum fylgir einnig heilbrigðisvottorð og búið að votta allt kjöt og uppfylla frystiskyldu á þeim vörum.“

Jón Gíslason, forstjóri Matvælastofnunar, vonar að deilan leysist sem fyrst. „Við metum það þannig að það sé mjög mikilvægt að deiluaðilar nái saman svo verkfallið leysist. Þetta er mjög slæmt fyrir þriðja aðila sem er að lenda í erfiðri stöðu í sínum viðskiptum. Sama gildir um einkaaðila sem vilja flytja út gæludýr. Umfangið er mjög mikið,“ segir Jón. „Varðandi innflutning matvæla má segja að engin heimild hafi fengist fyrir innflutningi. Meiri hreyfing er hins vegar á innflutningi á plöntum og sáðvörum og innflutningi á lífrænum vörnum fyrir garðyrkju.“

Mikill skortur er á nautakjöti, kjúklingakjöti og fersku svínakjöti á innanlandsmarkaði vegna verkfalls dýralækna. Slátrun á svínum og alifuglum hefur verið heimiluð með þeirri kröfu að afurðir fari í frost og að ekki verði unnið úr þeim fyrr en verkfalli lýkur. - sa



**FYRSTI TITILLINN** Grótta sigraði Stjörnuna í úrslitaleiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Meistarar í fyrsta sinn:

## Fimmtán ára hetja Gróttu

**ÍÞRÓTTIR** Hin 15 ára gamla Lovísa Thompson var hetja Gróttu þegar liðið tryggði sér sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil í sögu félagsins með eins marks sigri, 23-24, á Stjörnunni í fjórða leik liðanna í úrslitum Olís-deildar kvenna í gær.

Lovísa, grunnskólanemi í Valhúsaskóla, skoraði sigurmark Gróttu á lokasekúndunum en þetta var aðeins í annað sinn í leiknum sem Seltirningar voru yfir.

Grótta, sem hafði aldrei unnið stóran titil fyrir tímabilið, er því handhafi þriggja stærstu titlanna en liðið varð bæði deildar- og bikarmeistari. - iþs / sjá síðu 42

0 kr. Nova í alla!
1.000 mínútur
500 SMS/MMS
2.990 kr. í áskrift
Hvað borgar þú á mánuði?
Komdu til Nova og lækkaðu símreikninginn!
Það kostar ekkert að flytja númerið til Nova.

Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

## VEÐUR




Hlýtt loft úr suðri kemur að landi, með suðaustanátt. Þá þykknar heldur upp sunnanlands og skúrir suðaustanlands. Á Norður og Austurlandi hlýnar. Í kvöld hvessir á vestanverðu landinu og á Snæfellsnesi má búast við allt að 18 m/s.

SJÁ SÍÐU 28

Skattrannsóknarstjóri bíður viðbótarupplýsinga frá seljanda leynigagna:

# Engar aðgerðir vegna HSBC

**SKATTUR** Skattrannsóknarstjóri hefur nú lokið rannsókn á gögnunum úr stórbankanum HSBC sem komu til Íslands frá frönskum skattayfirvöldum. „Búið er að fara yfir gögnin frá HSBC. Þau gögn gefa ekki tilefni til frekari aðgerða af hálfu embættisins. Ástæðan er sú að þær upplýsingar er þar um ræðir varða ekki aðila sem eru íslenskir skattþegnar,“ greinir Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri frá.



**BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR**

Erlendir fjölmiðlar greindu í vetur frá rannsókn á skjölum sem sýndu að HSBC-bankinn hefði aðstoðað viðskiptavini við að fela fé og komast hjá því að greiða skatta. Skjölin um skattaundanskot voru frá útibúi bankans í Sviss. Nokkrir bankareikningar voru sagðir í eigu aðila sem tengjast Íslandi.

Leynigögnin sem ákveðið hefur verið að kaupa eru enn ekki komin til landsins. „Við erum ekki komin með gögnin í hús sem til stendur að kaupa.

Til þess að unnt sé að ganga frá kaupunum eru okkur nauðsynlegar tilteknar upplýsingar frá viðsemjandanum sem við höfum nú beðið eftir um hríð. Ég á þó ekki von á öðru en af þessu verði innan skamms tíma,“ segir Bryndís. - ibs

Framkvæmdastjórn ESB:

# Allir taki við flóttamönnum

**BRUSSEL** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, ESB, hyggst leggja fram tillögu að nýrri stefnu í málefnum flóttamanna. Framkvæmdastjórnin vill koma upp kerfi sem þvingar öll lönd til að taka á móti flóttamönnum. Taka á tillit til vergrar þjóðarframleiðslu, íbúafjölda, atvinnuleysis og fjölda flóttamanna sem þegar hefur verið tekið á móti. Bretar, Írar og Danir þurfa bara að taka þátt ef þeir vilja, að því er segir í frétt sænska ríkisútvarpsins. - ibs



**STRÍÐSÁSTAND** Fjölskyldur í Jemen hafa þurft að flýja heimili sín undanfarnar vikur vegna loftárása.

Rúmlega hundrað börn hafa látið lífið í Jemen:

# Flýja heimili sín í Jemen

**JEMEN Margar fjölskyldur hafa flúið frá borginni Aden í Jemen vegna stríðsástands. Á myndinni, sem tekin var í vikunni, bíða börn eftir mat og drykk frá sjálfsboðaliðum hjálparsamtaka.**

**Rúmlega hundrað börn hafa látið lífið í stríðsátökunum í Jemen undanfarnar vikur að sögn UNICEF.**

**Nítíu manns voru drepnir í loftárás sádiarabíska hersins í Jemen í gær. Að sögn yfirvalda var ráðist á herstöð í höfuðborginni Sanaa. Loftárásin er sú mannskæðasta í landinu síðan í byrjun aprílmánaðar og særðust þrjú hundruð manns í henni.**

**Uppreisnarmenn Húta náðu höfuðborginni Sanaa á sitt vald í september síðastliðnum. Bandalag ríkja undir forystu Sádi-Arabíu hóf loftárásir á stöðvar uppreisnarmanna í lok mars.** - ngy

Malbikunarvinna hafin:

# 16 km gatna malbikaðir

**SAMGÖNGUR** Malbikunarvinna sumarsins í Reykjavík hefst í dag þegar fræst verður á Neshaga, Hofsvallagötu og Nesvegi. Malbik verður lagt á þessar götur á mánudag.

Í sumar verða 111 þúsund fermetrar af malbiki lagðir á rúma 16 kílómetra gatna í Reykjavík. Það er fyrir utan vinnu Vegagerðarinnar við stofnbrautir og malbiksviðgerðir.

Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir 690 milljónum í malbikun nú í ár og er það 250 milljóna króna hækkun frá síðasta ári. - ibs

Fundur með Evrópuráðherra:

# Forseti fundar um Evrópumál

**UTANRÍKISMÁL** Forseti Íslands átti fund með Evrópuráðherra Þýskalands, Michael Roth, í gær. Rætt var um margvísleg og langvarandi tengsl Íslands og Þýskalands, samvinnu á sviði menningar og viðskipta, sem og aukið mikilvægi norðurslóða en Þýskaland mun kynna stefnu og áherslur sínar í málefnum norðurslóða á þingi Arctic Circle í Reykjavík í október. Þá var rætt um nýtingu jarðhita víða í Evrópu og tengsl Íslands við Evrópusambandið, lærdómana af viðræðum um aðild sem og stöðu málsins um þessar mundir og á næstu árum. - ngy

# Kaþólikkar safna fyrir kirkju á Selfossi

Um 12 þúsund manns eru skráðir í kaþólska söfnuðinn á Íslandi. Vitað er að kaþólikkar hér eru enn fleiri. Fyrstu drög að teikningu nýrrar kirkju á Selfossi tilbúin. Ekki liggur fyrir hvenær hægt verður að hefja framkvæmdir við kirkjusmíðina.

**TRÚMÁL** Kaþólikkar á Íslandi safna nú fyrir nýrri kirkju sem þeir hyggjast reisa á Selfossi. Að sögn Denis O'Leary, sóknarprests í Maríukirkju í Breiðholti, er gert ráð fyrir að um 200 kirkjugestir fái pláss í nýju kirkjunni. Nú eru um tólf þúsund manns skráðir í kaþólska söfnuðinn í Íslandi en vitað er að kaþólikkar hér eru enn fleiri.

„Það hefur fjölgað mikið í kaþólska söfnuðinum á Íslandi, sérstaklega Pólverjum og Filippseyingum. Fjölmargir kaþólikkar hafa einnig komið til Íslands frá Litháen og víðar að. Íslendingum í söfnuðinum hefur einnig fjölgað. Fjölskyldurnar stækka og svo ganga alltaf nokkrir Íslendingar í söfnuðinn á hverju ári,“ greinir O'Leary frá.

Kaþólsku kirkjunni er skipt niður í sex sóknir og fellur Suðurland undir St. Maríusókn. Að sögn O'Leary er messað reglulega á Selfossi og í nálægum sveitarfélögum og eru kirkjur þjóðkirkjunnar fengnar að láni til þess.



**NÝ KIRKJA** Fyrirhugað er að kaþólska kirkjan á Selfossi verði á „Sýslumannstúninu“.

Fyrstu drög að teikningu nýrrar kirkju eru tilbúin. Ekki liggur fyrir hvenær hægt verður að hefjast handa við framkvæmdir. Það fer eftir því hversu vel gengur að safna. „Þetta hefur gengið fremur hægt. Þetta er kannski ekki besti tíminn svona eftir kreppu. Við þurfum aðstoð utan frá til stórra framkvæmda,“ segir sóknarpresturinn.

Formaður Félags kaþólskra leikmanna, Gunnar Örn Ólafsson, segir hjálparsamtök í Þýskalandi safna peningum fyrir kaþólska söfnuði á Norðurlöndum. „Við höfum fengið styrki frá þeim til viðhalds á byggingum og til að reisa nýjar byggingar.“

Kaþólsku kirkjurnar á Íslandi eru Dómkirkja Krists konungs í Landakoti, Maríukirkja í Breiðholti, St. Jósefskirkja í Hafnarfirði, St. Pétursskirkja á Akureyri, St. Þorlákskirkja á Kollaleiru, Reyðarfirði, og kirkja heilags Jóhannesar Páls II. á Ásbrú í Reykjanesbæ. Nokkrar kapellur eru einnig hér. ibs@frettabladid.is



> **„Það hefur fjölgað mikið í kaþólska söfnuðinum á Íslandi, sérstaklega Pólverjum og Filippseyingum. Fjölmargir kaþólikkar hafa einnig komið til Íslands frá Litháen.**
>
> *Denis O'Leary, sóknarprestur í Maríukirkju.*




Tungumálanám er vinsælla meðal stúlkna en pilta í framhaldsskólum:

# Færri læra erlend tungumál

**MENNTAMÁL** Nemendum á framhaldsskólaskólastigi, sem læra erlend tungumál, hefur fækkað hlutfallslega úr sjötíu og fjórum prósentum skólaárið 2011 til 2012 í sjötíu og tvö prósent skólaárið 2013 til 2014. Þetta eru niðurstöður úr gagnasöfnun Hagstofu Íslands um nemendur í framhaldsskólum sem lærðu erlend tungumál.

Flestir framhaldsskólanemendur læra ensku og voru þeir tæplega fimmtán þúsund skólaárið 2013 til 2014 eða um sextíu prósent framhaldsskólanema. Næstflestir nemendur læra dönsku eða rúmlega sjö þúsund talsins.

Spænska er orðin þriðja algengasta erlenda málið og nemendur í spænsku urðu í fyrsta skipti fleiri en nemendur í þýsku skólaárið 2012 til 2013. Skólaárið 2013 til 2014 lærðu rúmlega 4.150 framhaldsskólanemendur spænsku, 3.873 nemendur þýsku og 1.792 frönsku.



**NEMENDUR** Spænska er orðin þriðja algengasta erlenda málið meðal nemenda í framhaldsskólum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þá er tungumálanám vinsælla meðal stúlkna en pilta í framhaldsskólum. Stúlkur sækja frekar í tungumálanám í framhaldsskólum. Það er líka algengara meðal stúlkna að læra mörg tungumál enda mun fleiri stúlkur en piltar á málabrautum framhaldsskóla. - ngy



№29
2015
Listahátíð
í Reykjavík
BANDALOOP
Opnunarverk
Listahátíðar 2015
við Ingólfstorg
í dag kl. 17:30
Reitir
Stoltur bakhjarl
Listahátíðar
Miðasala og dagskrá á
www.listahatid.is
13. maí — 7. júní
Lárusson Hönnunarstofa
Stofnaðilar
Mennta- og
menningarmálaráðuneytið
Reykjavíkurborg
Máttarstólpi
TVG-ZIMSEN
FLUTNINGSMIÐLUN
Bakhjarlar
Íslensk
erfðagreining
REITIR
BRIM
SEAFOOD

## NOKKRAR STÆRÐIR TENGDAR VERKFALLSAÐGERÐUM OG KJARABARÁTTU

**5.700 svín**

**EÐA AFURÐIR ÞEIRRA**

hafa ekki ratað í verslanir og á borð landsmanna miðað við framleiðsluna í mars og að verkfall dýralækna hefur nú staðið í

**PRJÁR VIKUR.**

**35.000 kr.**

VERÐUR

**LÁGMARKSHÆKKUN**

í launatöflu samkvæmt kröfugerð Flóabandalagsins, en að því standa Efling stéttarfélag, verkalýðsfélagið Hlíf í Hafnarfirði og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis.

**8 DAGA**

**TEKUR AÐ KJÓSA**

um verkfallsboðun VR, LÍV og Flóabandalagsins. Kosning um aðgerðir hófst í gær og lýkur 19. þessa mánaðar.

19

**37 sáttamál**

**HAFA RATAÐ Á BORÐ RÍKISSÁTTASEMJARA**

á þessu ári. Þremur er lokið og eitt var sameinað öðru máli á vegum AFL starfsgreinafélags. **Eftir standa 33 mál.**

**138 KJARASAMNINGAR**

**ERU LAUSIR ÞAÐ SEM AF ER ÁRI**

eftir því sem lesa má úr gögnum á vef Ríkissáttasemjara. Frá júní og út árið bætast um 18 samningar við.



**KVENNADEILD LANDSPÍTALANS** Ljósmæður á Landspítalanum eru í verkfalli á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum, en bráðatilvikum er sinnt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## VERKFALLSAÐGERÐIR Í GANGI

### BANDALAG HÁSKÓLAMANNA (BHM)

**Ótímabundið verkfall hjá hluta aðildarfélaga |** Stendur enn yfir

Í DAG ER 37. DAGUR Í VERKFALLI FIMM ÞEIRRA:

1 **Félag geislafræðinga** Hefur meðal annars áhrif á starfsemi Landspítalans. Ekki er hægt að framkvæma margvíslegar rannsóknir sem krefjast röntgenmyndatöku.

2 **Félag lífeindafræðinga** Áhrif á framkvæmd rannsókna á Landspítalanum. Lífeindafræðingar starfa á rannsóknastofum sjúkrahúsa og fyrirtækja í erfðagreiningu og lyfjaiðnaði, auk stofnana sem þjóna landbúnaði.

3 **Félag íslenskra náttúrufræðinga á Landspítala** Koma að frumu- og sameindalíffræði, eðlis- og efnafræði, lífeðlis- og lífefnafræði, erfðafræði og líftækni, örveru- og veirufræði, ónæmisfræði, blóðbankafræði, vefjafræði, meinafræði, faraldsfræði, tölfræði og kerfislíffræði.

4 **Ljósmæðrafélag Íslands á Landspítala |** ÞRI., MIÐ. OG FIM. Raskar starfi kvennadeildar, en undanþágur hafa verið veittar, svo sem vegna keisaraskurðaðgerða.

5 **Stéttarfélag lögfræðinga hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu** Ekki er hægt að ganga frá alls kyns opinberum skiptum, gjaldþrota- eða skiptum dánarbúa, skilnuðum, hjónavígslum og fleiri hlutum.

● **Ljósmæðrafélag Íslands á Sjúkrahúsinu á Akureyri** Ótímabundið verkfall hófst 9. apríl. Verkfall á mánudögum og fimmtudögum. Aðgerðir eru því á 35. degi.

### VERKFALL HJÁ EFTIRTÖLDUM FÉLÖGUM FRÁ 20. APRÍL

1 **Félag íslenskra náttúrufræðinga á Matvælastofnun** Meðal annars áhrif á eftirlit með plöntuheilbrigði, matvælaöryggi og neytendavernd.

2 **Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringarsviði á Matvælastofnun** Raskar margvíslegu eftirliti og rannsóknum.

3 **Dýralæknafélag Íslands** Stórfelld áhrif á matvælaframleiðslu. Uppáskrift dýralækna og eftirlit þarf við slátrun og einnig vegna innflutnings.

**Í PÍPUNUM: SGS** Verkfall 19.-20. maí og ótímabundin vinnustöðvun frá 26. maí. **Hjúkrunarfræðingar** Ótímabundið verkfall hefst 27. maí. **VR, LÍV og Flóabandalag** 28.-29. maí er verkfall hjá hópbifreiðafyrirtækjum, 30.-31. maí er verkfall á hótelum, gisti- og baðstöðum, 31. maí-1. júní er verkfall í flugafgreiðslu, 2.-3. júní er verkfall hjá skipafélögum og í matvöruverslunum, 4.-5. júní er verkfall hjá olíufélögum, 6. júní hefst ótímabundið verkfall félagsmanna.

# Legið yfir tillögum á öllum vígstöðvum

Fundað var í kjaradeilum allra stóru stéttarfélaganna bæði á almenna og opinbera vinnumarkaðnum í Karphúsinu í gær. Ljóst er að enn ber mikið í milli og samningar ekki í augsýn. Hreyfing er samt á viðræðum og nýjar hugmyndir á borðinu.

**KJARAMÁL** Fulltrúar nær allra stóru stéttarfélaganna sem í vinnudeilum eiga funduðu með viðsemjendum sínum í Karphúsinu í gær.

„Við hittum ríkið og lögðum fram okkar viðbrögð við hluta af því sem það setti fram," segir Páll Halldórsson, formaður samninganefndar Bandalags háskólamanna, en í röðum hans félagsmanna eru þeir sem lengst hafa verið í verkfalli, frá 7. apríl.

Núna segir Páll að samninganefnd ríkisins fari yfir það sem BHM hafi haft fram að færa, án þess að fara nánar út í hvað fari mönnum á milli við samningaborðið. Hann neitar því þó ekki að enn beri heilmikið í milli deiluaðila. „En viðræður eru í það minnsta í gangi og það er meira en hefur verið hægt að segja um nokkurn tíma. Að því leytinu til eru fréttirnar jákvæðar."



**Í HÉRAÐSDÓMI** Umtalsverð harka er í kjaradeilum og verkfallsaðgerðir í gangi. Hér mæta Páll Halldórsson og félagar hans í BHM í Félagsdóm um helgina þar sem hluti aðgerða háskólamenntaðra var sleginn af. RÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Páll segir hins vegar ekki í kortunum að lagt verði fram tilboð til allra stéttarfélaga, hvort heldur sem um er að ræða á opinbera eða almenna vinnumarkaðnum. „Það mun ekki leysa þetta starf. Þetta er svo mismunandi að ekki verður búin til nein lausn fyrir almenna og opinbera markaðinn, alla vega ekki fyrir okkur. Ég held að það sé bara of flókið mál."

Næsti fundur í kjaradeilu BHM og ríkisins segir Páll að sé boðaður á föstudag.

Þá virðist hreyfing á viðræðum á almenna markaðnum, þótt að sögn Sigurðar Bessasonar, formanns Eflingar og talsmanns Flóabandalagsins, sé enn talsvert langt í land áður en kjarasamningar nást. Flóabandalagið og VR, ásamt LÍV (Landssambandi íslenzkra



**DRÍFA SNÆDAL**



**SIGURÐUR BESSASON**

verzlunarmanna) funduðu með samninganefnd Samtaka atvinnulífsins (SA) í gærmorgun. Eftir þann fund sagði Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, að hreyfing væri komin á mál.

„Það er í sjálfu sér bara ánægjuefni að menn skuli vera sestir niður og taka þessa umræðu en ég held að menn eigi töluvert langt í land áður en menn hafa hér einhvern mótaðan kjarasamning á borðinu. Þetta eru eingöngu fyrstu skref sem menn eru að taka," segir Sigurður við fréttastofu í gær. Flóabandalagið leggist nú yfir útreikninga á þeim hugmyndum sem SA hafi haft fram að færa á fundinum. Þar til því sé lokið geti hann lítið tjáð sig um tillögurnar, en næsti fundur í deilunni er árdegis í dag.

„Það er mjög lítið að frétta," sagði svo Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins (SGS), eftir fund samninganefndar með SA síðdegis í gær. „Þetta voru mest vangaveltur og lítið sem hönd á festir." Hún segist telja að SA viðri svipaðar hugmyndir við SGS og Flóabandalagið. Ekki hafði verið settur tími fyrir næsta samningafund í deilunni og átti Drífa frekar von á að ríkissáttasemjari myndi boða til hans. Næstu verkfallsaðgerðir SGS eru boðaðar 19. og 20. þessa mánaðar.

olikr@frettabladid.is




**REYNSLUSÖGUR** ÁHRIF YFIRSTANDANDI VERKFALLSAÐGERÐA

# Forsíðukandídat á Landakotsspítala

Ein hliðaráhrif yfirstandandi verkfalla á Gunnar Baldvin Björgvinsson, læknakandídat á lokaári við Landspítalann, reyndust nokkuð óvænt. Myndir sem ljósmyndari Morgunblaðsins tók af honum (og fleirum) í læknaverkfallinu hafa nefnilega birst á síðum blaðsins, og í það minnsta tvisvar á forsíðu, auk birtinga á vef blaðsins.

„Það mætti kannski kalla mig *verkfallskandídat* miðað við hvað blaðið hefur birt af mér margar myndir," segir hann, en þegar myndirnar voru teknar starfaði hann á bráðamóttökunni. „En ég bað svo sem ekki um að verða einhver verkfallsstrákur, eða andlit heilbrigðisstétta í verkfalli."

Áhrif verkfallanna nú merkir Gunnar hins vegar eins og annað heilbrigðisstarfsfólk og segir alvarleg.

„Læknaverkfallið var slæmt en röskunin af þessu er líklega meiri," segir hann.

Núna starfar Gunnar Baldvin á Landakoti og sér daglega hvernig rannsóknir tefjast vegna þess að sýni og blóðprufur fást ekki greind nema með undanþágum í bráðatilvikum og sama á við um röntgenmyndatöku. Þá liggur hún niðri á Landakoti, þannig að fara þarf með fólk á milli sjúkrahúsbygginga í bráðatilvikum til myndatökunnar, sem sé aukaálag.

Gunnar segir ljóst að ástandið sé líka til þess fallið að auka fólki kvíða. „Sé fólk með fullum sönsum þá gerir það það, en þegar þú ert kominn á öldrunar- og endurhæfingarspítala þá er allur gangur á því," bætir hann við. „En vissulega geta komið upp bráðatilvik hér. Og ef setja þarf fólk strax í röntgen þá er það bara sjúkrabíll og mikil röskun fyrir eldra fólk. Ástandið bitnar kannski mest á þeim sem síst mega við því, það er að segja eldra fólkinu." - óká



Fréttablaðið leitar að sögum sem tengjast verkfallsaðgerðum. Láttu okkur endilega vita af skemmtilegum, eða miður skemmtilegum, sögum með því að senda okkur póst á **ritstjorn@frettabladid.is.**

# Stöndum saman!

## Tökum þátt í atkvæðagreiðslu um verkfall

**Í síðustu kjarasamningum voru laun VR félaga hækkuð afar hóflega. Í kjölfarið hafa fjölmargir aðrir hópar fengið mun meiri kjarabætur. Við krefjumst þess að nú verði samið til eins árs og að VR félagar fái leiðréttingu á sínum kjörum til jafns við aðra.**

**Við förum fram á að:**

1. Samið verði til eins árs.
2. Lágmarkslaun VR félaga verði 254.000 kr. á mánuði, miðað við fullt starf.
3. Lægstu launin hækki mest, þau hæstu minnst.

Þetta eru sanngjarnar kröfur. Við erum sannfærð um að þær ógna ekki stöðugleika, munu ekki valda óðaverðbólgu og ekki íþyngja rekstri fyrirtækja. Þær veita VR félögum eðlilega hlutdeild í batnandi efnahag og hækkun til jafns við aðra hópa í samfélaginu.

**Samninganefnd VR óskar eftir umboði félagsmanna til verkfallsaðgerða ef viðsemjendur halda áfram að hafna kröfum um leiðréttingu kjara VR félaga.**

**Verkföll eru boðuð sem hér segir:**

| | |
|---|---|
| 28.-29. maí | Starfsfólk hópferðafyrirtækja |
| 30.-31. maí | Starfsfólk hótela og gististaða |
| 31. maí-1. júní | Starfsfólk flugafgreiðslu |
| 2.-3. júní | Starfsfólk skipafélaga og matvöruverslana |
| 4.-5. júní | Starfsfólk olíufélaga |
| 6. júní | Ótímabundið allsherjarverkfall hefst |

Atkvæðagreiðslan er rafræn á Mínum síðum á vr.is og hefst kl. 9:00 að morgni þriðjudagsins 12. maí en lýkur kl. 12:00 á hádegi þann 19. maí.

**Við hvetjum alla VR félaga til að standa saman og taka þátt í atkvæðagreiðslunni.**

**Kröfur VR í eins árs samningi**




Virðing
Réttlæti

## SVONA ERUM VIÐ



**73-74** fullorðin pör mynda hafarnarstofninn á Íslandi (2014).

Skýrsla sem hefur að geyma upplýsingar frá stjórnarandstæðingnum Boris Nemtsov var gefin út í gær:

# Rússneska stjórnarandstaðan gefur út skýrslu

**RÚSSLAND** Tvö hundruð og tuttugu rússneskir hermenn féllu í tveimur bardögum í Austur-Úkraínu samkvæmt skýrslu sem unnin var af rússnesku stjórnarandstöðunni sem birtist í gær.

Í skýrslunni má finna upplýsingar sem teknar voru saman af stjórnarandstæðingnum Boris Nemtsov, sem skotinn var til bana í Moskvu síðastliðinn febrúar.

Skýrslan sem heitir „Stríð Pútíns“ hefur verið gefin út á nýjum rússneskum vefmiðli.

Ilya Yashin, einn bandamanna Nemtsovs, lagði lokahönd á skýrsluna. Yashin sagði skýrsluna vera unna af „sönnum þjóðernissinna sem er andvígur einangrunarstefnu forsetans Pútíns“. Fram koma upplýsingar um hvernig 150 rússneskir hermenn voru drepnir í lykilbardaga í ágúst 2014 við smábæinn Ilovaisk í Donetsk-héraði í Úkraínu. Þá segir að nýlega hafi 70 rússneskir hermenn fallið í bardaga um bæinn Debaltseve, sem stuðningsmenn rússneskra uppreisnarmanna náðu á sitt vald eftir að vopnahlé var undirritað.

„Allar vangaveltur um rússnesk afskipti eru viðkvæmar í Moskvu og leitin að prentsmiðju sem fékkst til að prenta skýrsluna hefur reynst erfið,“ sagði Yashin.

Á sama degi og skýrsla stjórnarandstæðinganna var birt funduðu utanríkisráðherra Bandaríkjanna, John Kerry, og forseti Rússlands. Þetta var fyrsta heimsókn Kerrys til Rússlands eftir að átök í Úkraínu hófust árið 2014. **- ngy**



**BANDAMAÐUR NEMTSOVS** Hundrað og fimmtíu rússneskir hermenn voru drepnir í bardaga í Úkraínu í ágúst 2014.

## Fyrsta opinbera heimsókn Frakklandsforseta til Kúbu í meira en öld



**SÖGULEG HEIMSÓKN** François Hollande, forseti Frakklands, fór í opinbera heimsókn til Kúbu en hann er fyrsti franski forsetinn sem þangað fer í meira en öld. Hollande er einnig fyrsti vestræni þjóðarleiðtoginn sem heimsækir kommúnistaeyjuna síðan sættir voru tilkynntar milli stjórnvalda í Havana og Washington í Bandaríkjunum í desember. Þeir Raul Castro, forseti Kúbu, og Hollande hittust í gær en Hollande hitti einnig bróður Rauls, Fidel Castro, en þeir funduðu í um klukkustund. Á fundi í Háskólanum í Havana sagði Hollande að hann myndi berjast fyrir því að þær aðgerðir sem hafa skaðað þróun Kúbu yrðu afnumdar og vísaði þar til viðskiptahindrana Bandaríkjanna sem enn eru í gildi þrátt fyrir að samskipti milli Kúbu og Bandaríkjanna hafi skánað undanfarna mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Ósannað hvor flaug í Vopnafjarðarslysinu

Héraðsdómur Reykjavíkur segir ósannað hvor mannanna tveggja í flugvél, sem fórst við Selá í Vopnafirði í júlí 2009, flaug vélinni. Þótt flugið hafi verið ámælisvert beri Tryggingamiðstöðinni að greiða manninum sem lifði bætur.

**DÓMSMÁL** Tryggingamiðstöðin á að greiða Ásgeiri Guðmundssyni, sem flaug á rafmagnslínu í Vopnafirði, fullar slysabætur en ekki aðeins þriðjung. Þetta er niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur.

Lítilli eins hreyfils Cessnaflugvél var 2. júlí 2009 flogið á rafmagnslínu sem strengd var yfir Selá í Vopnafirði og var í 12,5 metra hæð þar sem vélin lenti á honum. Í slysinu lést Hafþór Hafsteinsson, sem þá var stjórnarformaður Avion Aircraft Trading.

Ásgeiri var haldið sofandi í öndunarvél í tíu daga. Hann var síðar metinn með 66,5 prósent örorku og ófær um að taka upp starf sitt sem atvinnuflugmaður.

Tryggingamiðstöðin neitaði að greiða Ásgeiri slysabætur með „vísan til þess að hann hafi sem flugmaður vélarinnar TF-GUN sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þegar flugvélinni hafi verið flogið á rafmagnslínu rétt yfir jörðu þannig að hún brotlenti“, eins og segir í dómi héraðsdóms. Samkvæmt niðurstöðu úrskurðarnefndar í vátryggingamálum greiddi TM þó manninum þriðjung slysabótanna áður en málið endaði í dómsal.

Í skýrslu Rannsóknarnefndar flugslysa er gengið út frá því að Ásgeir hafi verið flugmaður Cessna-vélarinnar þegar hún fórst. Í stefnu Ásgeirs segir hins vegar að það sé óupplýst hvort hann hafi stýrt flugvélinni þegar henni var flogið á rafmagnslínuna. Þótt ekki leiki vafi á því að hann hafi verið skráður flugmaður vélarinnar í þessari ferð, hafi Hafþór einnig verið flugmaður og getað stýrt vélinni úr farþegasætinu. Þar sem Ásgeir muni ekkert eftir aðdraganda slyssins og Hafþór sé látinn sé ekki hægt að fullyrða hvor hafi stýrt flugvélinni.

Héraðsdómur tekur undir þetta og segir Tryggingamiðstöðina ekki hafa axlað sönnunarbyrði sína um að það hafi í reynd verið Ásgeir sem flaug vélinni.

„Ekkert verður fullyrt um það hver hafi stýrt vélinni á þeirri stundu, þótt skýrar vísbendingar séu fyrir hendi um að það hafi verið stefnandi [Ásgeir], sem tilkynnt hafði um sjálfan sig sem flugmann vélarinnar,“ segir í dóminum sem jafnframt hafnar því sem Tryggingamiðstöðin hélt fram að um „stórkostlegt gáleysi“ hafi verið að ræða.

Mennirnir tveir höfðu verið í heimsókn í veiðihúsi við Selá og voru að fljúga þar yfir í kveðjuskyni á leið sinni frá Vopnafjarðarflugvelli og suður þegar véli rakst á raflínuna sem hékk í tveimur staurum sem 378 metrar eru á milli. Þetta lágflug segir dómurinn hafa verið gáleysislegt og ámælisvert.

„Þegar litið er til þess hvernig slysið bar að, í ljósi þess sem fyrr segir um legu raflínunnar, aðstæðna á vettvangi og atvika að öðru leyti, verður þó ekki fallist á það með stefnda [TM] að í háttsemi stefnanda [Ásgeirs] hafi, eins og á stóð, falist slíkt gáleysi að bótaréttur hans verði skertur á grundvelli laga um vátryggingasamninga vegna stórkostlegs gáleysis við stjórn flugvélar,“ segir dómurinn, sem leggur fyrir Tryggingamiðstöðina að greiða Ásgeiri með vöxtum það sem á vantar upp á tæplega 8,5 milljóna króna slysabætur. **gar@frettabladid.is**

### FLUGSLYS VIÐ SELÁ
**Fréttablaðið 3. júlí 2009**



**Maður látinn eftir að vél var flogið á línu við Selá**

Einn er látinn og annar lífshættulega slasaður eftir að lítil Cessna-vél flaug á raflínu í gær við Selá í Vopnafirði. Flugmaður mun hafa misreiknað flughæð vélarinnar. Læknir segir þetta mikið áfall í litlu þorpi.

**SLYS** Einn maður er látinn og annar lífshættulega slasaður eftir að fjögurra sæta Cessna-vél flaug á raflínur rétt við veiðihúsið Hvammsgerði við Selá í Vopnafirði.

„Það er ekkert sem bendir til bilunar í vél. Mennirnir hafa líklega misreiknað flughæðina,“ segir Björn Sigurbjörnsson slökkviliðsstjóri á Vopnafirði.

Hann segir að vélin hafi verið nýtekin á loft frá flugvellinum á Vopnafirði, en veiðihúsið er tólf til þrettán kílómetra norður af þorpinu.

Gestir í veiðihúsinu urðu vitni að slysinu og Baldur Friðriksson læknir á Vopnafirði segir að svo virðist sem mennirnir hafi verið að taka lítinn hring á leið sinni suður. „Það er ólíklegt að þeir hafi verið að reyna að lenda. Þarna er engin flugbraut, enginn bali eða tún eða neitt,“ segir Baldur. Mennirnir hafi sér virst vera á miðjum aldri.

Baldur segir að banaslys séu ávallt mikið áfall, en ekki síst í litlu þorpi þar sem langt er í stórar heilbrigðisstofnanir og engin teymi til staðar til að bregðast við áföllum. „Ef tveir slasast er það hópslys hjá okkur,“ segir hann. Presturinn á staðnum hafi veitt fólki áfallahjálp.

Vélin hafði lent á Vopnafjarðarflugvelli klukkan 14.35 og flugáætlun gerði ráð fyrir að hún færi þaðan aftur um klukkan 16. Slysið varð síðan rétt eftir klukkan 16, en til stóð að lenda vélinni á Tungubakkaflugvelli í Mosfellsbæ klukkan 18 í gær.

Sjúkraflug kom frá Akureyri og sótti þann sem lifði af. Flogið var með hann til Reykjavíkur á sjöunda tímanum.

Á Landspítala var ekki frekari upplýsingar að fá á tíunda tímanum í gærkvöldi en þær að maðurinn væri lífshættulega slasaður.

Hjördís Guðmundsdóttir hjá Flugstoðum, sem reka flesta flugvelli landsins, segir að flugáætlun vélarinnar og annað sem viðkomi Flugstoðum hafi allt verið með eðlilegu móti.

Hvorugur mannanna mun hafa verið frá Vopnafirði. - kóþ



Lítill hringur sem floginn var til að kveðja félaga í veiðihúsi endaði hörmulega.



**HAFÞÓR HAFSTEINSSON**



**ÁSGEIR GUÐMUNDSSON**

> **Ekkert verður fullyrt um það hver hafi stýrt vélinni á þeirri stundu.**
> *Héraðsdómur Reykjavíkur.*




# TAX FREE
# DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **SKÓM**
OG **BARNAFATNAÐI**
13.-17. MAÍ Í HOLTAGÖRÐUM,
SMÁRALIND, BORGARNESI,
SELFOSSI OG NJARÐVÍK.

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,35% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla







**HÖRÐ ÁTÖK** Hart var tekist á um umdeilda tillögu meirihluta atvinnuveganefndar í gær. Minnisblað umhverfis- og auðlindaráðuneytisins telur hins vegar Alþingi ekki geta breytt flokkun virkjanakosta.

# Ráðuneyti telur tillögu Jóns ólöglega

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið segir í athugasemd við endurmat þingsins á virkjunarkostum stangast á við lög um rammaáætlun. Hörð átök á þingi í gær.

**ALÞINGI** Seinni umræða um umdeilda tillögu meirihluta atvinnuveganefndar þingsins um fjölgun virkjanakosta kom til umræðu á Alþingi í gær. Umhverfisráðuneyti Sigrúnar Magnúsdóttur telur þingið ekki geta gert breytingar á flokkun virkjanakosta. Mikil átök voru á Alþingi í gær þar sem Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, var sakaður um að brjóta þingsköp.

Stjórnarandstaðan telur breytingartillöguna brjóta gegn lögum um rammaáætlun sem samþykkt var með 63 samhljóða atkvæðum á síðasta þingi. Forseti þingsins taldi svo ekki vera og var hún þess vegna tekin til umræðu í gær. Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, telur hreint með ólíkindum ef það væri þannig að tillaga sem kæmi frá ráðherra gæti ekki tekið breytingum í þinginu. „Til hvers var þá verið að vísa málinu til þingsins til þinglegrar meðferðar ef það var vilji þingsins á sínum tíma til að úrskurður ráðherra væri endanlegur,“ sagði Jón í ræðu á þingi í gær.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið telur hins vegar umrædda breytingartillögu ganga gegn lögum um rammaáætlun. Í minnisblaði ráðuneytisins um tillögu atvinnuveganefndar kemur fram að Alþingi geti ekki breytt flokkun virkjanakosta. Verkefnisstjórn um virkjanakosti hefur ekki skilað tillögu um flokkun þessara kosta til ráðherra og þingsályktunin sem nú liggur fyrir Alþingi tekur ekki til þeirra kosta. „Það er því mat umhverfis- og auðlindaráðuneytisins að lög nr. 48/2011 geri ekki ráð fyrir að Alþingi geti gert breytingar á flokkun þessara kosta þar sem lögbundið ferli verndar- og orkunýtingaráætlunar hefur ekki farið fram hvað þá varðar.“



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR** þingmaður Samfylkingarinnar



**JÓN GUNNARSSON** formaður atvinnuveganefndar

> **Til hvers var þá verið að vísa málinu til þingsins til þinglegrar merðferðar ef það var vilji þingsins á sínum tíma til að úrskurður ráðherra væri endanlegur?**
>
> *Jón Gunnarsson.*

Þrír þingmenn óskuðu í gær eftir breytingum á dagskrá þingsins. Þingsköp segja til um að við upphaf þingfundar skuli bera dagskrárbreytingartillögu undir þingið. Tillagan var hins vegar ekki borin undir þingið fyrr en að loknum fyrsta lið á dagskrá þingsins. „Við teljum að þarna hafi þingsköp verið brotin,“ segir Katrín Júlíusdóttir. „Það eru fáir þingdagar eftir samkvæmt dagskrá. Það eru erfiðar deilur á vinnumarkaði og þá telur þessi ríkisstjórn það vera sitt forgangsmál að þjösna í gegnum þingið svo umdeildri tillögu um vægast sagt vafasamar ráðstafanir í auðlindamálum þjóðarinnar.“

sveinn@frettabladid.is

## „Verið að eyðileggja rammaáætlun“



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar, telur breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar til þess fallna að eyðileggja rammaáætlun og fagleg umfjöllun sé virt að vettugi.

„Þessu verður ekki tekið með þögninni. Tillagan brýtur leikreglur og ráðuneytin sjálf efast um að hún sé í samræmi við lög. Umræddar virkjanahugmyndir hafa ekki hlotið fullnægjandi faglega umfjöllun, og tilraun til sátta um orkunýtingu í landinu hangir á bláþráði. Ég fæ ekki betur séð en þetta ráðabrugg alþingismannsins sé beinlínis til þess fallið að eyðileggja rammaáætlun,“ segir Guðmundur Ingi.










**OPIÐ**

FRÁ 10:00 TIL 21:00
Á UPPSTIGNINGARDAG

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Sjötíu og eitt prósent kristin:

## Kristnum fækkar í Bandaríkjunum

**BANDARÍKIN** Mikil fækkun hefur orðið á kristnum Bandaríkjamönnum á síðustu sjö árum. Þetta kemur fram í nýrri könnun bandarísku rannsóknarmiðstöðvarinnar Pew Research Center. Nú eru 71 prósent Bandaríkjamanna kristin, en fyrir sjö árum voru 78 prósent kristin. Ástæður þessa eru aðallega taldar þær, að yngri kynslóðir eru ekki eins trúaðar og tíðkaðist áður. 51 prósent af ungu kynslóðinni telur sig kristinnar trúar. - ngy

Ráðið telur mikla hækkun persónuafsláttar ekki heppilega leið til lausnar á núverandi kjaradeilum:

# Viðskiptaráð hlynnt breytingum á skattakerfinu

**KJARAMÁL** Viðskiptaráð fagnar því að stjórnvöld líti til skattalækkana til að leysa núverandi kjaradeilur. Þetta kemur fram í tilkynningu frá ráðinu í kjölfar hugmynda stjórnvalda um breytingar á skattakerfinu til að liðka fyrir lausn kjaradeilna. Í breytingunum felst meðal annars fækkun skattþrepa úr þremur í tvö og veruleg hækkun persónuafsláttar.

Þá kemur fram í tilkynningunni að fækkun skattþrepa væri framfaraskref sem myndi draga úr neikvæðum áhrifum skattkerfisins á vinnuframlag og hvata til menntunar. Það er þó mat ráðsins að mikil hækkun persónuafsláttar sé ekki heppileg leið til lausnar á núverandi deilum. Ráðið telur að slík breyting myndi fjölga þeim sem greiða enga skatta og færa tekjuskattkerfið lengra í átt til aukinnar stigvaxandi skattbyrðar.

Viðskiptaráð telur að við lausn núverandi kjaradeilna sé brýnt að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðar missi ekki sjónar á því að hagfelld skilyrði fyrir aukinni verðmætasköpum séu best til þess fallin að bæta kjör launþega. Hluti af slíkum skilyrðum sé að einstaklingar hafi hvata til að auka við þekkingu sína og skapa þannig aukin samfélagsleg verðmæti. Almenn lækkun tekjuskattshlutfalla eða fækkun skattþrepa væri heppilegri leið til að að ná slíku markmiði. - ngy



**FAGNA SKATTALÆKKUNUM** Frosti Ólafsson er framkvæmdastjóri VÍ sem fagnar fækkun skattþrepa.


RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
LAGER HREINSUN



Electrolux
EOC-3430COX Ofn
XXL 74 lítra ofn **með brennslusjálfhreinsun**, klukku og kámfríu stáli.
✓ Pyrolyse brennslusjálfhreinsun brennir fitu/óhreindini upp við 500°C.
✓ 9 eldunarkerfi þ.á.m. ekta heitur blástur, grill ásamt undir- og yfirhita.
✓ Fullt verð kr. **139.900.**
PYRO LYSE
XXL 74 L
LAERHREINSUN KR.
99.900
SPARAÐU 40.000
Rafha
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500 www.rafha.is



SUMARTILBOÐ



LANDMANN
Avalon gasgrill
5 brennara
- Orka 22,8 KW = 78.000 BTU
- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- Innrauður ofurbrennari fyrir fullkomna Nautasteik
- Grillgrindur úr pottjárni
- Tvöfalt einangrað lok m. mæli
- Grillteinn og bakbrennari
- Innbyggður kjöthitamælir
- Gashella • Ljós í tökkum

229.900
FULLT VERÐ 249.900
VELDU GRILL SEM ENDAST OG ÞÚ SPARAR



LANDMANN
Triton gasgrill
3ja brennara
- Orka 10,5 KW = 36.000 BTU
- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- Kveiking í öllum tökkum
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok
- Postulínsemalerað efri grind
- Hitamælir
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
- Einnig til hvítt og vínrautt

Niðurfellanleg hliðarborð
89.900
FULLT VERÐ 99.900
Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is
Grillbúðin www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400
Opið á morgun 12 - 16
Opið virka daga kl. 11-18
Opið laugardaga kl. 11-16



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU




**HLUPU ÚT ÚR HÚSUM** Íbúar í Katmandú héldu út á opin svæði milli húsa þegar skjálftinn reið yfir í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Aftur skalf í Nepal

Tugir manna létust í Nepal, Indlandi og Tíbet. Óttast að tala látinna eigi enn eftir að hækka. Skjálftinn fyrir rúmlega hálfum mánuði var fimm sinnum stærri.

**NEPAL** Jarðskjálftinn í Nepal í gær mældist 7,3 stig og reið yfir skammt frá hlíðum Everestfjallsins. Meira en þúsund manns urðu fyrir meiðslum og tugir manna létust.

Mikil skelfing braust út og öngþveiti ríkti í borgum og bæjum landsins. Aðeins átján dagar eru frá því enn stærri skjálfti reið þar yfir og kostaði þúsundir manna lífið. Hundruð þúsunda heimila eyðilögðust í skjálftanum 25. apríl og í gær eyðilögðust fjölmörg hús til viðbótar.

Skjálftinn í gær varð 150 kílómetrum austar en skjálftinn fyrir hálfum mánuði. Nokkru minni eftirskjálfti varð svo enn austar og óttast er að keðjuverkun geti leitt af sér fleiri stóra jarðskjálfta áfram austur eftir flekaskilunum næstu mánuðina og árin.

Bandaríska landfræðistofnunin USGS telur líklegt að hundruð manna hafi látist í skjálftanum í gær.

Stofnunin styðst við tölur um íbúafjölda á hamfarasvæðunum og reiknar út líkur á mannfalli. Þegar skjálftinn mikli reið yfir 25. apríl spáði stofnunin því að hann myndi hafa kostað meira en tíu þúsund manns lífið. Í gær var tala látinna komin yfir átta þúsund.

UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, hefur sérstakar áhyggjur af örlögum barna á hamfarasvæðunum, en þau verða jafnan berskjaldaðri en aðrir íbúar þegar hamfarir af þessu tagi ríða yfir.

Að sögn UNICEF á Íslandi hafa góðar viðtökur verið við neyðarsöfnun fyrir börn í Nepal. Í gær höfðu 14,5 milljónir króna safnast.

Söfnunin er enn í fullum gangi og UNICEF hefur aukið dag frá degi við aðgerðir sínar á skjálftasvæðinu.

Stærstu skjálftar hér á landi hafa mælst um 7 stig, en stóru skjálftarnir undanfarna áratugi hafa allir verið um 6,5 stig.

gudsteinn@frettabladid.is

### FIMM STÓRIR SKJÁLFTAR






**BJARGAR BÓKUNUM SÍNUM** Drengur þessi leitaði í rústum heimilis síns að skólabókunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**14,5**

milljónir króna hafa nú safnast hér á landi í söfnun UNICEF fyrir börn í Nepal.




# Viltu vinna íbúð?

## 6 íbúðavinningar á happdrættisárinu að verðmæti 30 milljónir hver!

➤ **Nýtt happdrættisár framundan með enn glæsilegri skattfrjálsum vinningum**

- Sex 30 milljóna króna vinningar á tvöfaldan miða eða 15 milljónir króna á einfaldan miða

Drögum út 51 þúsund vinninga á árinu.
Heildarverðmæti vinninga er rúmur milljarður.

---

Miðaverð 1.500 kr. á mánuði fyrir einfaldan miða og 3.000 kr. fyrir tvöfaldan miða.

**Kauptu miða á www.das.is**
**eða í síma 561 7757.**

Fylgstu með okkur á Facebook




**DREGIÐ Í HVERRI VIKU**

ÍSLENSKA SIA.IS DAS 73611 04/15



**CHICAGO** Fimmtándi áfangastaður Icelandair í Norður Ameríku.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nýr áfangastaður Icelandair:

## Hefja áætlunarflug til Chicago

**SAMGÖNGUR** Icelandair ætlar að hefja áætlunarflug til Chicago í Bandaríkjunum í mars 2016 og verður flogið til og frá borginni allt árið um kring. Borgin verður fimmtándi áfangastaðurinn í Norður-Ameríku sem Icelandair býður upp á í leiðakerfi sínu. „Chicagosvæðið er rúmlega tíu milljóna manna markaður og með beinu flugi stefnum við að því að margfalda ferðamannafjöldann frá svæðinu til Íslands,“ segir framkvæmdastjóri Icelandair. - ngy

Skiptar skoðanir í Grindavík:

## Kynni íbúunum vindmyllugarð

**ORKUMÁL** „Í ljósi þess að skiptar skoðanir eru um uppbyggingu vindmyllugarðs í Grindavík, býður bæjarráð fulltrúum fyrirtækisins að halda opinn kynningarfund og kynna verkefnið fyrir íbúum Grindavíkur áður en málið verður unnið lengra,“ segir bæjarráð Grindavíkur vegna máls þýska fyrirtækisins EAB. EAB vildi byrja á vindmælingum og bæjarráðið samþykkti í apríl að bæjarstjórinn myndi „vinna málið áfram“ en vísar nú til umhverfis- og ferðamálanefndar bæjarins sem „hugnast ekki að byggður verði vindmyllugarður“. - gar

Ráð Harvard-hagfræðings:

## Auka þarf hlut starfsmanna

**EFNAHAGSMÁL** Ættu starfsmenn fyrirtækja aukinn hlut í þeim og fengju þeir stærri hlut af hagnaðinum gæti ójöfnuður í samfélaginu minnkað. Þetta er mat hagfræðingsins Richard B. Freemans sem starfar við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum.

Freeman hefur gert skýrsluna Workers ownership and profit-sharing in að new capitalist model fyrir sænska alþýðusambandið. Greint er frá þessu á viðskiptavef Sænska Dagbladsins. - ibs



**EIGINMAÐURINN SÓTTI STAÐFESTINGU** Hala fékk að lokum staðfestingu frá trúfélagi hér á landi. Eiginmaðurinn sótti hana.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




**ALDREI LENT Í ERFIÐLEIKUM** Saida hefur fengið að sitja fyrir með hijab án þess að biðja um staðfestingu frá 2001. Vinkona hennar, Hala, var hins vegar beðin um slíka staðfestingu. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJANA

### DÆMI UM HÖFUÐKLÚTA OG KLÆÐI MÚSLIMAKVENNA SLÆÐUR, BLÆJUR OG BÚRKUR



**Hijab:** Ferningslaga slæða sem þekur höfuð og háls. Andlit kvenna með hijab sést vel.

**Niqab:** Blæja sem hylur líkamann, hárið, og allt nema augun kallast Niqab, sem á arabísku þýðir gríma.

**Búrka:** klæði sem hylja nánast allan líkama kvenna einnig andlitið og augun.

© GRAPHIC NEWS

# Segja reglur Þjóðskrár brjóta í bága við trúfrelsi

Tvær múslimskar konur mótmæla því að mega ekki fá vegabréfsmynd með hijab, höfuðklút, án utanaðkomandi staðfestingar. Eiginmaður sótti staðfestingu fyrir konu sína. Sú hefði viljað votta sjálf um eigin trú.

**Kristjana Björg Guðbrandsdóttir**
kristjanabjorg@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** „Ég óska þess að stofnanir á Íslandi hætti að biðja múslimakonur að sanna trú sína með því að biðja aðra sem þekkja þær ekki neitt um staðfestingu. Trú mín kemur engum við nema hér. Hún er persónuleg,“ segir Hala Fadlyeh, sem var send frá Sýslumanninum í Kópavogi og beðin um að skila inn staðfestingu á að hún klæðist hijab, höfuðklút, vegna trúar sinnar. „Ég hafði beðið í klukkutíma eftir myndatöku en þegar röðin kom að mér var ég send út til þess að sækja gögn um trú mína.“

Hala bað vinkonu sína, Saida El Bouazzati, um hjálp. Saida hefur búið á Íslandi í nærri tvo áratugi og þekkir samfélagið vel. „Hala grét af áhyggjum og skildi ekki hvað var að gerast. Ég sjálf ber hijab í vegabréfi mínu og hef alltaf gert, ég hef aldrei verið beðin um þessa staðfestingu áður. Hvorki hér né annars staðar svo ég ákvað að leita skýringa á þessu. Ég hringdi til sýslumanns og þar fékkst það staðfest að hún þyrfti að skila inn gögnum um trú sína. Mér var bent á að tala við Þjóðskrá sem setur reglur um vegabréf og ég gerði það,“ segir Saida.

Svörin þar voru á sömu leið. Hér væru lög sem giltu um myndir í vegabréfum sem við þyrftum að fara eftir. En hvað þýða þessi lög og reglur? Að við þurfum að reiða okkur á utanaðkomandi staðfestingu? Að við þurfum að skrá okkur í trúfélag? Hvaða frelsi höfum við og hvaða réttindi, við erum ekki vissar lengur um það. Við höfum ekki heyrt um þessa breytingu á lögum og hefðum mótmælt þeim af krafti. Hvað næst? Þurfum við leyfi eiginmanna eða forsvarsmanna trúfélaga til að ferðast?“

### Tákn hógværðar og mildi

Hala segist stolt af því að búa á Íslandi. „Ísland er besta land í Skandinavíu og hér ríkir bæði trú- og kvenfrelsi. Ég held að það hafi gleymst að skoða réttindi múslimakvenna, það þarf að endurskoða þetta ferli. Ég óska þess,“ segir hún mildilega. Henni finnst óþægilegt að standa á sínu hvað þetta varðar. Hún ber hijab af mörgum ástæðum, hún er tákn hógværðar og mildi fyrir henni. „Hijab er alls staðar í heiminum, þetta er bara slæða sem er okkur mikilvægt trúartákn og hluti menningar okkar, fyrir okkur er þetta tákn um hógværð og við berum hana af því við viljum það.“

Saida segir marga halda að konur beri slæðuna til að hylja hár sitt. „Ég hef búið annars staðar og þetta hefur aldrei komið upp áður svo ég muni eftir. Við erum ekki í búrku, þetta er bara hijab og það sést mjög vel í alla andlitsdrætti. Við höfum aldrei heyrt um nokkuð svona áður.

Í mörgum arabalöndum þarf að tiltaka trú í vegabréfi og í mörgum arabalöndum er frelsi kvenna skert. Vill Ísland líka vera þjóðfélag sem krefst þess að aðrir tali fyrir hönd kvenna? Megum við ekki bara staðfesta okkar trú sjálfar? Vill íslenskt þjóðfélag að konur skrái sig í trúfélag án þess að vilja það? Megum við ekki ráða því sjálfar?“ spyr Saida.

Saida minnir á að þær eru Íslendingar og njóti sömu mannréttinda og aðrir. „Við erum Íslendingar líka. Við stöndum ekki utan samfélagsins. Mér finnst ekki rétt að neita okkur um vegabréf ef við viljum við ekki að aðrir staðfesti trú okkar fyrir okkur. “

### Erfitt að ferðast

Hala er upprunalega frá Sýrlandi og kom hingað fyrst árið 1996. Hún hefur búið á landinu með hléum. „Ég fæddi börnin mín þrjú hér á landi. Sú elsta er átján ára og synir mínir tveir eru 15 og 16 ára. Það gengur vel hjá okkur. Það eru mikil vandamál í heiminum í dag, litla systir mín býr í Sýrlandi þar sem ástandið er mjög ótryggt. Það er langt síðan ég hef ferðast til Sýrlands, ég vil frekar að systir mín fái að koma til mín. Ég sé fyrir henni, fer í bankann í hverjum mánuði og sendi henni peninga. Foreldrar okkar eru látnir en ég fæ samt ekki að óska þess að hún fái að koma hingað til lands. Það verður sífellt erfiðara að ferðast vegna ástands í arabalöndunum.“

Saida útskýrir að konur geti vel lent í erfiðleikum á ferðalögum án hijab. „Þetta er ekki aðalatriði, í langflestum tilvikum er auðvelt að ferðast um. En það getur komið fyrir að ef við erum með vegabréf án hijab en það eru kannski myndir af okkur í kerfinu með hijab að það vakna spurningar. Hvers vegna er hún ekki með hijab í vegabréfinu? Er hún að villa á sér heimildir? Þetta getur gerst.“

> **Ísland er besta land í Skandinavíu og hér ríkir bæði trú- og kvenfrelsi. Ég held að það hafi gleymst að skoða réttindi múslimakvenna, það þarf að endurskoða þetta ferli. Ég óska þess.**
> *Hala Fadlyeh.*

Saida hefur sjaldan lent í erfiðleikum. Það var hins vegar í Leifsstöð sem henni sárnaði framkoma í eftirliti gagnvart aldraðri móður hennar. „Hún var með hijab og orðin háöldruð. Þeir vildu leita á henni og ég bað þá vinsamlegast að fara með hana í annað herbergi. Þar var hún látin fara úr öllu nema brjóstahaldaranum. Greyið mamma, henni sárnaði svo mikið að hún hefur aldrei viljað koma til Íslands síðan.“

### Erfitt að fá vinnu með hijab

Það er ekki eingöngu í stofnunum ríkis sem þær finna fyrir fordómum. Þær segja þekkt að konur með hijab eigi erfitt með að fá vinnu. „Við fáum síður vinnu með hijab. Við erum beðnar um að taka niður slæðuna ef við viljum fá vinnu. En þetta er bara slæða. Íslenskar verkakonur báru höfuðklúta við vinnu í gamla daga. María mey er með hijab!“ segir hún og skellir upp úr. „Ég skil ekki hvers vegna þetta þykir svona háalvarlegt. Mér finnst skrítið hversu illa Íslendingum er við höfuðklútana sem eru einstaklega hentug höfuðföt í svona köldu veðri,“ segir Saida.




www.hyundai.is
5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur
Hyundai i20
Nýr Hyundai i20
reddot award 2015
winner car design
Nýr Hyundai i20 hlýtur hin eftirsóttu RedDot hönnunarverðlaun!
Hyundai i20 var fyrir skömmu valinn best hannaði nýi bíllinn í sínum flokki 2015. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.
Komdu og kynntu þér nýjan Hyundai i20 Classic eða Comfort með sparneytinni bensín– eða dísilvél sem notar einungis 3,6 l/100 km í blönduðum akstri.
Nýr Hyundai i20 - Verð frá 2.450.000 kr.
GE Bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilaka.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurl.
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
iB ehf.
Selfossi
www.ib.is
490 9090
HYUNDAI
Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 74430 05/15

## Nýr áfangastaður 2016

# CHICAGO




Chicago er þriðja stærsta borg Bandaríkjanna. Þessi glæsilega hafnarborg á bökkum Michigan-vatns í Illinois-fylki hefur ótalmargt að bjóða enda suðupottur menningarlífs, tónlistar, vísinda og verslunar. Það er ljúft að spóka sig í miðbænum innan um skýjakljúfa, skella sér á ströndina eða velja sér af hlaðborði veitingastaða á búðarápinu. Njóttu þess að versla áhyggjulaus. Nú er gott að geta haft með sér tvær töskur til Bandaríkjanna.



+ icelandair.is

Vertu með okkur

ICELANDAIR

## ➜ Þekktir taugasjúkdómar

**FLOGAVEIKI**
Algeng truflun á taugaboðum í heila. Upptök eiga sér stað í heilanum en þar eru um 100 milljarðar taugafrumna sem senda frá sér rafboð. Ef tímabundin truflun verður á eðlilegri starfsemi þeirra verður afleiðingin flog af einhverju tagi. Flog einkennast af röskun á hreyfingu, skynjun, atferli, tilfinningu og/eða meðvitund. Einstaklingur sem hefur tilhneigingu til að fá endurtekin flog. Flestir sem greinast eru börn og unglingar en einnig er stór hópur fólks sem komið er yfir miðjan aldur.

**HEILABLÓÐFALL**
Afleiðing skyndilegrar og varanlegrar truflunar á blóðflæði til heilasvæða af völdum æðasjúkdóma. Blóðflæðistruflunin getur orsakast af stíflu í heilaslagæð af völdum blóðtappa eða því að æð brestur og blæðir í heilavefinn. Í báðum tilvikum líða heilafrumur, sem æðin nærir, súrefnisskort auk skorts á öðrum nauðsynlegum næringarefnum. Hluti heilafrumnanna deyr, en starfsemi annarra raskast. Stundum koma einkenni um heilablóðfall einungis fram í stuttan tíma og er þá talað um skammvinna blóðþurrð í heila.
Fleiri karlar en konur fá heilablóðfall hérlendis og það er þriðja algengasta dánarorsökin á Íslandi.

**MND**
Banvænn sjúkdómur sem ágerist venjulega hratt og herjar á hreyfitaugar líkamans sem flytja boð til vöðvanna. Af honum leiðir máttleysi og lömun í handleggjum, fótleggjum, munni, hálsi o.s.frv. Að lokum er um algera lömun að ræða. Vitsmunalegur styrkur helst þó óskaddaður. Líftími sjúklinga eftir að þeir fá sjúkdóminn er frá 1-6 ár en sumir lifa lengur.

**MS**
Langvinnur bólgusjúkdómur í miðtaugakerfinu. Ónæmiskerfið ræðst á myelín, sem er verndandi fitulag sem umlykur taugaþræði og ræður hraða og virkni taugaboða. Afleiðing ofnæmisviðbragðanna felst í örum eða sárum á myelínínu sem með tímanum hafa áhrif á leiðni taugaboða þannig að boð um til að mynda hreyfingu, tal eða hugsun truflast og ná illa eða alls ekki fram til viðeigandi líkamshluta og einkenni sjúkdómsins koma þannig fram. Örin geta verið mörg og víðs vegar um miðtaugakerfið. MS er einn algengasti taugasjúkdómurinn á meðal ungs fólks og er tvöfalt algengari meðal kvenna heldur en karla. Til eru ýmsar tegundir MS-lyfja við kastaformi MS sem hemja sjúkdómsvirkni og að öllum líkindum framþróun sjúkdómsins með því að koma í veg fyrir köst eða a.m.k. fækka þeim. Hins vegar eru ekki til lyf við versnandi MS þar sem ekki er enn vitað hvað veldur einkennum og fötlun án sýnilegrar bólgu í miðtaugakerfinu.

**MÆNUSKAÐI**
Skaði á mænutaugum eða mænu. Mænuskaði er iðulega afleiðing af áverka eða höggi með þeim afleiðingum að mænan kremst og merst þegar brotinn eða hreyfður hryggjarliður þrýstir á hana, þá skaðast taugafrumur sem bera skilaboð upp og niður mænu milli heila og líkama. Mænuskaði hefur áhrif á líkamsstarfsemi fyrir neðan svæðið sem verður fyrir skaða.

**PARKINSONVEIKI**
Hægfara hnignun í þeim hluta miðtaugakerfisins sem stýrir og samhæfir líkamshreyfingu. Helstu einkenni veikinnar eru skjálfti, hægar hreyfingar og vöðvastirðleiki. Önnur einkenni eru m.a. stífni, trufluð líkamsstaða (álút líkamsstaða), tilhneiging til að festast í ákveðinni líkamsstöðu, truflun á jafnvægi, talörðugleikar.

**TAUGAKERFID.IS**
Með átakinu er lagt fram að að „aukinn skilningur á virkni taugakerfisins“ verði samþykktur sem sjálfstætt þróunarmarkmið hjá Sameinuðu þjóðunum í september næstkomandi og að aðildarþjóðir Sameinuðu þjóðanna samþykki að leggja í sjóð vissa fjárupphæð árlega til ársins 2030. Féð skuli notað til að koma á fót alþjóðlegum starfshópi taugavísindamanna frá viðurkenndum háskólum víða um heim.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðu átaksins taugakerfid.is

## STATTU MEÐ TAUGAKERFINU

Mænuskaðastofnun Íslands, SEM samtök endurhæfðra mænuskaddaðra, MS félagið, MND félag Íslands, Lauf félag flogaveikra, Heilaheill, Geðhjálp og Parkinsonfélagið óska eftir stuðningi íslensku þjóðarinnar við beiðni þeirra til aðalritara Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-moon, um að mæla fyrir því við fulltrúa aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna að þær samþykki að bæta við nýju þróunarmarkmiði sem snýr að því að efla rannsóknir á taugakerfinu og auka á þann hátt skilning á starfsemi þess.



BAN KI-MOON

**ÚR BRÉFINU**

*Það er von íslensku þjóðarinnar að Sameinuðu þjóðirnar svari á jákvæðan hátt beiðni hennar um að bæta við nýju þróunarmarkmiði sem snýr að auknum rannsóknum á taugakerfi mannslíkamans og lækningu á fjölda taugasjúkdóma og skaða í taugakerfinu. Markmiðið er að finna lækningu á öllum taugasjúkdómum og sköðum í taugakerfinu. Meginástæða þess hve erfiðlega gengur að finna lækningu við til dæmis mænu- og heilasköðum og taugasjúkdómum er sú að vísindasamfélagið hefur takmarkaðan skilning á virkni taugakerfisins. Það er því verðugt verkefni fyrir Ísland að beita áhrifum sínum til vitundarvakningar og aðgerða á þessu sviði.*



**PASSAR VEL UPP Á SIG** Björg greindist með MS-sjúkdóminn þegar hún var 24 ára. Henni hefur gengið vel að lifa með sjúkdómnum en hefur líka þurft að færa fórnir, eins og að hætta spila fótbolta. Hún passar sig að hlusta vel á líkamann og keyra sig ekki út. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Óvissan er það versta

**Björg Ásta Þórðardóttir greindist með MS-sjúkdóminn árið 2009. Hún þarf að laga líf sitt að sjúkdómnum. Hún segir verst að vita ekki hvernig sjúkdómurinn muni þróast þó hún reyni að hugsa ekki um það.**




Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is


**HEILBRIGÐISMÁL** „Það væri auðvitað óskandi að maður gæti séð fyrir endann á þessu á einhverjum tímapunkti. Miðað við þróunina sem hefur verið þá er hægt að halda þessu niðri en það væri óskandi ef það væri hægt að eyða þessu alveg,“ segir Björg Ásta Þórðardóttir.

Hún er þrítugur lögfræðingur sem greindist með MS-sjúkdóminn árið 2009. Björg hafði æft fótbolta frá því hún var ung stúlka og spilaði meðal annars með kvennalandsliðinu um tíma. Það var á æfingu með meistaraflokki Vals sem hún fann fyrst fyrir einkennum.

„Það var eins og það væri móða yfir hægra auganu sem fór ekki,“ segir Björg, sem var greind með sjóntaugarbólgu og í kjölfarið MS-sjúkdóminn. Björg þurfti í framhaldinu að hætta í fótbolta og breyta lífi sínu.

„Það var erfitt að finna taktinn til að byrja með. Ég þurfti strax að draga úr hreyfingu og er enn að venjast því hvernig á að finna taktinn. Ég þarf að hlusta betur á líkamann en ég gerði. Ég get alls ekki keyrt mig út og þarf að stilla öllu álagi í hóf.“

Björg hefur verið á MS-lyfjum en hefur verið lyfjalaus undanfarna mánuði en fer brátt á ný lyf. Ekki er til lækning við MS-sjúkdómnum en hægt er í mörgum tilfellum að halda einkennum niðri með lyfjagjöf.

Veikindin hrjá Björgu þó ekki mikið dagsdaglega ef hún passar upp á sig. „Ég finn fyrir svolítilli þreytu og kannski stundum einstaka svona draugaverkjum. Það er ef maður er undir miklu álagi líkamlega eða í vinnunni eða eitthvað slíkt. Þá getur maður fengið taugakippi sem svo hverfa, tímabundin einkenni.

Björg segir óvissuna kannski vera hvað erfiðasta. Þeir sem eru með sjúkdóminn vita ekki hvernig hann muni þróast. „Það er þessi óvissa sem maður reynir að hugsa sem minnst um en er auðvitað alltaf með bak við eyrað,“ segir Björg. „Þetta er svo einstaklingsbundinn sjúkdómur. Sumir koma illa út úr honum en aðrir ná að halda honum að miklu leyti niðri. Ég vonast til að þessi lyf sem maður hefur verið að taka haldi honum niðri og komi í veg fyrir að það verði auknar skemmdir,“ segir hún og útskýrir að MS-sjúkdómnum fylgi köst, sem geta orsakað skemmdir á heila eða mænu, í sumum tilfellum varanlegar en stundum tímabundnar. Sumir fá köst oftar en aðrir en hún er í þeim hópi sem fær sjaldan köst.

„Ég hef fengið eitt stórt kast og það var þegar ég fékk sjóntaugabólguna. Síðan hef ég fengið minni köst sem hafa lýst sér sem máttleysi í fótum, doða í húð en engin alvarleg köst sem hafa haft mikil áhrif.“

> **„Það er þessi óvissa sem maður reynir að hugsa sem minnst um en er auðvitað alltaf með bak við eyrað.**
>
> *Björg Ásta Þórðardóttir.*

Björg telur afar mikilvægt að efla rannsóknir á taugasjúkdómum og átakið Stattu með taugakerfinu sé mikilvægur þáttur í því. „Það hefur verið mikil þróun í þessum málaflokki. Það er mikill hagur í því að því að hafa þessa einstaklinga úti í samfélaginu, og draga úr líkum á því að við verðum fyrir þessum skemmdum, eftir því sem sú forvörn gerist fyrr, því minni líkur eru á að við hættum á vinnumarkaði eða verðum óvirk.“

## Staðreyndir um taugasjúkdóma

**3.000** Um 3.000 Íslendingar eru með flogaveiki en í heiminum eru það um 50 milljónir manna. 2,5 milljónir greinast árlega með flogaveiki.

**600** Um 600 einstaklingar fá heilablóðfall á Íslandi árlega. Meðalaldur þeirra er tæplega 70 ár og er þorri sjúklinga eldri en 65 ára. Á hverju ári fá um 15 milljónir einstaklinga á heimsvísu heilablóðfall og fimm milljónir af þeim deyja og fimm milljónir hljóta varanlegan skaða eða lömun. Helsta orsök heilablóðfalls er hár blóðþrýstingur en talið er að hann leiði til heilablóðfalls hjá tæplega 13 milljónum einstaklinga ár hvert.

**10** Á hverju ári greinast u.þ.b. tíu manns með MND. Talið er að árlega greinist 400 þúsund manns með sjúkdóminn og yfir 100 þúsund manns deyi vegna hans en enn er ekki til lækning við honum.

**25** Um 25 manns greinast árlega með MS á Íslandi, oftast á aldrinum 20-40 ára, en talið er að um 450 manns séu með sjúkdóminn hér á landi. Á heimsvísu eru um þrjár milljónir með MS.

**600** Um 600 parkinsonsjúklingar eru á Íslandi og um 8-10 milljónir á heimsvísu. Algengast er að sjúkdómseinkenni komi fram hjá fólki á aldrinum 50-70 ára.

**500** Áætlað er að um 500 þúsund manns hljóti mænuskaða á hverju ári.

**20** Meðalaldur þeirra sem skaddast á mænu er um 20 ár.





Range Rover Sport kostar frá 14.750.000 kr. með 258 hestafla dísilvél sem togar 600 Nm og eyðir einungis 7,3 l/100 km í blönduðum akstri miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

Leita þarf allra ráða til að leysa vandann:

# Sameina þarf kjaraviðræður

Samtök atvinnulífsins kölluðu eftir því í Fréttablaðinu í gær að verkalýðshreyfingin sameini sig í þeim kjaraviðræðum sem í gangi eru þannig að þær nái bæði til almenna vinnumarkaðarins og hins opinbera. „Ég held að svona snúin staða leysist aldrei öðruvísi en náist að eyða ákveðinni tortryggni, sem ríkt hefur á milli aðila, með því að menn komi þá bara sameiginlega að borðinu,“ sagði Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Fjármálaráðherra hefur áður kallað eftir þjóðarsátt

Staðan er sú að 165 kjarasamningar eru lausir á þessu ári. Þeir taka bæði til almenna vinnumarkaðarins og hins opinbera. Ríkissáttasemjari segist ekki muna eftir öðru eins, tugir þúsunda launþega séu í þeim félögum sem hafa ákveðið að fara í verkfall eða leitað heimilda til þess.



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Borið er í bakkafullan lækinn ef bent er á afleiðingar þessara aðgerða sem nú þegar hafa gert vart við sig. Fréttastofa Stöðvar 2 greindi í gær frá konu sem ekki hafði komist í eftirlit vegna krabbameinsmeðferðar. Sögur í þessa veru eru fleiri og þær eru átakanlegar. Mannslífin verða illa metin til fjár. Fjárhagslegt tjón er samt sem áður einnig staðreynd og verður meira eftir því sem verkfallsaðgerðirnar harðna.

Í gær var greint frá því að Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hafi fengið drög að tilboði sem félagið ætlar sér að liggja yfir í viku. Boðað verkfall hjúkrunarfræðinga hefst svo þann 27. maí. Samtök atvinnulífsins hafa lagt fram tilboð til Starfsgreinasambandsins, iðnaðarmanna, VR og Flóabandalagsins og BHM fékk einnig óformlegt tilboð frá ríkinu í vikunni.

Flestir hafa samúð og skilning á kröfum verkalýðsfélaganna þess efnis að lægstu laun séu hækkuð og að fólk geti framfleytt sér á dagvinnulaunum. Samtök atvinnulífsins halda því fram að slík krafa sé aldrei svo einföld. Hækkun lægstu launa sé ekki eina krafan heldur hækkun yfir línuna – launaskrið. Nokkurs konar höfrungahlaup sem endi með því að hækkanir eru orðnar innistæðulausar og ábatinn af hærri launum verði að lokum enginn.

Það er ljóst að ástandið er orðið slíkt að harmakvein atvinnurekenda með beiðni um sameinaðar kröfur verkalýðsfélaganna er ekki að ástæðulausu. Það sér hver maður að 40 mál á borði ríkissáttasemjara er vægast sagt meira en góðu hófi gegnir. Hvaða verkalýðsforingi ætlar að verða fyrstur til að semja og bera slíkan samning undir félagsmenn sína og eiga á hættu að næsta félag nái betri samningum en hann? Það vill enginn ganga frá samningum af ótta við að aðrir muni beita ýtrustu úrræðum til að fá meira.

Staðan er snúin og kallað hefur verið á aðkomu ríkisins. Í Fréttablaðinu í gær sagði Þorsteinn að ríkið hefði nú þegar lýst vilja til að koma að lausn, svo sem með skattkerfisbreytingum og breytingum á húsnæðismarkaði.

Einhver þarf að höggva á þennan rembihnút. Pressan hefur verið á atvinnurekendum og stjórnvöldum hingað til. Nú er komið að verkalýðshreyfingunni að stíga skref í átt til sáttar og reyna að liðka fyrir lausn. Sé sameining viðræðnanna lausnin verður að sameina þær. Það er ábyrgðarhluti að gera það ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Uppnefni og virkjanakostir

Þingstörf voru með hefðbundnu sniði í gær. Minnihlutinn fór fram á breytingu á dagskrá sem var felld, ræddi fundarstjórn forseta í dágóðan tíma og benti á að ekki væri á þau hlustað.
Þó má með sanni segja að stóra málið á þingi í gær hafi verið uppnefni sem Róbert Marshall skellti fram í ræðustól þingsins. Uppnefnið fór fyrir brjóstið á formanni þingflokks Sjálfstæðisflokksins svo hún sá sig knúna til að koma í ræðustól og gagnrýna munnsöfnuð Róberts.



### Friðjón og kommarnir

Í áranna rás hafa ýmis orð fallið á þingi sem hafa farið misvel í þjóð og þingheim. Róbert notaði þó ekki orð eins og „gunga“ og „drusla“ til að lýsa hugsunum sínum í garð formanns atvinnuveganefndar. Það sem fór svo fyrir brjóstið á þingflokksformanninum var einfalt. Í miðjum ófriðnum á þingi um rammaáætlun og breytingu á virkjanakostum var Jón kallaður „Friðjón Gunnarsson“.



### Misbauð kímnigáfu hennar

„Það er þegar háttvirtur þingmaður leyfir sér hér að kalla þingmenn einhverjum nöfnum sem þeir ekki heita,“ sagði Ragnheiður og var mikið niðri fyrir.
Róbert taldi nú líklegt að þetta myndi ekki raska svefni háttvirts þingmanns Jóns Gunnarssonar og benti á að hann hafi sjálfur kallað hann kommúnista í þrígang hér á árum áður. „En ég bið hins vegar háttvirtan þingmann Ragnheiði Ríkharðsdóttur afsökunar á því að hafa misboðið kímnigáfu hennar“ -sa

## HALLDÓR




# Mótmælum rofi á rammaáætlun!

UMHVERFISMÁL



Guðmundur Ingi Guðbrandsson
framkvæmdastjóri Landverndar

Alþingi hefur nú til umfjöllunar tillögu meirihluta atvinnuveganefndar sem gerir ráð fyrir að færa virkjanahugmyndir við Skrokkköldu á Sprengisandi, Hagavatn sunnan Langjökuls og í neðrihluta Þjórsár í orkunýtingarflokk rammaáætlunar. Þetta gefur orkufyrirtækjum skotleyfi á umrædd landsvæði án þess að nokkur þessara virkjana hafi hlotið fullnægjandi málsmeðferð sem lög mæla fyrir um. Ég spyr hvort fólk sætti sig við þetta og telji vinnubrögð sem þessi líkleg til sátta um orkunýtingu í landinu? Hvað segir umhverfisráðherra? Hvað segir forstjóri Landsvirkjunar? Hvað segir formaður Samtaka ferðaþjónustunnar? Hvað segir þú lesandi góður?

Lög um rammaáætlun kveða á um skýrt verklag. Umhverfisráðherra ber að leggja tillögur um flokkun virkjanahugmynda fyrir Alþingi. Í þessu máli hefur það ekki verið gert nema um eina hugmynd í neðrihluta Þjórsár, Hvammsvirkjun. Faghópar eiga að meta verðmæti svæða og áhrif virkjana á þau, gefa þeim stig og raða eftir verðmætum á þessum forsendum. Vorið 2013 tók ný verkefnisstjórn rammaáætlunar til starfa og vinnur nú að 3. áfanga áætlunarinnar. Í endurskoðun hennar á flokkun virkjanahugmynda í neðrihluta Þjórsár var engri stigagjöf beitt og enginn samanburður fékkst við aðrar virkjanahugmyndir. Faghópar í núverandi áfanga hafa ekki enn metið Skrokkköldu- og Hagavatnsvirkjun en vinnu þeirra ber lögum samkvæmt að leggja til grundvallar mati verkefnisstjórnar á hverjum tíma. Alþingi getur tæpast fært þessar virkjanahugmyndir til án þess að þessi vinna hafi farið fram. Áhöld eru því um hvort tillagan standist hreinlega lög.

Burtséð frá lagalegum atriðum er ljóst að verði tillaga meirihluta atvinnuveganefndar að veruleika felur það í sér alvarlegt rof á tilraun til sátta um orkunýtingu í landinu. Rammaáætlunarferlinu yrði hreinlega kastað fyrir róða. Á nýafstöðnum aðalfundi Landverndar var skorað á alþingismenn að fresta ákvörðun um þessar fimm virkjanahugmyndir og fella þær inn í niðurstöður 3. áfanga rammaáætlunar sem kunngerðar verða eftir einungis eitt ár. Þar með fengist raunverulegur samanburður virkjanahugmynda til grundvallar flokkun þeirra í verndar- og orkunýtingarflokk.

Nú dugar ekkert minna en að slá í potta og pönnur á Austurvelli til verndar hálendinu og rammaáætlunarferlinu. Skilaboð okkar eru skýr: Vér mótmælum öll!

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Verndum heilsu barnshafandi kvenna og ófæddra barna

**KJARAMÁL**

**Karitas Ívarsdóttir** ljósmóðir
**Ósk Ingvarsdóttir** fæðingalæknir
**Ragnheiður Bachmann** ljósmóðir
**Ragnheiður I. Bjarnadóttir** fæðingalæknir
Starfsfólk mæðraverndar, Þróunarsviði Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Nú hefur verkfall BHM staðið í fimm vikur og sér ekki fyrir endann á því. Við sem stöndum að mæðravernd í heilsugæslunni höfum af þessu verulegar og vaxandi áhyggjur.

Verkfall ljósmæðra sem starfa á Kvennadeild LSH hefur orðið til þess að fresta hefur þurft ómskoðunum, framköllunum fæðinga og fyrirfram ákveðnum keisaraskurðum. Þetta veldur skjólstæðingum okkar óþægindum og áhyggjum. Ljósmæður í heilsugæslunni hafa hingað til aðeins farið í hálfsdags verkfall en fari þær í frekara verkfall versnar ástandið enn.

Í verkfalli lífeindafræðinga hefur ekki verið skimað fyrir sýkingum í upphafi meðgöngu eins og venja er. Ekki hefur heldur verið skimað fyrir meðgöngusykursýki eða vanstarfsemi skjaldkirtils hjá konum í áhættuhópum en greining og meðferð þessara sjúkdóma snemma á meðgöngutíma geta komið í veg fyrir alvarleg áhrif þeirra á heilsu og þroska ófædda barnsins. Þessar skimanir eru brýnar fyrir heilsu barnshafandi kvenna og ófæddra barna þeirra og eru einn af hornsteinum mæðraverndar. Afleiðingar þess að ekki er skimað fyrir ákveðnum sjúkdómum á meðgöngu geta verið ófyrirséðar og jafnvel valdið óafturkræfum skaða með tilheyrandi kostnaði fyrir samfélagið.

Á Íslandi hefur heilsufar barnshafandi kvenna og ungbarna verið með því besta sem þekkist í heiminum. Má í því sambandi benda á nýjustu skýrslu „Save the Children“ en þar kemur fram að Ísland er í þriðja sæti yfir þau lönd þar sem best er að vera móðir.

Það er afleitt að starfsfólk mæðraverndar í heilsugæslu geti ekki fylgt þeim klínísku tilmælum og verklagsreglum sem byggðar hafa verið upp á síðastliðnum árum og hafa m.a. stuðlað að því að árangur í mæðravernd er eins góður og raun ber vitni. Leggjum ekki heilsu barnshafandi kvenna og ófæddra barna í hættu með því að draga verkfallið á langinn. Við skorum á deiluaðila að ná samningi sem fyrst. Glötum ekki þeim góða árangri í mæðravernd sem við höfum státað af hér á landi.

**→ Afleiðingar þess að ekki er skimað fyrir ákveðnum sjúkdómum á meðgöngu geta verið ófyrirséðar og jafnvel valdið óafturkræfum skaða með tilheyrandi kostnaði fyrir samfélagið.**

# Tvíeggjað sverð

Fregnir um að lífi sjúklinga sé stefnt í hættu vegna þess að þeir fá ekki viðeigandi meðferð vegna verkfalla vekja óhug. Sérfræðingur í krabbameinslækningum segir að fáist ekki nauðsynlegar undanþágur kunni svo að fara að það kosti mannslíf. Nauðsynlegar undanþágur hljóta því að verða veittar tafarlaust.

**KJARAMÁL**



**Elín Hirst**
alþingismaður

Neyðarástand hefur ríkt á svínabúum því ekki er hægt að slátra dýrunum en þegar dýrin stækka og þyngjast leiðir það til svo mikilla þrengsla í stíum svo dýrin hafa ekki rými til að hreyfa sig. Það er óhæft. Þessi staða sýnir einnig glöggt hve þröngt er um eldisdýrin við venjulegar aðstæður sem veldur áhyggjum.

Eðli verkfalla er því miður þannig að oft bitna þau ekki síður á öðrum en þeim sem vinnudeilan beinist að, auk þess sem verkföll ólíkra starfsstétta hafa misalvarleg áhrif á gangverk samfélagsins. Þess vegna er verkfallsvopnið beitt og um leið vandmeðfarið. Auðvitað eiga sjúkir og þurfandi að vera í algerum forgangi þegar verkfallsástand ríkir, eins og nú er. Yfirleitt sýna menn mannúð og skilning og veita nauðsynlegustu undanþágur á meðan á verkföllum stendur, en núverandi staða er þó þannig að ekki er hægt að halda uppi bráðnauðsynlegri heilbrigðisþjónustu. Sú staðreynd hlýtur einnig að taka mjög mikið á þá sem eru í verkfalli og vita af vaxandi vandræðum og neyð þeirra sem síst skyldi.

Verkföll hljóta að vera þrautalending, þar sem svo mikið er lagt undir og svo miklu fórnað og þau verða að skila þeim sem hana heyja árangri. Um það er varla deilt lengur að það sem skiptir langmestu máli er að tryggja kaupmátt þeirra launa sem fólk aflar. Fjarstæða er að láta það henda að knýja fram „of miklar launahækkanir“ sem brenna samstundis upp á verðbólgubáli. Við Íslendingar þekkjum þannig „kjarabætur“ af biturri reynslu. Til að verja kaupmáttinn er því lykilatriði að þeir kjarasamningar sem nú er verið að reyna að ná verði gerðir með það að markmiði að halda þeim stöðugleika sem nú ríkir í efnahagskerfinu.

**→ Eðli verkfalla er því miður þannig að oft bitna þau ekki síður á öðrum en þeim sem vinnudeilan beinist að, auk þess sem verkföll ólíkra starfsstétta hafa misalvarleg áhrif á gangverk samfélagsins.**



# Stórir sem smáir sigrar

SAMFÉLAG



**Sæunn Stefánsdóttir**
formaður stjórnar Hlutverkaseturs

Fyrir rúmum áratug kynnti hópur iðjuþjálfa, fólks með reynslu af geðsjúkdómum og fólks úr atvinnulífi, hugmyndafræði um valdeflingu í verki í þjónustu við fólk með geðraskanir. Hugmyndafræðin og þjónustuúrræði byggð á henni voru kynnt stjórnmálamönnum og embættismönnum hjá ríki og borg sem og hverjum þeim sem vildi heyra. Það varð mér til happs að kynnast þessum frumkvöðlum og ég, eins og aðrir sem á vegi þeirra urðu, hreifst af eldmóði þeirra, manneskjulegri sýn á lífið og bjartsýni sama á hverju gekk.

Fyrir áratug var hugmyndafræðin um valdeflingu í verki ekki ríkjandi stefna eins og nú er orðið. Brautryðjendurnir áttu þann draum að koma á fót virknimiðstöð sem myndi bjóða fólki upp á umhverfi sem stuðlaði að bata þess, yki virkni, byði upp á störf við hæfi og styddi síðan við fyrstu skref þess á atvinnumarkaði. Fyrir 10 árum varð draumurinn að veruleika með stofnun Hlutverkaseturs sem í dag fagnar afmæli sínu. Hlutverkasetur býður upp á umgjörð, hvatningu og stuðning fyrir þá sem vilja viðhalda virkni á markvissan hátt eða auka lífsgæðin en eru utan vinnumarkaðar. Starfsmenn og notendur Hlutverkaseturs vinna saman að því markmiði að viðhalda eða efla sjálfsmynd gegnum námskeið, verkefni, fræðslu og umræður.

### Hlutverk sem gefa lífi tilgang og þýðingu

Krafan um gæði og árangur er í rík í starfi Hlutverkaseturs enda um að ræða starfsemi sem byggir mestmegnis á framlögum opinberra aðila. Það er óhætt að segja að starfið hafi gefið góða raun en það er ekki síst fyrir tilstilli þess samfélags sem verður til á hverjum tíma í Hlutverkasetri. Notendur þjónustunnar og starfsfólk mynda samfélag ásamt mörgum fyrrverandi notendum þar sem fólk kemur til að hjálpa sér sjálft og um leið að hjálpa öðrum. Sigrar, stórir sem smáir hafa verið margir, sigrar einstaklinga á sínum veikindum og aðstæðum.

**➜ Hlutverkasetur býður upp á umgjörð, hvatningu og stuðning fyrir þá sem vilja viðhalda virkni á markvissan hátt eða auka lífsgæðin en eru utan vinnumarkaðar.**

Starfsfólk, notendur og stjórn Hlutverkaseturs þakka þann stuðning og traust sem hið opinbera sýnir með samstarfssamningi við Vinnumálastofnun, atvinnulífið með samstarfssamningi við Virk og sveitarfélagið Reykjavíkurborg með samstarfssamningi sínum. Þá á Hlutverkasetur afar gott samstarf við systurstofnanir, geðsvið LSH, velferðarsvið borgarinnar, starfsendurhæfingarstöðvar og félagasamtök sem er okkur afar dýrmætt.

Vinir og velunnarar Hlutverkaseturs, verið hjartanlega velkomin til 10 ára afmælisfagnaðarins í dag milli 15 og 17 í Borgartún 1, sem og á þá mánaðarlegu viðburði á afmælisári Hlutverkaseturs sem framundan eru. Virk samfélagsþátttaka, að sinna hlutverkum sem gefa lífinu tilgang og þýðingu, jákvæðni og kímni er leiðarljós Hlutverkaseturs og verður dagskrá afmælisársins einnig í þeim anda. Verið með!

# Hvað gera ljósmæður í meðgönguvernd?

KJARAMÁL



**Bergrún Svava Jónsdóttir**
ljósmóðir á heilsugæslustöðinni í Árbæ



**Steina Þórey Ragnarsdóttir**
ljósmóðir M.S. á Ljósmæðravakt HSS

Ljósmóðir er eitt elsta starfsheiti kvenna á Íslandi og er löng hefð fyrir því að ljósmæður annist konur í barnseignarferlinu. Samkvæmt Alþjóðasamtökum ljósmæðra er ljósmóðir sú sem gegnir mikilvægu hlutverki í heilbrigðisfræðslu og ráðgjöf ekki aðeins fyrir konur, heldur einnig fyrir fjölskylduna og þjóðfélagið í heild.

Í hlutverki ljósmóður felst fræðsla á meðgöngu, undirbúningur fyrir foreldrahlutverkið, einnig fræðsla um heilbrigði og kynheilbrigði kvenna ásamt umönnun barna. Ljósmóðir getur starfað hvar sem er, meðal annars í heimahúsum, úti í samfélaginu, á sjúkrahúsum, á stofum eða á heilsugæslustöðvum. (Alþjóðasamtök ljósmæðra ICM, Brisbane, Ástralíu 19. júlí, 2005.) Ljósmæður sinna konum á meðgöngu, aðstoða þær í fæðingum og annast þær og nýburann á sængurlegutímanum. Í hugum margra eru störf ljósmæðra að langmestu leyti tengd barnsfæðingum en réttara er að ljósmæður sinna starfi á mun breiðari vettvangi.

Samkvæmt leiðbeiningum Landlæknis um meðgönguvernd á konum í eðlilegri meðgöngu að standa til boða að vera í meðgönguvernd hjá ljósmæðrum. Á flestum heilsugæslustöðvum á Íslandi eru starfandi ljósmæður í meðgönguvernd sem sinna þunguðum konum ásamt heimilislæknum. Í meðgönguverndinni kynnast þær konum vel og ná þar að skima fyrir helstu meðgöngukvillum. Þegar kemur að fæðingunni eru ljósmæður til staðar til að aðstoða konuna og veita stuðning og styrk í hríðunum og taka oftast á móti barninu þegar það kemur í heiminn. Í sængurlegunni og í heimaþjónustu aðstoða ljósmæður konur og fjölskyldur við að takast á við þau ýmsu verkefni sem fylgja breyttu fjölskyldumunstri eftir að barnið er fætt.

### Meðgönguvernd

Í meðgönguverndinni er lagður grunnur að góðu eftirliti og koma langflestar konur í viðtal hjá ljósmóður í upphafi meðgöngu. Þar er farið yfir heilsufarssögu, fjölskyldusögu og skimað fyrir ýmsum sjúkdómum og kvillum sem gætu haft áhrif á heilsu hinnar verðandi móður og barnið sem hún gengur með. Flestar hraustar konur eru að langmestu leyti í meðgönguvernd hjá ljósmóður sem hefur aðgang að lækni á heilsugæslu en ef konur þurfa sérhæfðara eftirlit þá er þeim sinnt af ljósmæðrum í áhættumeðgönguvernd ásamt fæðingar- og kvensjúkdómalæknum. Þar ná ljósmæður að mynda góð tengsl við hina verðandi móður. Hraustar konur hitta ljósmóður 7-11 sinnum á meðgöngunni og er í hverri skoðun blóðþrýstingur mældur, skimað fyrir eggjahvítu í þvagi, hlustað eftir hjartslætti fóstursins og vöxtur fóstursins metinn, ásamt því að fræða, styðja og styrkja hina verðandi móður, bæði andlega og líkamlega. Hægt er að greina snemma ef eitthvað bregður út af og grípa inn í til þess að minnka líkur á að frávikin hafi alvarlegar afleiðingar fyrir móður eða hið ófædda barn.

Á flestum stöðvum, þar sem meðgönguvernd fer fram, er reynt að halda samfelldri þjónustu, þ.e.a.s. að hver kona hitti sömu ljósmóðurina í hverri skoðun. Með því næst betri árangur í að meta heilsu móður og barns auk þess að visst traust myndast á milli ljósmóðurinnar og hinnar verðandi móður, enda telja rannsóknir að samfelld þjónusta ljósmóður við konu á meðgöngu undirbúi konur frekar undir náttúrulega fæðingu. Hægt er að hvetja konur til þess að undirbúa sig á meðgöngu s.s. með jóga, nálastungum og fræðslu. Hægt er að styðja við alla þessa þætti með stuðningi ljósmæðra þar sem viðvera ljósmóður og yfirseta í fæðingum hjálpar konum að fæða án verkjalyfja og þar af leiðandi að styðja við eðlilegar fæðingar.

Mikilvægt er að í meðgönguvernd sé góð samvinna á milli ljósmæðra og lækna og leita ljósmæður til heimilis- og fæðingarlækna ef eitthvað bregður út af í eðlilegu ferli meðgöngunnar. Ljósmæður eru oftast aðaltengiliður barnshafandi kvenna inn í heilbrigðiskerfið og eru með einstaklingshæfða og heildræna nálgun á fjölskylduna og er því mikilvægt að vel menntaðar ljósmæður séu til staðar fyrir konur í barnseignarferlinu.

**Mercedes-Benz**
**Ljúfir gæðabílar – en smá notaðir**
Mercedes-Benz

**C 220 CDI**



**Árgerð 2013, ekinn 24 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 170 hö.**

Búnaður: Metallic lakk, Artico leðuráklæði, hlíf undir vél, hiti í framsætum, 16" álfelgur, hærri fjöðrun o.fl.

**Verð 5.990.000 kr.**

**B 180 CDI**



**Árgerð 2012, ekinn 25 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 109 hö.**

Búnaður: 16” álfelgur, bakkmyndavél, sætisþægindapakki, krómpakki o.fl.

**Verð 4.190.000 kr.**

**E 300 CDI HYBRID**



**Árgerð 2013, ekinn 13 þús. km, sjálfskiptur, dísil/rafmagn, 205 hö.**

Búnaður: Leðuráklæði, sóllúga, nálgunarvarar,17” álfelgur, hiti í framsætum, Avantgarde pakki o.fl.

**Verð 8.790.000 kr.**

**A 220 CDI**



**Árgerð 2014, ekinn 5 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 170 hö.**

Búnaður: Bakkmyndavél, rafstýrt bílstjórasæti með minni, Panorama glerþak, Xenon aðalljós með led, Urban pakki, 18“ álfelgur o.fl.

**Verð 6.390.000 kr.**

Bílafjármögnun Landsbankans

Kletthálsi 2 • 110 Reykjavík • Sími 590 2160 • www.notadir.is
**Opið** virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

ASKJA
**NOTAÐIR BÍLAR**

Markhönnun ehf

# nettó
Kræsingar & kostakjör

## NÓG TIL Í NETTÓ AF KJÚKLINGUM, HAMBORGURUM & HAKKI !





LAMBALÆRISNEIÐAR GRILLSAGAÐ/FROSIÐ
-30%
**1.259**
ÁÐUR 1.798 KR/KG




LAMBAFILLE FERSKT
**3.982**
ÁÐUR 4.798 KR/KG

HENTUGIR Í FISKRÉTTINN!



ÞORSKBITAR SMÁIR
**898**
ÁÐUR 998 KR/KG



RAUÐSPRETTUFLÖK ÓDÝRT
**880**
ÁÐUR 1.035 KR/KG




HVÍTLAUKSBRAUÐ 2 STK, X-TRA
**198**
ÁÐUR 238 KR/PK




KORNBRAUÐ 500 GR
-34%
**296**
ÁÐUR 449 KR/STK




FRANSKAR KART. 1 KG, X-TRA
-25%
**299**
ÁÐUR 399 KR/PK

KJÖRÍS/ÍSSÓSUR 3TEG
**295**
KR/STK




KJÖRÍS/MJÚKÍS 1 L, 3TEG
**459**
ÁÐUR 569 KR/STK

## Opnunartímar Nettó 14. maí

Uppstigningardag

| | | | |
|---|---|---|---|
| Akureyri | 10:00 - 18:00 | Höfn | 10:00 - 18:00 |
| Borgarnes | 10:00 - 18:00 | Kópavogur | 10:00 - 18:00 |
| Egilsstaðir | 10:00 - 18:00 | Mjódd | Opið 24 klst. |
| Grandi | Opið 24 klst. | Reykjanesbær | 10:00 - 18:00 |
| Grindavík | 10:00 - 18:00 | Selfoss | 10:00 - 20:00 |
| Hverafold | 10:00 - 18:00 | | |

**Tilboðin gilda 13. maí – 17. maí 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

*Heimur vísinda*

# Karnival

## OPINN DAGUR á ÁSBRÚ

**14. MAÍ KL. 13–16**

**Hinn árlegi Opni dagur á Ásbrú í Reykjanesbæ, uppstigningardag.**

*Verið velkomin.*

## MATARBÁSAR

- **Valdís**
- **Chili frá Menu veitingum**
- **Langbest pizzur og „corndogs"**
- **Candyfloss, límonaði o.fl.**
- **Dons Donuts kleinuhringjabíll**
- **Gott í kroppinn**
- **Heilsuharðfiskflögur frá Breka**

**Ævar vísindamaður** er sérstakur gestur karnivalsins í ár og tekur á móti gestum og gangandi allan daginn. Ryksuguhanskar, reykfylltar sápukúlur, margra metra langt slímfyllt trog, límmiðar með myndum úr nýjustu bók Ævars, Risaeðlur í Reykjavík, og sérstakur spurningaleikur þar sem þeir sem spyrja skemmtilegra og áhugaverðra spurninga geta unnið eintak af einhverri af bókunum hans – það er eitthvað fyrir alla hjá Ævari vísindamanni!

*Ævar vísindamaður*



## SNEISAFULL dagskrá FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

ÆVAR VÍSINDAMAÐUR ★ GÓI ★ JÓHANNA RUTH ★ DRAUGAHÚS ★ BOLLAKÖKUKEPPNI
MATARBÁSAR ★ CHILIKEPPNI ★ VAN DE GRAAFF SPENNUGJAFI ★ ÞRÍVÍDDARPRENTARI
FLUGHERMIR FRÁ KEILI ★ KYNNING Á FYRIRTÆKJUM SVÆÐISINS OG ÝMSAR ÞRAUTIR

PIPAR\TBWA • SÍA

# Kvikmyndaverið
## ATLANTIC STUDIOS

**KARNIVALSTEMNING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA KL. 13:00–16:00**

**Gói** skemmtir karnivalgestum á sviði kl. 15:00.

**Ævar vísindamaður** verður á staðnum, gerir spennandi tilraunir og býður gesti velkomna í stofuna sína.

**Jóhanna Ruth Luna Jose,** sigurvegari Söngkeppni Samfés 2015, stígur á svið klukkan 14:00.

**Bollakökukeppni almennings,** keppt um flottustu skreytinguna, frumlegustu bollakökuna og bestu bollakökuna. Formaður dómnefndar er Jói Fel.

**Chilikeppni fyrirtækja.** Formaður dómnefndar er Friðrik Sigurðsson frá Food and Fun. Ameríska sendiráðið stendur fyrir keppnunum.

**Bandaríski flugherinn**

**Hoppukastalar, draugahús og þrautabásar**

**Kísilríkar heilsuvörur og þrívíddarprentari**

**Fyrirtæki á Ásbrú** kynna fjölbreytta starfsemi.

**Flughermir**

**Grillaðir sykurpúðar**

**Van de Graaff spennugjafi**

# Frumkvöðlasetrið
## ELDEY

**Kaffihúsastemning allan daginn.**

*Bollakökukeppni*




Ásbrú í Reykjanesbæ er suðupottur tækifæra. Þar hefur á skömmum tíma byggst upp litríkt samfélag, þar sem saman fer öflug menntastofnun, fjöldi spennandi fyrirtækja og blómstrandi mannlíf.

**Nánari upplýsingar á www.asbru.is**

**Opinn dagur**

Opinn dagur á Ásbrú er haldinn ár hvert . **Kadeco** býður ykkur velkomin á karnivalið 14. maí kl. 13–16 í **Atlantic Studios**.

**www.opinndagur.is**

ÁSBRÚ

†



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR HJALTASON**
**rennismiður,**
**Víðilundi 20, Akureyri,**

lést föstudaginn 8. maí síðastliðinn.
Jarðarför auglýst síðar.

**Kristín Gunnarsdóttir**
**Svava H. Guðmundsdóttir** **Hreggviður Norðdahl**
**Gunnar H. Guðmundsson** **Elín Konráðsdóttir**

†



Okkar ástkæra sambýliskona og dóttir,

**SIGNÝ GUNNLAUGSDÓTTIR**
**Balaskarði,**

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi mánudaginn 4. maí. Útförin fer fram frá Hólaneskirkju laugardaginn 16. maí kl. 14. Jarðsett verður í Höskuldsstaðakirkjugarði.

**Magnús Jóhann Björnsson**
**Geirlaug Ingvarsdóttir**

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**SNÆBJÖRNS PÁLSSONAR**
**fyrrverandi slökkviliðsmanns**
**á Reykjavíkurflugvelli,**

sem lést á Landspítalanum þann 18. mars síðastliðinn.

**Magnús Snæbjörnsson** **Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Páll Snæbjörnsson** **Guðrún Dóra Gísladóttir**
**Sigrún Birna Magnúsdóttir** **Hörður Jóhann Halldórsson**
**Daði Snær Pálsson**
**Arna Pálsdóttir**
**Halldór Máni Harðarson, Magnús Ingi Harðarson og Jóhann Darri Harðarson**

†



Hjartkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**VILBORG GUÐJÓNSDÓTTIR**
**frá Oddsstöðum, Vestmannaeyjum,**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund föstudaginn 8. maí sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Jón Viðar Jónsson**
**Guðjón Jónsson** **Elísabet Jóna Sólbergsdóttir**
**Sigríður Sía Jónsdóttir** **Birgir Karl Knútsson**
**og ömmubörn.**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**SIGURGEIR BJÖRGVINSSON**
**hljóðfæraleikari,**
**Grandavegi 47, Reykjavík,**

lést á Landakoti fimmtudaginn 7. maí.
Útför verður frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 19. maí kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á öldrunardeild Landspítalans.

**Jóna H. Pétursdóttir**
**Guðrún Sigurgeirsdóttir** **Eggert Lárusson**
**Gísli Sigurgeirsson** **Sólveig Steinsson**
**Björgvin Jóhannsson**
**Agnes Gísladóttir** **Þórður Ingi Guðmundsson**
**og systur hins látna.**

†



Faðir minn, afi okkar og bróðir,

**HÖRÐUR SVERRISSON**
**Þingvallastræti 36, Akureyri,**

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju mánudaginn 18. maí kl. 13.30.

**Sonur, afabörn og systkini hins látna.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**ÞETTA GERÐIST** 13. MAÍ 1981

## Morðtilræði framið gegn páfa



Þennan dag, 13. maí árið 1981 reyndi Tyrkinn Mehmet Ali Agca að myrða Jóhannes Pál páfa II. á Péturstorginu í Vatíkaninu. Agca skaut páfa, sem særðist illa.

Hann sat á torginu, beið eftir páfa og hóf skothríð þegar hann nálgaðist. Páfi særðist en nunnur og aðrir nærstaddir gripu Agca áður en hann náði að ljúka verkinu. Agca var handtekinn og sakfelldur fyrir glæp sinn í júlí árið 1981. Hann var fluttur til heimalands síns eftir að hafa afplánað tuttugu ára dóm á Ítalíu.

Agca, sem hafði áður verið í slagtogi við tyrknesku fasistahreyfinguna Gráu úlfana, sagðist hafa skipulagt morðið á páfa ásamt landa sínum og tveimur Belgum. Fjölmiðlar birtu þó fréttir þess efnis að Agca hefði gert þetta fyrir Gráu úlfana, sem fengu þrjár milljónir marka fyrir.

Páfi bað fólk um að „fyrirgefa bróður mínum, sem ég hef svo sannarlega gert“. Árið 1983 hittust þeir og prýddu forsíðu tímaritsins Time. Páfi var líka í ágætu sambandi við fjölskyldu Agca og hitti móður hans árið 1987.

Agca var fluttur til Tyrklands eftir að hann hafði afplánað dóm sinn. Þar var hann fangelsaður á ný fyrir morð á vinstrisinnuðum ritstjóra sem var framið meira en tuttugu árum áður.



**HJÚKRUNARFRÆÐINGAR Á BRÁÐAMÓTTÖKU** Hulda Hrönn Björgúlfsdóttir, Kristín Rósa Ármannsdóttir og Hrönn Stefánsdóttir bjuggu til nýjan verkferil til að bæta móttöku og öryggi sjúklinga með andlega vanlíðan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Öryggi sjúklinga í sjálfsvígshættu tryggt

Hjúkrunarfræðingar á bráðamóttökunni gerðu nýjan verkferil fyrir sjúklinga í sjálfsvígshættu eða eftir sjálfsvígstilraun. Verkefnið er kynnt á Viku hjúkrunar sem nú er í gangi.

Hjúkrunarfræðingarnir Hulda Hrönn Björgúlfsdóttir, Kristín Rósa Ármannsdóttir og Hrönn Stefánsdóttir ásamt Önnu Maríu Þórðardóttur, sérfræðingi í hjúkrun, unnu nýtt verklag varðandi móttöku á fólki í sjálfsvígshugleiðingum eða eftir sjálfsvígstilraun. Verkferlið verður kynnt formlega í dag á hinni árlegu Viku hjúkrunar á Landspítalanum.

„Þessi sjúklingahópur, sem kemur inn eftir sjálfsvígstilraun eða með andlega vanlíðan, er mjög stór á bráðamóttökunni. Bráðamóttaka geðdeildar er ekki opin á kvöldin og um helgar þannig að þessir sjúklingar þurfa að bíða á deildinni okkar þar til geðlæknir getur metið þá. Það er því mikilvægt að móttakan sé góð og að fyrstu viðbrögð séu rétt,“ segir Hrönn Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Nýtt verklag er nú í notkun og hefur að sögn Hrannar reynst vel. Hún segir að með nýju skipulögðu verklagi hafi einfaldlega orðið meiri vitund fyrir því hvernig ætti að nálgast einstaklinga í sjálfsvígshættu.

„Tilgangurinn er að bæta móttökuna og tryggja öryggi sjúklinga. Nýjar verklagsreglur leggja áherslu á að hjúkrunarfræðingur meti sjálfsvígshættu sjúklings í samtali með ákveðinn spurningalista til hliðsjónar. Ef einstaklingur er með virkar sjálfsvígshugsanir fer ákveðinn verkferill af stað með frekara eftirliti til að efla öryggi.“

Kynning á móttökunni er liður í Viku hjúkrunar sem fræðslunefnd hjúkrunarráðs stendur fyrir á hverju ári í maí – í kringum alþjóðadag hjúkrunarfræðinga sem var í gær, á afmælisdegi frumkvöðulsins Florence Nightingale.

**„Nýjar verklagsreglur leggja áherslu á að hjúkrunarfræðingur meti sjálfsvígshættu sjúklings í samtali með ákveðinn spurningalista til hliðsjónar.**

Að þessu sinni er þemað umbætur í hjúkrun. Þá er vísað til verkefna og breytinga sem hafa verið gerðar til að viðhalda öryggi sjúklinga og bæta þjónustu. Í boði verða fjölmargir fyrirlestrar og vinnusmiðjur sem öllum er velkomið að taka þátt í.

Nýtt verklag á bráðamóttökunni verður kynnt kl. 11 við Hringdal á Landspítalanum við Hringbraut og kl. 13 á 2. hæð í Fossvogi.

erlabjorg@frettabladid.is






# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 13. maí 2015 | 19. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is



FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




# 1.000 milljarða hindrun við afnám gjaldeyrishafta

## HVE LENGI ÞARF AÐ BÍÐA?

SÍÐA 6

## Áminningar í myndskeiði



Íslenska fyrirtækið AwareGO framleiðir myndbönd um upplýsingaöryggi sem hafa selst víða hérlendis og erlendis. CreditSuisse er í hópi viðskiptavinanna. „Hvert myndband er í kringum eina mínútu og þetta er svona meira eins og auglýsingar heldur en þjálfun. En í staðinn fyrir að vera með merkjavitund eins og er í auglýsingum þá erum við með öryggisvitund,“ segir Ragnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

➜ SÍÐA 4

## Aukið framlag álklasans

Beint framlag álklasans til vergrar landsframleiðslu mældist tæp fjögur prósent á árinu 2007 en var komið upp í 6-7 prósent árið 2012. Framlagið hefur því aukist á undanförnum árum. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann fyrir Samál, samtök álframleiðenda. Skýrslan ber yfirskriftina Þjóðhagsleg staða og þróun íslensks áliðnaðar.

➜ SÍÐA 8

## Skemmtilegt að elda indverskt



Sunna Valgerðardóttir hefur verið ráðin til Orkuveitu Reykjavíkur. Hún segist vera þekkt fyrir hæfni sína við að elda indverskan mat. Sunna segist alltaf hafa verið áhugamanneskja um orkumál. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á vísindum og umhverfismálum og eftir að ég byrjaði í fréttamennsku áttaði ég mig alltaf betur og betur á mikilvægi þessa málaflokks og þeim tækifærum sem standa Íslandi til boða bæði innanlands sem utan,“ segir hún.

➜ SÍÐA 8

**STJÓRNARMAÐURINN** @stjornarmadur

**Sú staðreynd að hægst hefur á sölu rafbóka bendir til þess að jafnvægi sé að nást milli slíkra bóka og rafbóka.**

➜ SÍÐA 12


Alþjóðleg þekking - persónuleg þjónusta

EY

Endurskoðun | Skattur | Ráðgjöf

Ernst & Young ehf. Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Ernst & Young (EY) er í flokki fremstu fyrirtækja á sviði endurskoðunar og ráðgjafar á heimsvísu. EY starfar í yfir 150 löndum og er starfsfólk nú um 200.000 talsins. EY hefur markað sér þá stefnu að vera leiðandi á markaði og veita þjónustu í hæsta gæðaflokki sem sniðin er að þörfum viðskiptavina okkar, hvar sem við erum staðsett í heiminum.

ey.is

# Sýndargróði eða raunverulegur?

Skjóðan

**Í NÝJASTA** hefti Frjálsrar verslunar er áhugavert viðtal við Herdísi Dröfn Fjeldsted, framkvæmdastjóra Framtakssjóðs Íslands (FSI), en heimild hans til nýfjárfestinga rann út í lok febrúar. Þau fimm ár sem sjóðurinn hefur starfað hafa 43 milljarða fjárfestingar skilað 40 milljarða bókfærðum hagnaði. Herdís hefur stýrt FSI frá því í fyrra.

**FSI** hefur legið undir margvíslegri gagnrýni. Talað hefur verið um lítið gegnsæi og gagnrýnt að afnot af vörumerkinu Icelandic í Bandaríkjunum voru leigð til erlendra aðila til margra ára. Þá hefur ævintýralegur gróði FSI af sumum fjárfestingum sínum, á borð við Icelandair, verið gagnrýndur og talinn til marks um að FSI hafi fengið eignirnar á óeðlilega lágu verði og jafnvel að fyrirtækin hafi að ósekju verið tekin af fyrri eigendum.

**EIGNARHALD** FSI hefur verið til umræðu í tengslum við ráðstöfun eigna en helstu kaupendur margra eigna FSI eru lífeyrissjóðirnir sem eiga FSI.

**EINN** tilgangur með stofnun FSI á sínum tíma var að gefa lífeyrissjóðum landsins færi á að vinna til baka mikið tap á fjárfestingum sem þeir urðu fyrir í hruninu 2008. Í gegnum FSI sameinuðu þeir fjárfestingarkrafta sína í öflugum sjóði til að njóta góðs af endurreisn íslenskra fyrirtækja og efnahagslífs.

**ÁRANGURINN** talar sínu máli og 43 milljarða fjárfesting hefur skilað endurheimtum og eignum, sem nú eru metnar á 83 milljarða. Eftir stendur spurningin hvort ekki hafi verið of hart gengið að fyrri eigendum fyrirtækjanna sem FSI eignaðist. Hefðu bankar fremur átt að styðja fyrri eigendur í tímabundnum erfiðleikum eftir allsherjar fjármálahrun en að ganga milli bols og höfuðs á þeim? Margföldun á verðmæti fyrirtækja á örfáum árum gefur slíkum vangaveltum vængi.

**EINNIG** má spyrja hvort hin ríkulega ávöxtun eignanna hafi verið raunveruleg fyrir eigendur FSI. Í mjög mörgum tilfellum hefur hagnaður FSI myndast við það að eigendur FSI hafa keypt hlutabréf af FSI við skráningu fyrirtækja á markað. Áhættan af bréfunum hefur einungis flust frá FSI til eigenda FSI.

**HVAÐ** verður um hlutabréfaverð á Íslandi þegar, og ef, tekin verða stór skref til afnáms fjármagnshafta? Er ekki hagnaður lífeyrissjóða af FSI sýndargróði, þar til búið er að selja eignirnar út úr lífeyrissjóðakerfinu?

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.




# Tjón á ökutækjum hafa aukist undanfarið

***Forstjóri Sjóvár segir efnahagsaðstæður geta að hluta skýrt aukna tjónatíðni. Tíðarfarið og ástand vega séu líka skýringar. Stærstu þrjú tryggingafélögin hafa birt uppgjör fyrsta fjórðungs.***

„Merkjanleg neikvæð þróun ökutækjatjóna hefur átt sér stað það sem af er ári. Þá þróun má að hluta rekja til tíðarfarsins og ástands vega en aukin tjónatíðni er einnig þekktur fylgifiskur bættra aðstæðna í efnahagslífinu," segir Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvár.

Hann segir í afkomutilkynningu sem send var fjölmiðlum í gær að vonandi muni endurnýjun bílaflotans, aukið öryggi bíla og tvöföldun vega og brúa draga úr þeirri þróun að bætt efnahagsumhverfi leiði til fjölgunar tjóna.

Hagnaður af rekstri Sjóvár á fyrsta ársfjórðungi nam 624 milljónum króna, samanborið við 124 milljóna króna tap á sama tíma árið áður. Hagnaður af vátryggingastarfsemi nam 55 milljónum króna, en var 318 milljónir króna á sama tímabili árið á undan. Hagnaður af fjárfestingastarfsemi nam aftur á móti 757 milljónum króna en 347 milljóna króna tap var á fjárfestingum á sama tíma í fyrra. Eigið fé fyrirtækisins nam 14,4 milljörðum króna samanborið við 17,8 milljarða um áramót.

Sjóvá er þriðja og síðasta tryggingafélagið í Kauphöll Íslands sem skilar árshlutauppgjöri fyrir fyrsta fjórðung. Arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli var 15,5%. Bæði Vátryggingafélag Íslands og Tryggingamiðstöðin birtu árshlutauppgjör þann 30. apríl. Hjá Vátryggingafélagi Íslands var arðsemi eigin fjár 18,3% en hjá Tryggingamiðstöðinni var arðsemi eigin fjár 2,5 prósent. Hagnaður VÍS nam 733 milljónum króna á fjórðungnum samanborið við 14 milljóna króna tap á sama tímabili í fyrra. Hagnaður TM nam 72 milljónum samanborið við 700 milljóna króna hagnað á sama tímabili í fyrra.

Forstjórar allra þriggja tryggingafélaganna hafa sagt að veturinn hafi verið óvenju tjónaþungur, einkum vegna tíðra óveðra.

jonhakon@frettabladid.is



**UMFERÐARTJÓN** Forstjórar allra þriggja tryggingafélaganna hafa sagt að veturinn hafi verið óvenju tjónaþungur, einkum vegna tíðra óveðra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**NEIKVÆÐ ÞRÓUN** Forstjóri Sjóvár vonar að endurnýjun bílaflotans, aukið öryggi bíla og tvöföldun vega og brúa dragi úr þeirri þróun að bætt efnahagsumhverfi leiði til fjölgunar tjóna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**10** **Á UPPLEIÐ** Félög sem hækkuðu í verði

**5** **Á NIÐURLEIÐ** Félög sem lækkuðu í verði

**1** **STÓÐU Í STAÐ** Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**NÝHERJI** 63,1% frá áramótum

**N1** 30,4% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**TM** -21,3% frá áramótum

**NÝHERJI** -3,4% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 119,00 | 14,4% | 0,0% |
| Eik fasteignafélag* | 6,46 | -5,0% | -1,7% |
| Eimskipafélag Íslands | 225,00 | -5,1% | 2,4% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 38,70 | 10,6% | 0,4% |
| Hagar | 43,40 | 7,3% | 3,3% |
| HB Grandi | 37,30 | 10,4% | 2,3% |
| Icelandair Group | 22,25 | 4,0% | 2,8% |
| Marel | 182,00 | 31,9% | 2,0% |
| N1 | 33,85 | 45,9% | 30,4% |
| Nýherji | 8,45 | 63,1% | -3,4% |
| Reginn | 14,15 | 4,4% | -0,7% |
| Reitir* | 62,40 | -1,7% | 1,5% |
| Sjóvá | 10,01 | -16,2% | 0,1% |
| Tryggingamiðstöðin | 20,70 | -21,3% | 2,0% |
| Vátryggingafélag Íslands | 7,86 | -13,1% | -0,3% |
| Össur | 440,00 | 21,9% | 2,3% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI8** | 1.419,75 | 8,3% | 2,4% |
| **First North Iceland** | | | |
| Century Aluminum | 3.300,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 25,30 | 11,9% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,85 | 0,0% | 0,0% |

*Skráð á árinu (þróun frá útboðsgengi).



**KYNNA STÖÐUNA** Seðlabankastjóri og aðalhagfræðingur kynna vaxtaákvörðun.

### Stýrivaxtaákvörðun kynnt í dag:

# Búast ekki við breytingum

Seðlabanki Íslands kynnir vaxtaákvörðun í dag og nýtt hefti Peningamála verður birt. Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Þórarinn G. Pétursson aðalhagfræðingur munu svo rökstyðja ákvörðunina á blaðamannafundi.

Greiningardeildir allra stóru bankanna þriggja búast við því að stýrivöxtum verði haldið óbreyttum. Nefna þær allar sömu ástæðuna fyrir þeim spám; að Seðlabankinn vilji bíða með stýrivaxtaákvarðanir þar til niðurstöður kjaraviðræðna liggja fyrir. - jhh

# Flotaleiga
# Hagkvæmari kostur




## **Lágmarkaðu kostnað** við rekstur bílaflota fyrirtækisins

Tryggingar | Eldsneyti | Viðhald og viðgerðir | Fjármögnun | Dekkja-þjónusta | Lánsbíll | Þjónusta

Bílafloti er stór kostnaðarliður í rekstri margra íslenskra fyrirtækja. **Flotaleiga Lykils** er nýr kostur á markaðnum sem gerir fyrirtækjum kleift að leigja bílaflota í stað þess að kaupa. Þannig má auka hagkvæmni, halda ófyrirséðum kostnaði í algjöru lágmarki og gera allar fjárhagsáætlanir fyrirtækisins áreiðanlegri.

**Kynntu þér kosti Flotaleigunnar og fáðu allar nánari upplýsingar í síma 540 1700**

**Flotaleiga**

1 — **Við finnum saman bíla** sem henta þínum rekstri.

2 — **Lykill** sér um kaup og rekstur bílanna.

3 — Þú leigir bílana og nýtur stærðar-hagkvæmni Lykils.

PIPAR\TBWA · SÍA

Lykill er hluti af Lýsingu hf. | Ármúla 1 | 108 Reykjavík | S. 540 1700 | lykill.is | lykill@lykill.is

Lykill fjármögnun

Rekstur Sinnum skilaði heldur lakari afkomu í fyrra en árið á undan:

# 15 milljóna króna tap hjá Sinnum

Tap Sinnum eftir skatta á síðasta ári nam 15,1 milljón króna. Það er heldur lakari afkoma en var á félaginu árið áður, þegar hagnaðurinn nam 4,7 milljónum króna. Rekstrartap fyrir fjármagnsliði í ár var 18,4 milljónir króna en rekstrarhagnaður 5,5 milljónir árið á undan.

Sinnum er fyrirtæki sem sinnir félagsþjónustu án dvalar fyrir aldraða og fatlaða. Fyrirtækið er í 100 prósent eigu Evu Consortiu. Eigendur Consortiu eru svo þrír, það er Gekka ehf., félag í eigu Ásdísar Höllu Bragadóttur og Aðalsteins Jónassonar, sem á 43 prósenta hlut. Flösin ehf., félag Ástu Þórarinsdóttur og Gunnars Viðar á 27 prósenta hlut. Kjölfesta G á svo 30 prósenta hlut, en Kjölfesta er í eigu Virðingar og ALM fjármálaráðgjafar. - jhh



**FRAMKVÆMDASTJÓRINN** Stella Víðisdóttir er framkvæmdastjóri Sinnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**GÓÐUR REKSTUR** Höskuldur Ólafsson segir að regluleg starfsemi hafi gengið vel. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Óreglulegir liðir setja stórt strik í reikninginn á fyrsta ársfjórðungi:

# Hagnaður Arion banka fimmfaldast milli ára

Hagnaður Arion banka á fyrstu þremur mánuðum ársins nam 14,9 milljörðum króna, en var 2,9 milljarðar á sama tíma í fyrra. Í afkomutilkynningu segir að hagnaðurinn markist mjög mikið af óreglulegum liðum. Þar hafa mest áhrif einskiptisatburðir eins og skráning og sala bankans á hlutum í fasteignafélaginu Reitum og alþjóðlega drykkjaframleiðandanum Refresco Gerber.

Höskuldur Ólafsson, forstjóri Arion, segir að regluleg starfsemi bankans hafi líka gengið vel. „Arðsemi reglulegrar starfsemi er tæplega 10% á tímabilinu. Við höldum áfram að vinna að því að styrkja grunnrekstur bankans. Við höfum þar lagt mikla áherslu á að auka hlutdeild þóknanatekna í heildartekjum bankans og jukust þær um 19% miðað við sama tímabil fyrir ári. Af þóknanatekjum bankans koma rúm 80% frá fyrirtækjum en tæp 20% úr þjónustu við einstaklinga í viðskiptabankanum,“ segir Höskuldur.

Arðsemi eigin fjár bankans var 35,1 prósent á fjórðungnum samanborið við 7,8 prósent á sama tímabili árið 2014. Hagnaður af reglulegri starfsemi á tímabilinu nam 4,0 milljörðum króna samanborið við 1,7 milljarða á sama tímabili 2014. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi nam 9,8 prósentum á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 4,6 prósent á sama tímabili 2014. Heildareignir námu 1.004,3 milljörðum króna samanborið við 933,7 milljarða króna í árslok 2014. - jhh



**AWAREGO** Fyrirtækið framleiðir öryggismyndskeið sem hafa verið seld til stórra og meðalstórra fyrirtækja. Salan gengur vel.

# Selur stórfyrirtækjum í gegnum LinkedIn

***AwareGO framleiðir myndbönd um upplýsingaöryggi sem hafa selst víða hérlendis og erlendis. CreditSuisse er í hópi viðskiptavinanna.***

Íslenska fyrirtækið AwareGO býst við því að geta á næstunni samið við tvo stóra erlenda banka um að selja þeim öryggisþjálfunarmyndbönd sem fyrirtækið framleiðir. Nú þegar hefur fyrirtækið selt CreditSuisse vöru sína. Þá hafa margar íslenskar stofnanir keypt hana, þar á meðal Icelandair Group, Landsvirkjun, Íslandsbanki og Landsbankinn.

„Við erum að framleiða stutt öryggisþjálfunarmyndbönd fyrir tölvuöryggi. Hvert myndband er í kringum eina mínútu og þetta er svona meira eins og auglýsingar heldur en þjálfun. En í staðinn fyrir að vera með merkjavitund eins og er í auglýsingum þá erum við með öryggisvitund,“ segir Ragnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Myndböndin snúast um að koma ákveðnum skilaboðum til starfsmanna, til dæmis að hleypa ókunnugu fólki ekki inn á lokuð svæði, að vera ekki með trúnaðargögn óvarin á færanlegum miðlum, að skilja ekki eftir útprentuð trúnaðargögn á glámbekk, þá eru upplýsingar um þráðlaus net, um njósnabúnað og svo framvegis.

Þetta byrjaði árið 2007 þegar fyrirtækið gaf út frumgerð af einum þætti. „Árið 2008 létum við framleiða fyrir okkur tólf þætti. Hver þáttur var svolítið langur, hann var sex til átta mínútur, og svo unnum við með þetta,“ segir Ragnar. Hann segir að það hafi verið töluvert gagnrýnt hvað þættirnir voru langir og þeir ákváðu því að stytta þá. „Þegar við vorum komnir með þá niður í eina og hálfa mínútu þá var loksins farinn að kvikna áhugi á þessu. Þannig að við ákváðum að þegar næsta útgáfa kæmi þá yrði hún að vera í kringum ein mínúta.

Útgáfa-2 af myndböndunum kom út í september. „Það er búið að ganga mjög vel að selja hana. Ég held að það séu í kringum tíu prósent starfsmanna í stórum og meðalstórum fyrirtækjum að læra af þessu,“ segir Ragnar.

Ragnar segir að þeir félagarnir hafi farið mikið með gömlu útgáfuna á sýningar erlendis og kynnst þar mörgum. En þeir séu ekki byrjaðir að markaðssetja nýju útgáfuna að neinu ráði. Það sem hafi selst til útlanda hafi selst í gegnum LinkedIn, meðal annars salan til CreditSuisse. „Það var maður sem ég hitti á sýningu árið 2010. Hann vildi ekki kaupa útgáfuna sem við vorum með þá en ég tengdist honum á LinkedIn. Og svo er ég búinn að vera að láta hann vita reglulega hvað við höfum verið að gera. Um leið og við komum með nýju útgáfuna þá lét ég hann vita og hann var svona rosalega hrifinn að þetta gekk í gegn á einum mánuði.“

> Þeir eru svo rosalega hrifnir að þeir ætla að taka sex aðrar stofnanir með sér.
>
> 
>
> **Ragnar Sigurðsson**

Ragnar segir að AwareGO sé með nokkra viðskiptavini í pípunum. „Við erum með tvo risastóra banka. Annar þeirra er einn af tíu stærstu í heiminum og hinn er einn af 25 stærstu. Ég á bara fastlega von á að það gangi í gegn bráðlega, allavega annar þeirra,“ segir hann. Þá sé einnig verið að semja við dómsmálaráðuneyti í einu ríki Bandaríkjanna. „Þeir eru svo rosalega hrifnir að þeir ætla að taka sex aðrar stofnanir með sér,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is

Stjórnarformaður Haga segir að minni skuldsetning og vaxtagreiðslur skapi svigrúm til aukinna arðgreiðslna. Hagnaði verður einnig varið í fjárfestingar í fasteignum:

# Stjórn Haga vill greiða tæpa tvo milljarða í arð

Stjórn Haga leggur til við aðalfund félagsins að fyrirtækið greiði hluthöfum sínum 1.992 milljónir króna í arð vegna rekstrarársins 2014/2015. Ársreikningur félagsins var birtur í gær. Samkvæmt arðgreiðslustefnu er stefnt að því að Hagar greiði hluthöfum sínum árlegan arð, sem nemi að lágmarki 50% hagnaðar næstliðins rekstrarárs. Að auki mun félagið, ef tækifæri gefast, kaupa fasteignir á hagstæðu verði sem nýtast félaginu í starfsemi sinni. Ef fjárfest er í fasteignum er stefnt að því að eiginfjárframlag félagsins verði að lágmarki 30% af kaupverði.

Samkvæmt uppgjöri nam hagnaður rekstrarársins 3,8 milljörðum króna eða 5,0% af veltu. Vörusala rekstrarársins nam 77 milljörðum króna og framlegð var 24 prósent. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta nam 5,6 milljörðum króna. Heildareignir samstæðunnar námu 27,6 milljörðum króna í lok rekstrarársins og eiginfjárhlutfallið er 53,5 prósent.

Kristín Friðgeirsdóttir, stjórnarformaður fyrirtækisins, segir að minni skuldsetning og þar með vaxtagreiðslur hafi nú skapað svigrúm til þess að hluthafar njóti aukins arðs af rekstri félagsins. „Á árunum 2008-2011 greiddi félagið árlega að meðaltali rúmlega 2,1 milljarð króna í vexti og verðbætur. Á rekstrarárinu sem var að líða voru nettó fjármagnsgjöld félagsins 147 milljónir króna, þökk sé minni skuldsetningu. Það er ánægjulegt að sjá þessa jákvæðu breytingu í ráðstöfun þeirra fjármuna sem skapast í rekstri félagsins á sama tíma og félagið er ódýrasti valkosturinn á markaði og berst ötullega fyrir bættum hag viðskiptavina sinna,“ segir Kristín.

Fjárfestingar Haga á liðnu rekstrarári námu 2,1 milljarði króna en þar af fjárfesti félagið 1,37 milljarða króna í fasteignaverkefnum. Hafin er vinna við byggingu nýs vöruhúss Banana við Korngarða í Reykjavík og fellur hluti þeirrar fjárfestingar á nýliðið rekstrarár. Þungi fjárfestingarinnar mun þó falla á rekstrarárið 2015/16 en áætlanir gera ráð fyrir að starfsemi Banana verði flutt í hið nýja húsnæði fyrir lok rekstrarársins.

Auk verkefnisins við Korngarða fjárfesti félagið í fasteigninni við Stekkjarbakka 4-6. Þar verður reist Bónusverslun - jhh

**27,6**

milljarðar voru heildareignir Haga í lok rekstrarársins.



**BÓNUS** Ráðgert er að opna Bónusverslun í Mjóddinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Electrolux

# MEÐ ALLT Á HREINU Í ÞVOTTAHÚSINU

myPRO

## NÝ LÍNA FRÁ ELECTROLUX
Öflugt par fyrir litlar ferðaþjónustur, fyrirtæki og stærri heimili.





- 8kg þvottavél og þurrkari sem eru 50% fljótari að þvo og þurrka þvott en almennar heimilisvélar.
- Þvottavélin býður uppá fjölda þvottakerfa þar á meðal þvottakerfi fyrir moppur og sótthreinsandi þvottakerfi.
- Eru með þrefalda endingu miðað við almennar heimilisvélar.
- Hágæða vélar á hagstæðu verði.

**VERÐ KR.**
**Þvottavél 280.500,- án vsk.**
**Þurrkari 210.400,- án vsk.**

FASTUS_F_21.05.15

Mikill orkusparnaður felst í MYpro nýju línunni frá Electrolux.
Einfalt reikningsdæmi -
þvottavélin getur borgað sig uppá skömmum tíma.

FASTUS
veit á vandaða lausn

**Fastus ehf., - Verslun opin mán - fös 8.30 - 17.00**
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is



**HÆTTULEG ÞÆGINDI** Ásgeir Jónsson hagfræðingur segir að höftin hafi leyft okkur að setja innlend markmið í fyrsta sæti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þúsund milljarðar gætu leitað út

*Hagfræðingar eru ósammála um það hvenær rétt sé að afnema fjármagnshöftin, sem nú þegar hafa staðið í næstum sjö ár. Hátt í 1.000 milljarðar gætu leitað út. Innlendar eignir slitabúanna er mest aðsteðjandi ógnin.*

**ÚTTEKT**
**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is



Það má þykja nokkuð ljóst að það verður ekki hagfræðinga að taka ákvörðun um það hvernig afnámi fjármagnshafta verður háttað. Þeir horfa of ólíkum augum á málin. Þess vegna mun þurfa sterka pólitíska forystu í verkefnið. Þetta var í það minnsta það sem gestir á fundi Samtaka atvinnulífsins fengu á tilfinninguna í gærmorgun. Fundurinn bar yfirskriftina Rjúfum Íslandsmúrinn.

### Þrjár hindranir

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, var ein fjögurra hagfræðinga sem héldu framsögu á fundinum. Hún sagði að það væru þrjár hindranir við afnám hafta fram undan. Það væru þrotabúin, aflandskrónur og innlendir aðilar. Samtals nema þær eignir sem hugsanlega myndu leita út við afnám hafta um 1.000 milljörðum króna.

Ásdís vísaði í mat Seðlabanka Íslands sem telur að innlendar eignir sem koma í hlut erlendra kröfuhafa nemi um 507 milljörðum króna. Ef þessi upphæð myndi streyma í gegnum gjaldeyrismarkaðinn við losun hafta þá myndi það ógna gengisstöðugleikanum.

Annar vandinn eru aflandskrónur. „Það eru kvikar krónueignir erlendra aðila. Við höfum jafnframt oft kallað þetta gömlu snjóhengjuna. Og þetta er í raun sú snjóhengja sem við höfum verið að vinna á frá því að við settum fjármagnshöft í gegnum gjaldeyrisútboð Seðlabankans. Þessi snjóhengja hefur helmingast frá árinu 2008 og stendur í dag í 300 milljörðum króna. Vænt útflæði þessara aðila mun velta á tiltrú þeirra á afnámsferlinu og íslensku efnahagslífi. Við vitum í raun ekki hversu mikið útflæði mun eiga sér stað fyrr en við losum höftin. En það er alveg ljóst að það skiptir verulegu máli að þessir aðilar hafi tiltrú á íslensku efnahagslífi og afnámsferlinu,“ sagði Ásdís.

Í þriðja lagi eru það innlendir aðilar, en þar er einkum átt við lífeyrissjóði. „Frá því að við settum fjármagnshöft þá hafa lífeyrissjóðirnir einungis getað fjárfest á innanlandsmarkaði. Þetta hefur leitt til þess að erlendar eignir þeirra hafa minnkað sem hlutfall af heildareignum. Áhættudreifing þeirra hefur minnkað. Ef við gefum okkur það að lífeyrissjóðir vilji, að minnsta kosti, fara með hlutdeild sína upp í 30 prósent af heildareignum, þá getum við gert ráð fyrir að útflæði frá lífeyrissjóðum fari upp í 170 milljarða,“ sagði Ásdís. Hún sagði þó, rétt eins og með eigendur aflandskróna, að á endanum muni útflæði innlendra aðila velta á trú þeirra á íslensku efnahagslífi og afnámsferlinu.

> **Skammtímakostnaðurinn við það að taka höftin af er oft hærri en skammtímakostnaðurinn við það að hafa höftin á.**

Ásdís segir að það verði aldrei mögulegt að vita nákvæmlega fyrirfram hvert útflæðið verður þegar höftunum léttir. Umfangið velti á ýmsum þáttum, til að mynda á trú innlendra og erlendra aðila á afnámsferlinu og aðgengi innlendra aðila að erlendum lánamörkuðum. Því til viðbótar verði að gera ráð fyrir því að það verði eitthvað innflæði gjaldeyris við afnám hafta.

### Slitabúin fari í þrot

Heiðar Már Guðjónsson, eigandi Úrsusar fjárfestingafélags, telur að alþjóðlegar aðstæður séu um þessar mundir einstaklega ákjósanlegar og góðar gagnvart Íslandi. „Við erum með ótrúlega lága vexti í sögulegu samhengi alþjóðlega. Þar við bætist að við erum með verðhjöðnun. Þannig að innflutningsverð til okkar er alltaf að lækka,“ sagði Heiðar, en verð þeirra vara sem við framleiðum lækki ekki verulega. „Þannig að allar þessar ytri aðstæður, það sem er fyrir utan múrinn, þær eru í lagi og gefa bjartsýni til að vona að nú sé lag til þess að afnema höftin,“ sagði Heiðar Már.

Þrátt fyrir þetta segist Heiðar Már efast um að nú sé rétti tíminn. „Vegna þess að eins og ytri aðstæður eru í góðu lagi að þá eru innri þættir hér sem enn þá á eftir að laga,“ sagði Heiðar Már. Það væru einkum tveir þættir sem þyrfti að laga.

Annar þátturinn væri peningastefnan. Ef vel á að takast til við afnám hafta þá þurfi menn að vita hvað tekur við á eftir höftum. Hitt málið, að mati Heiðars Más, er uppgjör slitabúanna. Hann segir að það hvernig afnám haftanna mun heppnast muni standa og falla með því hvernig gengur að gera þau upp. Heiðar Már leggur áherslu á að slitabúin fari í gjaldþrotameðferð. Með þeirri aðferð verði hægt að aflétta höftum á alla í einu í stað þess að einn hópur fái forgang umfram aðra.

„Ef við ætlum að fara í það að aflétta höftunum skref fyrir skref þá er það alltaf þannig að menn eru misjafnlega framarlega í röðinni. Við eigum alls ekki að láta það líðast að okkar hagsmunir séu aftastir í röðinni. Að það séu til dæmis lífeyrissjóðir sem megi fjárfesta síðast alþjóðlega, eða einhverjir einstaklingar eða íslensk fyrirtæki. Og að einhverjir erlendir aðilar fái að fara út á undan okkur,“ sagði Heiðar. Hann lagði áherslu á að þegar búið væri að finna lausn á framtíðarstefnu í peningamálum og búið að vinna að lausninni á meðferð slitabúanna þá væri hægt að aflétta höftum.

### Hættuleg þægindi

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir að höftin gæði krónuna öryggi stórgjaldmiðils þannig að venjulegt fólk geti sinnt sínum málum án þess að vera ofurselt gengisáhættu. Íslendingar verði líka að horfast í augu við það að með lítinn frjálsan gjaldmiðil er ekki hægt að lofa stöðugleika. Svo sem eins og öruggum kaupmætti, lágri verðbólgu, stöðugri greiðslubyrði. Aftur á móti sé helsta hættan nú að nýtt Ísland byggist upp á þeim falska stöðugleika og öryggi sem fjármagnshöftin gefa.

„Höftin leyfðu okkur að setja innlend markmið í fyrsta sæti. Ef við hefðum ekki sett á höft þá hefðum við þurft að hækka vexti, draga úr ríkisútgjöldum til þess að rétta gjaldeyrismarkaðinn af. Eins og Skandínavíuþjóðirnar gerðu og eins og Asíuþjóðirnar gerðu. En af því að við settum á höftin þá gátum við gert alls konar hluti, gátum aukið ríkisútgjöld árið 2009, gátum mætt samdrættinum. Við gátum lagt áherslu á lækkun vaxta og annað fleira. Við gátum skapað þægindi og þessi þægindi eru hættuleg. Það er ákveðin hætta á því að nýtt Ísland byggist upp á þeim falska stöðugleika og öryggi sem fjármagnshöftin gefa. Vegna þess að þau eru þægileg,“ segir Ásgeir. Það þurfi þverpólitíska sátt stjórnmálanna, aðila á vinnumarkaði og annarra hagsmunaaðila til þess að afnema höft. „Annars þýðir þetta ekkert,“ sagði Ásgeir.

### Höftin verði afnumin hið fyrsta

Jón Daníelsson hagfræðingur sagði aftur á móti að höftin væru mestu mistök sem hefðu verið gerð í kjölfar hrunsins. Það að hafa ekki tekið þau af hafi verið mestu mistök þeirra ríkisstjórna sem hafi setið við völd. „Þetta er miklu minna mál heldur en menn halda,“ sagði Jón.

Jón sagði að alþjóðleg reynsla af höftum sýndi einkum tvennt. Annars vegar að efnahagslegar sveiflur verði meiri en ella. Hins vegar að langtímahagvöxtur verður minni. „Hvor tveggja þessi rök að mínu mati eru mjög sterk fyrir því að taka höftin af eins fljótt og mögulegt er.“

Jón sagði að kostnaðurinn við höftin ykist eftir því sem þau væru lengur á. En kostnaðurinn við að afnema þau myndi líka aukast ár frá ári. „Vandamálið er það, sérstaklega ef þú ert með áhættufælna ráðamenn, að skammtímakostnaðurinn við það að taka höftin af er oft hærri en skammtímakostnaðurinn við það að hafa höftin á. Sem þýðir að ef þú ert bara að horfa á daginn í dag, eða að þú sért ráðherra sem ert bara að horfa fram á næstu kosningar, þá viltu ekki gera þetta,“ sagði Jón. Hann segir að það sé alltaf rétti tíminn til þess að taka höftin af. „Maður á aldrei að bíða eftir réttum skilyrðum,“ sagði hann.

Jón telur ekki svo miklar líkur á því að gjaldeyrir muni streyma út og krónan veikjast. Það sé jafnvel líklegra að krónan muni styrkjast því að óþolinmóðustu krónueigendurnir séu þegar farnir. Og ef það muni streyma inn gjaldeyrir sem mun verða til þess að krónan styrkist þá eigi Seðlabankinn stjórntæki til þess að takast á við það.



## ÍBÚÐASKIPTI Í TVO MÁNUÐI

**Margrét Gunnarsdóttir skipti á íbúðum við fólk í Lundúnum og París og var heilan mánuð á hvorum stað. Hún segist sannarlega ætla að gera það aftur. Hún skoðaði margt skemmtilegt á þessum tíma.**
**Síða 2**

# ÁTT ÞÚ VIÐ SVEFNVANDA AÐ STRÍÐA?

**BALSAM KYNNIR** *MAGNOLIA frá Natural Health Labs. Tilvalið fyrir þá sem vilja aðstoð við svefnvandamálum og stuðla að heilbrigðum samfelldum svefni ásamt því að vinna gegn þunglyndi, kvíða og depurð og bæta andlega og líkamlega líðan.*

Hrafnhildur Ólafsdóttir er kona á besta aldri. Hún starfaði við ferðaþjónustu árum saman og eyðir nú tíma sínum við hjálparstarf hjá Rauða krossinum og í sjálfboðavinnu í Rauðakrossbúðinni.

**EKKI SOFIÐ BETUR Í MÖRG ÁR**

Hrafnhildur, eins og fjölmargir aðrir, hefur átt við svefnvandamál að stríða um árabil sem hún hefur nýlega ráðið bót á. Hún prófaði náttúrulega fæðubótarefnið Magnolia og segist ekki hafa sofið betur í mörg ár. „Ég vil alls ekki nota lyfseðilsskyld svefnlyf og ákvað því að prófa Magnolia. Ég hef tekið tvö hylki á kvöldin um klukkustund fyrir svefn í nokkra mánuði og hef ekki sofið betur í mörg ár. Mér finnst rosalega gott að vita af því, það gefur mér mikla öryggistilfinningu.“

**ÓTRÚLEGT HVAÐ GÓÐUR SVEFN ER MIKILVÆGUR**

Að sögn Embættis landlæknis getur svefnleysi sett mikið álag og streitu á andlega og líkamlega líðan og góður og samfelldur svefn því nauðsynlegur heilsunni. Hrafnhildur segir að sér líði miklu betur eftir að hún byrjaði að nota Magnolia, hún sofi eins og barn og vakni endurnærð. „Magnolia hjálpar mér ekki einungis að sofna heldur steinsef ég alveg til morguns og vakna hress og kát. Mér hefur ekki liðið betur í langan tíma og mæli eindregið með Magnolia fyrir alla sem eiga erfitt með svefn. Það hefur unnið kraftaverk fyrir mig. Það er ótrúlegt hvað góður svefn er mikilvægur. Það er svo miklu skemmtilegra að vakna úthvíld og í góðu skapi,“ segir Hrafnhildur og hlær.



**MÆLIR MEÐ** Hrafnhildur Ólafsdóttir mælir eindregið með Magnolia. MYND/GVA



Börkur af plöntunni **MAGNOLIA OFFICINALIS** vex í fjallahéruðum Kína og hefur verið notaður við svefnvandamálum, kvíða og þunglyndi í yfir 2.000 ár í Asíu.
Rekja má ótrúlegan lækningamátt hans til náttúrulegu efnanna honokiol og magnolol. Börkurinn virkjar taugaboðefni í heilanum sem hafa slakandi og róandi áhrif og stuðla að heilbrigðum og samfelldum svefni. Börkurinn vinnur einnig gríðarlega vel gegn stressi, kvíða og þunglyndi með því að koma jafnvægi á hormónið cortisol sem er stundum kallað stress hormónið. Nýleg rannsókn frá Landlæknisembættinu sýnir að um þriðjungur Íslendinga á við svefnvandamál eða þunglyndi að stríða.



## SÖLUSTAÐIR

Fáanlegt í apótekum um land allt, í Heilsuhúsinu, Heilsuveri, Heilsuhorninu í Blómavali, Hagkaupi, Fjarðarkaupum, Lifandi markaði, Orkusetrinu, Heilsulausn.is og Heimkaupum.

**RÁÐLÖGÐ NOTKUN**

Taktu eitt til tvö hylki með vatnsglasi með kvöldmat eða um 30-60 mínútum fyrir svefn. Dagskammtur er 1–2 grænmetishylki.

White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
< Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

„Beetroot hefur gefið mér aukna orku í íþróttum og losað mig við hand- og fótkuldann!“
Kristbjörg Jónsdóttir
Zumba kennari og hlaupari
Rauðrófu „extrakt“ í hylkjum
Láttu verðið koma þér á óvart
natures aid Beetroot 700mg
www.gengurvel.is
Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
INHOPE insafe
SAFT

Bólurnar burt fyrir sumarið!
20% afsláttur í maí
Náttúrulegar húðvörur
Liquid Sprey, Gel Serum, Face Wash og Face Wipes
Valið besti bólubaninn*
Einfalt í notkun
- Bólur - Kýli - Fílapenslar -
salcura Antiac
*Embarrassing Bodies Channel 4, UK.
www.gengurvel.is
Fáanlegt í öllum helstu apótekum og heilsubúðum
Inniheldur EKKI: stera, paraben, sýklalyf, alkóhól og peroxíð












**MISSIR EKKI AF NEINU** Margrét Gunnarsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, skipuleggur sig vel á ferðalögum svo hún missi ekki af neinu. Hún eyddi tveimur mánuðum í stórborgunum París og London í íbúðaskiptum sem hún segir góða leið til að tengjast áfangastaðnum. MYND/MARGRÉT GUNNARSDÓTTIR

# LÆTUR EKKI KOMA SÉR Á ÓVART

**FERÐALÖG** *Margrét Gunnarsdóttir skipuleggur tímann út í ystu æsar þegar hún leggur land undir fót og er lítið fyrir að láta koma sér á óvart. Hún segir íbúðaskipti sniðuga leið til að tengjast hverjum áfangastað.*

Ég hafði íbúðaskipti eitt haustið í tvo mánuði. Það ætla ég svo sannarlega að gera aftur þegar ég hef tök á. Þetta fyrirkomulag sparar óhemju upphæðir sem annars færu í gistingu og eins fær maður andrúmsloftið beint í æð, maður er ekki bara gestur. Sonur minn er nýbúinn að hafa skipti á íbúð í Kaupmannahöfn og er „húkkt“ á þessu,“ segir Margrét Gunnarsdóttir, ferðalangur með meiru.

**VEL SKIPULAGT**

Margrét fór til Parísar og London í þessari haustferð og notaði tímann bæði til vinnu og til að slappa af. Hún skipulagði tímann út í ystu æsar.

„Ég skipulegg öll mín ferðalög mjög vel, kannski fylgir það því að vera bókasafns- og upplýsingafræðingur,“ segir hún sposk. „Ég þræddi báðar borgirnar rækilega og tók þær fyrir lið fyrir lið. Var dugleg að lesa mér til og planaði daglega allar ferðir út frá því. Þann tíma sem ég var í London fór ég um hverja helgi dagsferðir til nærliggjandi bæja,“ segir Margrét og bætir við að gott skipulag skili henni betri upplifun af hverjum stað.

„Mér finnst skipta mjög miklu máli að vera undirbúin og missa þannig ekki af einhverju stórkostlegu, sem var kannski handan við hornið en maður vissi ekki af því. Auðvitað fá margir heilmikið út úr því að halda út í bláinn og láta hlutina koma sér á óvart. Ég er ekkert í því,“ segir hún sposk.

**Í FRÆGUM KIRKJUGARÐI**

„Í París heimsótti ég meðal annars kirkjugarðinn Père Lachaise, fór þangað hálfgerða pílagrímsför en þar eru margir þekktir einstaklingar grafnir, meðal annars Édith Piaf. Það er upplifun að ganga um garðinn. Einnig fannst mér gaman að sjá þann skemmtilega sið heimamanna að sitja í kringum tjörn í garðinum fyrir aftan Louvre-safnið, og dýfa tánum í vatnið meðan þeir borða nestið sitt eða glugga í bók. Í London kynntist ég hverfi sem ekki allir þekkja, Docklands. Það var óhrjálegt hverfi en nú er búið að byggja það mikið og bæta og gaman að heimsækja. Svo er gaman að rölta á Portobello-markaðinn og í hverfinu Notting Hill.“

Margrét er áhugamanneskja um ferðalög og heldur úti Facebook-síðunni Ferðalangur þar sem hún safnar saman ferðatengdum upplýsingum sem geta nýst fólki. „Ég starfaði við fararstjórn í tíu ár og þvældist um Evrópu með Íslendinga í rútum og fékk þá mikið af hugmyndum sem mig langaði til að koma á framfæri.“

*Ertu búin að skipuleggja næstu ferð?*

„Ég fer vonandi til Berlínar í sumar,“ segir Margrét og viðurkennir að hún ferðist lítið innanlands. „Alltof lítið, það er svo dýrt og varla fyrir venjulegt fólk. En reyndar væri margt vitlausara en að hafa bara íbúðaskipti innanlands.“



**SKEMMTILEG STEMMING** Margréti fannst sá siður Frakka að kæla fæturna í tjörn í garði fyrir aftan Louvre-safnið meðan þeir borðuðu nesti eða lásu bók skemmtilegur. NORDIC PHOTOS/GETTY



**IÐANDI MANNLÍF Á MARKAÐI** Portobello-markaðurinn í London dregur jafnan til sín ferðalanga og heimsótti Margrét markaðinn og Notting Hill-hverfið í ferðinni.



**ÆVINTÝRALEGUR GARÐUR** Margrét heinmsótti meðal annars Père Lachaise-kirkjugarðinn í París en þar eru margir þekktir einstaklingar grafnir, svo sem Édith Piaf.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Full búð af nýjum vörum

# 20-50%

## afsláttur af öllum vörum

**Mussa**

Verð áður 12.900 kr.-

**Nú aðeins 9.900 kr.-**

**Kjóll**

Verð áður 12.900 kr.-

**Nú aðeins 9.900 kr.-**



**Tunika**

*Litir:*

*svart - offwhite - coral*

*stærðir 38 - 48*

Verð áður 12.900 kr.-

**Nú aðeins 5.990 kr.-**

ATH. Nú einnig til í XXL





**Kvartbuxur**

*stærð 10-20*

*svartar - hvítar*

Verð áður 12.900 kr.-

**Nú aðeins 9.900 kr.-**



**Tunika**

*stærðir 10 - 22*

Verð áður 12.900 kr.-

**Nú aðeins 9.990 kr.-**

COSMO

Kringlunni

TRI

Suðurlandsbraut 32

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND




þýsk gæði á góðu verði!

# CUBE

## WWW.TRI.IS

- Opnunartími @ TRI VERSLUN -

Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00

Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

SHIMANO SHIMANO

# Aukin áhrif álveranna

***Hlutur álklasans í landsframleiðslu jókst úr 4 prósentum í tæp 7 á fimm árum. Heildarfjöldi starfa vegna iðnaðarins er minnst 3.645.***

Beint framlag álklasans til vergrar landsframleiðslu mældist tæp fjögur prósent á árinu 2007 en var komið upp í 6-7 prósent árið 2012. Framlagið hefur því aukist á undanförnum árum. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann fyrir Samál, samtök álframleiðenda. Skýrslan ber yfirskriftina Þjóðhagsleg staða og þróun íslensks áliðnaðar.

Íslenski álklasinn er skilgreindur á þeim grunni að áliðnaður og raforkan sem hann nýtir sé grunnatvinnuvegur og þar með kjarni klasans. Innan klasans eru svo allir þeir atvinnuvegir sem rekja eitt prósent eða meira af veltu sinni til áliðnaðarins.

Niðurstöður Hagfræðistofnunar benda til þess að áliðnaðurinn tengist flestum atvinnuvegum á Íslandi, en áhrifin séu mismikil eftir atvinnuvegum. Innan álklasans teljast þó, samkvæmt þessari



**Á GRUNDARTANGA** Álverið er stærsti einstaki vinnustaðurinn á Vesturlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/

skilgreiningu, jafn ólíkir atvinnubálkar og starfsemi veitna, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og fjármála- og vátryggingastarfsemi. Í skýrslunni kemur fram að um eitt prósent af veltu fyrirtækja í fjármála- og vátryggingastarfsemi megi rekja til áliðnaðarins. Um 35 prósent af veltu veitna eru aftur á móti rakin til áliðnaðarins.

## 600 manns

starfa í álverinu á Grundartanga.

Helstu aðföng álframleiðslunnar hér á landi eru raforka, vinnuafl, súrál, rafskaut og álflúoríð. Af þessum helstu aðföngum fæst raforka auk vinnuafls á Íslandi.

Í skýrslunni kemur fram að árið 2012 voru framleiddar rúmlega 17.500 gígawattstundir af raforku á Íslandi, þar af voru rúmlega 12.000 gígawattstundir nýttar af álverum. Þá kemur fram að um 1.500-2.000 manns starfi í álverunum. Flestir, eða um 600 manns, hjá Norðuráli. Um 450 starfa hjá Fjarðaáli og aðrir 450 hjá Rio Tinto Alcan í Straumsvík. Heildarfjöldi starfa sem megi rekja til áliðnaðarins, með afleiddum störfum, sé á bilinu 3.645-4.860.

jonhakon@frettbladid.is



**BREYTIR TIL** Sunna segist alltaf hafa haft áhuga á vísindum og umhverfismálum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Finnst skemmtilegast að elda indverskan mat

***Sunna Valgerðardóttir hefur verið ráðin til Orkuveitu Reykjavíkur. Hún segist vera þekkt fyrir hæfni sína við að elda indverskan mat. Sunna grét yfir fegurð Ásbyrgis þegar hún kom þangað.***

Sunna Valgerðardóttir, fréttamaður á RÚV, ákvað á dögunum að skipta um starfsvettvang og hefja störf hjá Orkuveitu Reykjavíkur. „Ég hafði þörf fyrir að breyta til og takast á við nýjar áskoranir,“ segir hún.

Sunna segist alltaf hafa verið áhugamanneskja um orkumál. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á vísindum og umhverfismálum og eftir að ég byrjaði í fréttamennsku áttaði ég mig alltaf betur og betur á mikilvægi þessa málaflokks og þeim tækifærum sem standa Íslandi til boða bæði innanlands sem utan,“ segir hún.

Nýja starfið hennar Sunnu felst í samskiptum, bæði innan fyrirtækisins og utan, og samskiptum við fjölmiðla. „Ég verð talsmaður bæði Orkuveitunnar og dótturfélaga Orkuveitunnar. Svo sé ég líka um uppsetningu á grafík og hönnun og fleira,“ segir Sunna.

Aðspurð segir hún að það muni örugglega koma að því að hún sakni blaðamennskunnar. „En það er gott. Það er gott að fara glöð,“ segir hún.

Helstu áhugamál Sunnu eru matur, garðyrkja, ferðalög og breskir sakamálaþættir. „Mér finnst ægilega gaman að elda og líka ægilega gaman að láta elda fyrir mig,“ segir hún. Aðspurð hvort sé skemmtilegra segir hún að það sé skemmtilegra að elda sjálf og skemmtilegast að elda indverskan mat. Hún segist vera þekkt í tveimur landshlutum fyrir hæfni sína í eldamennsku á indverskum mat – Suður- og Norðurlandi.

Spurð út í skemmtilegustu staði sem hún hafi ferðast til segir Sunna að það séu Síle og Fnjóskadalur, en fallegasti staðurinn sé Ásbyrgi. „Ég hef bara einu sinni farið að gráta út af fegurð náttúrunnar og það var í Ásbyrgi,“ segir Sunna.

Sunna á son sem heitir Úlfur Bjarni Tulinius og saman eiga þau páfagaukinn Birgittu. Nafnið er heldur óvenjulegt fyrir þær sakir að fuglinn er karlfugl. Sambýlismaður Sunnu er Kolbeinn Óttarsson Proppé blaðamaður.

jonhakon@frettabladid.is

## HÁVÆR EN SKEMMTILEG



Sunna er eldskörp og brjálæðislega skemmtileg. Hún er góður vinur og ég myndi segja að starfsmenn Orkuveitunnar ættu að búa sig undir það að hún komi inn með látum. Uppi á fréttastofu kom hún inn og það var eins og hún hefði alltaf verið þar. Það var strax fjör í kringum hana. Hún talar hátt og mikið, ég myndi eiginlega segja að hún væri hávær. En það á reyndar við um fleiri sem ég þekki, eins og sjálfa mig. En henni fyrirgefst það af því að það sem hún hefur að segja er alltaf svo skemmtilegt.

**Ragnhildur Thorlacius** fréttamaður



Sunna er rosalega góð vinkona og við erum búnar að vera bestu vinkonur síðan við vorum fjögurra ára. Við vorum saman í Barnaskólanum á Akureyri. Hún flutti reyndar til Bandaríkjanna með mömmu sinni í 7. eða 8. bekk, en síðan kom hún aftur til baka. Hún heldur rosalega vel utan um vinkonur sínar og er rosalega hjálpleg og gefur góð ráð. Hún getur verið pínu ýtin en það hefur nú aldeilis hjálpað henni í starfi. Hún er fylgin sér og er rosalega klár í að fá fólk til að tala.

**Drífa Guðmundsdóttir** vinkona




LEAN TIL ÁRANGURS
Í ÞJÓNUSTUFYRIRTÆKJUM

Ráðstefna VÍS og Stjórnvísi

LEAN til árangurs í þjónustufyrirtækjum – ráðstefna VÍS og Stjórnvísi er fyrir alla sem hafa hug á eða eru byrjaðir að tileinka sér LEAN hugmyndafræðina til að ná fram árangri í rekstri. Til að LEAN innleiðing nái tilsettum árangri þarf að koma LEAN stjórnunarháttum og hugsun í menningu fyrirtækja. Fjallað verður um hvernig hægt er að sameina á árangursríkan hátt áherslur um að auka ánægju viðskiptavina og lækka kostnað. Fyrirlesarar koma allir úr þjónustufyrirtækjum og miðla mislangri reynslu sinni af því að vinna með LEAN.

21. maí 2015
Kaldalóni í Hörpu
Kl. 13:00 - 18:30

Aðgangseyrir kr. 12.900.- kaffi, kokteill og léttar veitingar innifaldar.

**Dagskrá**

13:00-13:30 **LEAN menning hjá VÍS** - Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS
13:30-14:20 **Focus on customers and cost** - Christian Ahle Greve
14:20-14:40 **Kaffihlé**
14:40-16:00 **LEAN ferðalagið hjá VÍS og reynslusögur frá stjórnendum**
16:00-16:10 **Kaffihlé**
16:10-17:00 **LEAN – A journey and transformation** - Søren Nordby Riishøj
17:00-18:30 **Kokteill og umræður**

VÍS

STJÓRNVÍSI

**VÍS**
VÍS er stærsta tryggingafélag landsins og leggur ríka áherslu á skilvirkni, sveigjanleika og gæði í þjónustu sinni við viðskiptavini. VÍS hóf formlega innleiðingu á LEAN menningu haustið 2013 og hefur náð góðum árangri í aukinni ánægju viðskiptavina ásamt því að lækka kostnað. Farið verður yfir LEAN ferðalagið ásamt því að miðla reynslusögum stjórnenda. www.vis.is

**Christian Ahle Greve – Tryg**
Christian starfar hjá Tryg, stærsta tryggingafélaginu í Danmörku. Hann mun fjalla um hvernig Tryg hefur með innleiðingu LEAN tekist að sameina áherslur á ánægju viðskiptavina og lækkun kostnaðar með miklum árangri. www.tryg.dk

**Søren Nordby Riishøj – Nets**
Søren starfar hjá Nets, greiðslumiðlunarfyrirtæki í Danmörku. Hann mun fjalla um hvernig LEAN var notað í sameiningu tveggja fyrirtækja sem varð að lokum Nets með miklum árangri. www.nets.eu

## 120GB OG 240GB SSD DISKAR

# 48 TÍMA TILBOÐ




240GB
**17.995 KR.**
VENJULEGT VERÐ 23.995 KR.

120GB
**11.995 KR.**
VENJULEGT VERÐ 15.995 KR.

CORSAIR®

## 25% AFSLÁTTUR Í 48 TÍMA!

**TRAUSTIR CORSAIR SSD DISKAR SEM STÓRAUKA HRAÐA OG AFKÖST TÖLVUNNAR.**

- Aðeins 7 mm. á hæð. Passar í þunnar fartölvur
- Einföld uppsetning og hugbúnaður fylgir
- Betri orkunýting
- Virkar fyrir PC og MAC

Tilboðið gildir til kl. 8:00 fimmtudagsmorgun 14. maí í verslunum og www.tl.is




tl.is
TÖLVULISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

Það er skylda stjórnvalda að forgangsraða í þágu ferðaþjónustunnar:

# *Of fáir ferðamenn á Íslandi*

Það er útbreiddur misskilningur að Ísland sé að mettast þegar fjöldi ferðamanna er annars vegar. Við höfum aðeins nýtt brot af því svigrúmi sem við höfum til að auka verðmætasköpum í ferðaþjónustu með fjölgun ferðamanna.

Ég greip eintak af tímaritinu Details til að stytta mér stundir í flugi heim til Íslands fyrr í þessari viku. Þar rakst ég á greinarkorn þar sem lesendur eru hvattir að heimsækja Lofoten-eyjar í Noregi því þær séu Nýja-Ísland (e. New Iceland) sökum stórbrotinnar náttúrufegurðar. Í greininni kemur jafnframt fram að það segi mikla sögu að framkvæmdastjóri Ferðamálastofu (Icelandic Tourist Board) hafi sagt að það séu nú þegar of margir ferðamenn á Íslandi. Af þessu dró greinarhöfundur þá ályktun að það væri miklu betra að fara til Lofoten.



**Markaðshornið**

**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@stod2.is

**Það er mikilvægt að eyða þeirri þjóðsögu að það séu of margir ferðamenn á Íslandi sem fyrst.**

Það er út af fyrir sig skrítið að tímaritið Details sé að vitna í framkvæmdastjóra Ferðamálastofu en látum það liggja á milli hluta. Það er mikilvægt að eyða þeirri þjóðsögu að það séu of margir ferðamenn á Íslandi sem fyrst. Því staðreyndin er sú að það eru of fáir ferðamenn á Íslandi.

Stundum er sagt að það sé betra að fá fleiri ferðamenn sem eyða milljón krónum en að fá milljón ferðamenn. Þetta er að hluta til satt og rétt en að hluta til bull. Ferðamannafjöldinn er þegar kominn upp í milljón á ári. Skúli Mogensen, stofnandi og forstjóri Wow Air, benti á það í síðustu viku, að ef spár um 20% árlegan vöxt ferðaþjónustunnar ganga eftir, gæti þessi fjöldi verið kominn upp í tvær milljónir árið 2018. Það myndi þýða 100 milljarða króna skatt- og þjónustutekjur í ríkissjóð á ársgrundvelli. Til að setja þessa fjárhæð í samhengi þá var upphafleg kostnaðaráætlun vegna nýs Landspítala 80 milljarðar króna. Þá hefur Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, boðað 10-20 milljarða króna árlegar arðgreiðslur af rekstri Landsvirkjunar í ríkissjóð eftir fimm ár ef áætlanir ganga eftir, svo annað dæmi sé valið af handahófi.

Ferðaþjónustan er orðin ein mikilvægasta atvinnugrein landsins. Á síðustu árum gerðist það annars vegar að hún fór fram úr sjávarútvegi í gjaldeyrisöflun fyrir þjóðarbúið á einum ársfjórðungi og hins vegar fór bein hlutdeild hennar í VLF líka upp fyrir sjávarútveg (þó ekki á sama tíma). Því skal þó haldið til haga að engin atvinnugrein kemst nálægt sjávarútvegi ef klasarnir í kringum hann eru teknir með en þá er þetta hlutfall um 26%. Írland er 84.421 ferkílómetri. Ísland er 103.000 ferkílómetrar. Samt fara miklu fleiri ferðamenn til Írlands á ári hverju. Ísland er stórt land og það getur tekið við miklu fleiri ferðamönnum. Ég skynja vannýtta auðlind ferðaþjónustunnar svipað og virkjun straumvatnsins var fyrir byggingu Búrfellsvirkjunar 1966-1969. Það er galið að nýta tækifærið ekki.

Af þessum staðreyndum má draga þann lærdóm að það sé ekki einungis æskilegt, heldur beinlínis skylda, að stjórnvöld forgangsraði í þágu ferðaþjónustunnar. Almannahagsmunir krefjast þess. Sérstaklega í ljósi greiðslujafnaðarvanda þjóðarbúsins. Stækkun flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, sem er komin á framkvæmdastig, er skref í átt að þessu markmiði og því ber að fagna en það þarf að gera meira. Að náttúrupassann skyldi daga uppi í þinginu var áfall og það er nauðsynlegt að ná samstöðu í þinginu um nýjan náttúrupassa eða sambærilega lausn.

Að breyta ekki innviðum til að gera íslenskt samfélag í stakk búið að taka á móti tveimur milljónum ferðamanna er álíka heimskulegt og að selja ekki þorsk til útlanda og veiða hann bara til manneldis hér á landi.

## Grískir fjölmiðlamenn kröfðust þess að verða ráðnir aftur



**ÚTVARPSSTÖÐIN OPNUÐ AFTUR** Fyrrverandi starfsmenn gríska ríkisútvarpsins ERT kröfðust þess í gær að verða samstundis endurráðnir. Gríska þingið samþykkti þann 28. apríl síðastliðinn að endurvekja ERT-útvarpsstöðina. Henni var lokað í niðurskurðaraðgerðum árið 2013. Endurreisn útvarpsstöðvarinnar var eitt af kosningaloforðum Syriza-flokksins fyrir síðustu kosningar. NORDICPHTOS/AFP

# Munu verkföllin draga úr jöfnuði?

***Skoðun***

**Björn Brynjúlfur Björnsson**
hagfræðingur
Viðskiptaráðs Íslands



Nær öll verkalýðsfélög landsins standa nú í verkfallsaðgerðum eða hafa boðað slíkar aðgerðir á komandi vikum. Ástæða boðaðra verkfalla er kröfur um allt að 50% nafnlaunahækkanir á þriggja ára tímabili, sem hvorki viðsemjendur verkalýðsfélaganna hjá hinu opinbera né á almennum vinnumarkaði hafa samþykkt.

Haldi fram sem horfir er líklegt að samningar um verulegar nafnlaunahækkanir verði niðurstaðan. Verkfallsréttinum verður í launþegum sterka samningsstöðu þar sem fæst fyrirtæki þola að starfsemi þeirra stöðvist í lengri tíma. Til marks um það hafa Samtök atvinnulífsins þegar lagt fram tilboð um 23,5% hækkun dagvinnulauna yfir þrjú ár, en því tilboði var hafnað. Til samanburðar er það mat Seðlabanka Íslands að svigrúm til launahækkana nemi um 11% á sama tímabili.

Launahækkanir umfram svigrúm munu óhjákvæmilega leiða til aukinnar verðbólgu. Nýverið birtist grein eftir aðalhagfræðing Seðlabankans þar sem áhrif 30% nafnlaunahækkunar á næstu þremur árum voru áætluð. Niðurstaðan var sú að verðlag myndi hækka um 15% til viðbótar við nýjustu spá bankans. Verðbólga færi þannig yfir 7% á ári samanborið við 2,5% á ári ef samið væri um launahækkanir innan þess svigrúms sem er til staðar.

**Tekjulágir berskjaldaðir**

Yfirskrift baráttudags verkalýðsins í ár var „jöfnuður býr til betra samfélag“ og endurómaði það sjónarmið í ræðum forsvarsmanna flestra verkalýðsfélaga á deginum. Hið þversagnakennda er að kröfugerðir verkalýðsfélaganna eru þess fallnar að draga úr jöfnuði á sama tíma og forsvarsmenn þeirra gera kröfu um aukinn jöfnuð.

Ástæða þess er að tekjulægri einstaklingar eru berskjaldaðri gagnvart verðbólgu en þeir tekjuhærri. Tekjulágir verja hærri hluta launa sinna í neyslu, sem verður sífellt kostnaðarsamari eftir því sem verðlag hækkar. Tekjuháir hafa aftur á móti svigrúm til að leggja fyrir og fjárfesta í eignum sem veita þeim vörn gagnvart verðbólgu. Verðbólga kemur sér því verr fyrir þá tekjulægri og dregur þannig úr jöfnuði.

Neikvæð áhrif verðbólgu á jöfnuð eru mikil hérlendis samanborið við önnur ríki. Samkvæmt útgjaldatölum frá Hagstofu Íslands ver tekjulægsti fjórðungur Íslendinga ríflega helmingi hærra hlutfalli ráðstöfunartekna sinna í neyslu en sá tekjuhæsti. Aðstöðumunur þessara hópa þegar kemur að því að verja sig gagnvart verðbólgu er því mikill. Auk þess er verðtrygging útbreidd hérlendis. Geta tekjuhærri einstaklinga til að verja sig með beinum hætti gagnvart verðbólgu, til dæmis með fjárfestingu í verðtryggðum skuldabréfum, er því meiri en í mörgum öðrum ríkjum.

Barátta forstöðumanna verkalýðsfélaga fyrir auknum jöfnuði með ríflegum nafnlaunahækkunum getur vart talist skynsamleg. Slíkar hækkanir munu leiða til aukinnar verðbólgu sem vinnur gegn því markmiði. Standi vilji til að auka jöfnuð í samfélaginu væri líklegra til árangurs að líta til þeirra aðferða sem önnur norræn ríki hafa beitt. Þar hafa hóflegar nafnlaunahækkanir og lág verðbólga stutt við markmið um aukinn jöfnuð og stöðugt vaxandi kaupmátt á undanförnum áratugum.

# *Tálsýn verulegra launahækkana*

***Hin hliðin***

**Heiðrún Lind Marteinsdóttir,**
héraðsdómslögmaður á Lex lögmannsstofu. ehf.



Miðað við fréttir liðinna daga má búast við því að stór hluti vinnandi fólks fari í þvingað launalaust sumarfrí og óvíst er hversu lengi það mun standa og hverju það mun skila. Sá stutti þanki sem hér fer á eftir vinnur vafalaust ekki vinsældakosningu, en hvað um það. Staðreyndin er sú að verkföll og þvinguð, veruleg hækkun launa á hinum frjálsa markaði, munu ekki skila launþegum ábata til lengri tíma. Nú skal reynt að skýra þetta í stuttu máli.

Þegar verkalýðsfélög setja fram kröfur um hækkun launa má ætla að slík krafa byggi á því að sækja megi slíka launahækkun í hagnað vinnuveitanda. Í ljósi þeirra umrótstíma sem verið hafa í íslensku efnahagslífi umliðin ár má ætla að þau fyrirtæki sem þó lifðu tímabilið af, séu fjarri því að vera komin í þá stöðu að miklum hagnaði sé úthlutað til eigenda. Þegar af þessari ástæðu er hugmyndin slæm. Þetta er þó ekki aðalatriðið og hugsanlega gengur það upp til skamms tíma eða við einstakar aðstæður að launahækkanir náist á kostnað hagnaðar. Það sem mun þó að öllum líkindum gerast, ef launahækkanir eru þvingaðar fram í fyrirtæki, er að hlutaðeigandi fyrirtæki mætir auknum kostnaði með hækkun verðs á seldri vöru eða þjónustu. Út frá lögmálum hagfræðinnar er raunar sérstaklega líklegt að þetta verði raunin hér á landi, enda fátítt að íslensk fyrirtæki búi við erlenda samkeppni sem getur veitt þeim íslensku verulegt samkeppnislegt aðhald.

Launahækkunum er þannig velt yfir á neytendur, og þessir sömu neytendur eru auðvitað launafólk. Við hækkun á vöru eða þjónustu munu raunlaun því aðeins verða lægri þegar upp er staðið. Heildarmyndin er þó ekki einungis við þetta eitt, enda kann hækkandi verð að leiða til samdráttar í sölu og hagnaður hlutaðeigandi fyrirtækis verður minni. Líklegasta afleiðing þessa til lengri tíma er síðan sú að atvinna dregst saman og heildarlaun taka að lækka.

> **Launahækkunum er þannig velt yfir á neytendur og þessir sömu neytendur eru auðvitað launafólk.**

Þrátt fyrir markmið verkalýðshreyfingarinnar um verulega hækkun launa, þá leiðir af fyrrgreindu að slík hækkun, gengi hún eftir, væri aðeins til skamms tíma. Til lengri tíma verður hin endanlega niðurstaða að öllum líkindum önnur. Of margir kjósa því miður að líta fram hjá þessu. Grasið verður því miður ekki grænna hinum megin við þvingaða, launalausa sumarfríið. Það má vonandi hafa það í huga áður en lagt er af stað.

Loksins færðu stuðning
í vinnunni

Knoll

**CHADWICK STÓLLINN
SAMEINAR FALLEG FORM
OG HÁMARKSÞÆGINDI.**

**HÖNNUÐUR: DON CHADWICK**

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal

**Verð áður: 196.100.-**

**Tilboðsverð:**

**137.000.-***



*** væntanlegur í júní**

MARKAÐURINN
Netfang ritstjorn@markadurinn.is Sími 512 5000 Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 132,02 | DKK 19,89 | NOK 17,66 | CHF 142,29 |
| GBP 207,16 | EUR 148,40 | SEK 15,90 | JPY 1,10 |

**FTSE 100**
6.933,80 -96,05 (1,37%)

**Viðskiptavefur Vísis**
@VisirVidskipti

## 4 SINNUM Í VIKU
### Hyggjast fljúga til Chicago

Icelandair hefur ákveðið að hefja áætlunarflug til O'Hare-flugvallar í Chicago í Bandaríkjunum í mars á næsta ári og verður flogið til og frá borginni allt árið um kring. Fyrst um sinn verður flogið fjórum sinnum í viku, á mánudögum, miðvikudögum, föstudögum og sunnudögum. Chicago verður fimmtándi áfangastaðurinn í Norður-Ameríku sem Icelandair býður upp á í leiðakerfi sínu.

## 3.500 TONN
### Unnið á fullum vöktum

„Við erum búnir að vinna úr um 11.500 tonnum af kolmunna á vertíðinni og nú eru tvö skip í höfn með samtals 3.500 tonn þannig að það er nóg að gera," segir Sveinbjörn Sigmundsson, verksmiðjustjóri fiskmjölsverksmiðju HB Granda á Vopnafirði. Unnið er á fullum vöktum í verksmiðjunni allan sólarhringinn.

**11.05.2015** Það er ekkert afgangs fyrir utan launin og húsnæðið. Og menn eru svolítið við frumstæðar aðstæður við þetta. Þú þarft að treysta því að fá gott fólk í þetta. Það er ekki sama hver vinnur þetta. Og þetta er auðvitað alveg gífurlega mikilvægt. En samt eru menn alltaf á horriminni og rúmlega það. ***Brynjar Níelsson*** *alþingismaður*



## 20 SINNUM MEIRA
### Dýrt að virkja sjávarorku

Kostnaður við virkjun sjávarorku er um 20 sinnum hærri en við hefðbundna vatnsaflsvirkjun. Þetta er niðurstaða sérfræðingahóps sem var falið að meta umfang og nýtingarmöguleika sjávarorku við strendur Íslands. Hópurinn hefur skilað iðnaðar- og viðskiptaráðherra skýrslunni. Þar kemur fram að reikna má með að á næstu 30 árum verði miklar framfarir á þessu sviði.

## STJÓRNARMAÐURINN

## Endurkoma bókarinnar

Tækninýjungum fylgja gjarnan dómsdagsspár um að það sem fyrir er á fleti hljóti að hverfa snarlega. Þannig spáðu menn að útvarpið myndi líða undir lok þegar sjónvarpið kom á vettvang og margir hafa keppst við að spá endalokum hins eða þessa eftir tilkomu internetsins – hvort sem það er verslun upp á gamla mátann, dagblöð eða mannleg samskipti án tilstuðlanar samfélagsmiðla.

**STJÓRNARMAÐURINN** las því af nokkurri athygli fréttir af bóksölu frá Bretlandi. Sala á fýsískum bókum er þar nokkuð stöðug, og hefur verið undanfarin ár. Sérstaka athygli vekur hins vegar að sala á barnabókum er í mikilli sókn og hefur aukist um 11% milli ára. Hefur salan ekki verið meiri frá árinu 2007, þegar síðasta bókin um Harry Potter kom út.

**VIÐ ÞETTA MÁ BÆTA** að verulega hefur hægst á vexti í sölu á rafbókum. Salan jókst um 11% í fyrra, 19% árið áður og 65% árið þar á undan. Nú er staðan sú að þriðja hver bók sem seld er í Bretlandi er rafbók.

**SÚ STAÐREYND** að hægst hefur á vexti í sölu rafbóka bendir til þess að jafnvægi sé að nást milli slíkra bóka og fýsískra bóka.

**ÞETTA ER HIÐ SAMA** og smám saman hefur gerst varðandi sölu á netinu. Rótgrónir smásalar geta ekki lengur komið með bjartsýnisspár um að brátt verði sala á netinu stærstur hluti heildarsölu og vöxturinn eftir því. Netið er ekki lengur nýtt, heldur nokkurn veginn föst stærð. Fyrir rótgróið vörumerki sem stundað hefur viðskipti upp á gamla mátann, þykir gott ef í mesta lagi þriðjungur sölu fer fram gegnum netið. Þetta vita fjárfestar og aðrir þátttakendur á markaðnum.

**VIÐ ÞETTA MÁ BÆTA** að talsverð aukning hefur orðið á lestri tímarita í heiminum eftir tilkomu internetsins.

**EN SVO VIÐ VÍKJUM AFTUR** að tölunum frá Bretlandi þá er önnur athyglisverð staðreynd þessi mikli vöxtur í sölu barnabóka. Þetta bendir til þess að foreldrar sem ólust upp við bækur, en urðu fullorðnir með snjallsíma í lófanum vilji að börnin deili þeirri upplifun að halda á bók upp á gamla mátann.

**BÓKSALAR Á ÍSLANDI** og annars staðar skulu því ekki missa móðinn. Bókin er ekki á leiðinni út heldur mun hún vonandi lifa í sátt og samlyndi við rafbókina.

**SPURNINGIN** er bara hvar jafnvægið liggur.

@stjornarmadur



## Fellihýsi




## Bátar







**HEIMAVÍK 20 ÁRA.**
Silunganet, flotnet, sökknet. Heimavík, Smiðjuvegur 28, rauð gata. 200 Kóp. S. 892 8655 www.heimavik.is

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. ,99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is




**FELGUR**
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

## Bílaþjónusta




Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**ÁRATUGA REYNSLA**
Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningaþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Garðyrkja










Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www. velaverkjs.is

**FYRIRMYNDAR GARÐSLÁTTUR**
Ódýr og vandaður garðsláttur og trjáklippingar fyrir húsfélög og einstaklinga. Engi ehf 615-1605, grasblettur@gmail.com

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@ flytja.is

## Húsaviðhald







Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is




Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569

## Spádómar




**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 14 alla daga.

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com




# KEYPT & SELT

## Til sölu




Nú getur þú útbúið sálmaskrá á heimasíðu okkar www.samskipti.is eða látið okkur gera hana fyrir þig. S: 5807820 eða sendu fyrirspurn á netfangið sala@samskipti.is




**ÚTSALA ÚTSALA !**
20-50% afsl. af öllum vörum verslunarinnar Ditto og Yogasmiðjunnar. Opið frá kl.14 þri 12.mai mið13 mai og föst 15 mai www.yogasmidjan.is Smiðjuvegur 4 (græn gata) Kópavogur

Til sölu 40ft gámur, fyrstikista, bílskúrshurðaopnari og dekkjaglennari. Uppl. í s. 893 3475

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Flug



**EINKAFLUGMANNSNÁM HEFST 1. JÚNÍ, SKELLTU ÞÉR Á NÁMSKEIÐ!**
Láttu drauminn rætast!. Skráðu þig í nám. Fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmanni (hefst í sept). Kvöldskóli - nám með vinnu. Skemmtileg upplifun og frelsi - fylgir fluginu. Einnig helgarnámskeið fyrir 14 - 16 ára. Kannaðu málið! Skráning á www.flugskoli.is

## til sölu




## skemmtanir



## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!**
Kistumelar 16, 116 Reykjavík 165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.
**Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

**ÍBÚÐ Í MIÐBORG KAUPMANNAHAFNAR**
til leigu í 3 mánuði. Íbúðin er fullbúin og er til leigu fra 1.júni n.k. Er í nágrenni við Amalienborg, Kgs.Nytorg og Strikið. Mánaðaleiga 10.000. danskar + notkun. Nánari uppl. leiga41@gmail.com

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU OG SÖLU**
Ný 50 m2 bil í Steinhellu 14. Mikil lofthæð. Góðir gluggar og hurðir. Fyrir frístundir eða lítinn rekstur. S: 661-6800 og 564-6500

**MEÐLEIGJANDI ÓSKAST AÐ ATVINNUHÚSNÆÐI !**
Í 106fm rými uppá Höfða, innkeyrsludyr og port, wc. Laust 1. júlí. Uppl. í s. 898 4202.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS**
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**VERSLUNIN KVOSIN, AÐALSTRÆTI.**
Leitar að sumarfólki í afleysingar með möguleika á framtíðarstarfi. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund, dugleg(ur) til verka, 18 ára eða eldri og með góða íslensku og ensku kunnáttu. Vinsamlegast sendið ferilskrá og uppl. um meðmælendur á telma@kvosin.is fyrir 15. maí

**STARFSMAÐUR ÓSKAST Á SMURSTÖÐ OG HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI.**
Bílkó óskar eftir vönum mönnum eða með reynslu sem nýtist í starfi á smurstöð og dekkjaverkstæði. Framtíðarstarf í boði.
**Áhugasamir hafi samband við Guðna í s. 618 0560**

Óskum eftir öflugum og jákvæðum sölumanni í 100% starf. Um er að ræða sölu á sértækum verkefnum eins og gluggaþvotti og stéttaþrifum hjá fyrirtækjum. Grunnlaun plús sölubónusar. Þarf að geta byrjað sem fyrst. Umsóknir berist til Sigríðar, sölustjóra Sólar ehf: sigridur@solarehf.is

Starfskraftur óskast til aðstoðar við sauðburð. Uppl. í s. 845 7246

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegu starfsfólki í sumarvinnu, æskilegt er að viðkomandi sé með bílpróf. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Sá sem fann göngutjaldið mitt, líklega nálægt neðri Elliðaárbrúnni, síðdegis laugardaginn 9.mai Hringi í eigandan, s. 8654514

## fasteignir




## tilkynningar

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

### Aðalskipulagsmál

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsverkefni:**

1. **Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027. Endurskoðun.**
   Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur hafið vinnu við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Í dag eru í gildi þrjár aðalskipulagsáætlanir sem hver og ein nær yfir eitt af þeim þremur sveitarfélögum sem sameinuðust í Bláskógabyggð árið 2002, þ.e. Laugardalshrepp, Biskupstungnahrepp og Þingvallasveit, en með nýju aðalskipulagi verða svæðin sameinuð í eitt skipulag sem nær yfir allt land sveitarfélagsins. Haldnir hafna verið tveir kynningarfundir í tengslum við þessa vinnu og nú er kynnt lýsing skipulagsverkefnisins þar sem gerð er grein fyrir helstu viðfangsefnum aðalskipulagsins, áherslum sveitarstjórnar auk upplýsinga um fyrirhugað skipulagsferli. Gert er ráð fyrir að vinna við aðalskipulagið verði í gangi fram eftir árinu 2016 og munu gefast nokkur tækifæri til að koma upplýsingum og sjónarmiðum á framfæri.

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

2. **Breyting á Aðalskipulagi Flóahrepps 2006-2018, í fyrrum Villingaholtshreppi, á spildu úr Skálmholti. Landbúnaðarsvæði í stað frístundabyggðar**
   Lögð fram til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem felst í að breyta hluta af svæði fyrir frístundabyggð úr landi Skálmholts, merkt F15, í landbúnaðarsvæði. Um er að ræða 8 ha svæði og er breytingin gerð þar sem fyrirhugað er að stofna lögbýli á spildunni. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er kynnt samhliða.

**Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

3. **Breyting á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, Bláskógabyggð. Lega Reykjavegar og efnistökusvæði í landi Syðri-Reykja og Efri-Reykja.**
   Um er að ræða breytingar á aðalskipulagi sem m.a. eru gerðar í tengslum við endurbætur á Reykjavegi. Í gilandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir breyttri legu Reykjavegar frá afleggjara að Tjörn og að Biskupstungnabraut, en með breytingunni er fallið frá þeirri færslu og gert ráð fyrir að endurbætur vegar verði að mestu í núverandi vegstæði. Þá er gert ráð fyrir allt að 149.000 m3 efnistökusvæði (Norðurtúnsnáma) í landi Syðri-Reykja rétt við Brúará auk allt að 49.000 m3 efnistökusvæði (Byrgistangi) í landi Efri-Reykja. Gert er ráð fyrir að efni úr námunum verði nýtt í framkvæmdir við Reykjaveg en einnig að þær verði nýttar til áframhaldandi efnistöku eftir því sem eftirspurn kallar á efni.

### Deiliskipulagsmál

**Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:**

4. **Deiliskipulag fyrir 18. holu golfvöll (Svarfhólsvöllur) í landi Laugardæla, Flóahreppi.**
   Lögð fram til kynningar lýsing skipulagsverkefnis vegna deiliskipulags fyrir golfvöll í landi Laugardæla. Svarfhólsvöllur er í dag 9 holu golfvöllur en fyrirhugað er að stækka hann í 18 holur.

**Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunumi:**

5. **Deilskipulag fyrir Geysissvæðið í Haukadal, Bláskógabyggð. Hverasvæði og nánasta umhverfi..**
   Lögð fram til kynningar tillaga að deiliskipulagi fyrir Geysissvæðisins sem byggir á vinningstillögu í "Hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun Geyssvæðisins í Haukadal" sem haldin var 2013-2014. Megin svæði deiliskipulagsins verður hverasvæði í kringum Geysi og Strokk en áhrifasvæði tillögunnar nær þó aðeins út yfir aðliggjandi svæði.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

6. **Deiliskipulag 5 frístundahúsalóða á 3,6 ha svæði úr spildunni Krækishólar (lnr. 166421) í Flóahreppi.**
   Deiliskipulag 5 frístundahúsalóða á 3,6 ha svæði úr spildunni Krækishólar lóð 166421 í Flóahreppi, úr landi Skálmholts, sem liggur sunnan Skeiða- og Hrunamannavegar. Á hverri lóð er heimilt að reisa 1 frístundahús á tveimur hæðum og 1 aukahús á einni hæð, samtals allt að 160 fm, þar af getur stærð aukahúss verið 40 fm að hámarki.
7. **Breyting á deiliskipulagi Torfdals og Vesturbrúnar á Flúðum í Hrunamannahreppi. Stækkun á lóðinni Torfdalur 2( Límtré Vírnet) og aukið byggingarmagn.**
   Breyting á deiliskipulagi sem nær til lóðar Límtrés Vírnets, Torfdal 2, sem felst í að lóðin stækkar úr 21.608 fm í 31.124 fm auk þess s em byggingarreitur stækkar þannig að hann verði 5 m frá lóðarmörkum. Þar sem lóðin stækkar eykst hámarksbyggingarmagn lóðar úr 10.804 fm í 15562 fm en hámarkshæð húsa verður áfram 12 m.

8. **Deiliskipulag fyrir 6 ha svæði úr landi Lindarbæjar 1C í Ásahreppi. Íbúðarhúsalóð og lóð fyrir hesthús/reiðskemmu. Endurauglýsing.**
   Skipulagssvæðið er um 6 ha að stærð og er austan við Vetleifsholt og sunnan Rifshalakots, með aðkomu frá þjóðvegi nr. 273 um veg sem liggur einnig að Rifshalakoti. Innan svæðisins er lóð fyrir 250 fm íbúðarhús og 50 fm bílskúr auk lóðar fyrir allt að 1.200 fm hesthús/reiðskemmu. Sambærileg deilskipulagstillaga var auglýst árið 2011 en tók ekki formlega gildi.

9. **Breyting á deiliskipulagi við Hakið á Þingvöllum, Bláskógabyggð, ásamt umhverfisskýslu. Breyting á byggingarreit fræðslumiðstöðvar.**
   Í breytingunni felst stækkun á lóð og byggingarreit fræðslumiðstöðvar á Hakinu vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar. Í gildandi skipu lagi var gert ráð fyrir 800 fm viðbyggingu á tveimur hæðum en nú er gert ráð fyrir allt að 900 fm viðbyggingu á einni hæð.

10. **Endurskoðun deiliskipulags fyrir Sólheima í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
    Tillaga að endurskoðun deiliskipulags fyrir Sólheima í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í nýju deiliskipulagi er verið að samræma heiti og númer lóða innan svæðisins auk þess sem Íbúðabyggð ofan við Sesseljuhús er breytt lítilsháttar og gert er ráð fyrir heilsuarði með 5 húsum vestast í byggðinni. Það er einnig gert ráð fyrir stækkun verslunarhúss, gróðurhúsa, Bergheima, Sesseljushúss, Vígdísarhúss o.fl.

11. **Deiliskipulag fjögurra frístundahúsalóða á 2,4 ha spildu úr landi Vatnsleysu í Bláskógabyggð.**
    Tillaga að deiliskipulagi fjögurra nýrra um 2,4 ha frístundahúsalóða á spildu (lnr. 217915) úr landi Vatnsleysu í Bláskógabyggð. Innan svæðisins er ein eldri 5.000 fm lóð (lnr. 167619). Skilmálar svæðisins gera ráð fyrir að á lóðunum megi byggja eitt sumarhúsa auk 25 fm aukahús. Nýtingarhlutfall lóðanna er 0.03.
12. **Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Klausturhóla í Grímsnes- og Grafningshreppi. Rimahverfi.**
    Um er að ræða deiliskipulag sem nær yfir um 185 ha svæði á vesturhluta jarðarinnar Klausturhólar og liggur upp að Hæðarendalæk. Innan svæðisins eru 104 frístundahúsalóðir og eru þegar hús á 60 þeirra auk þess sem 14 eru til sem fasteignir í þjóðskrá. Deiliskipu lag er í gildi fyrir efri-hluta svæðisins. Með gerð heildardeiliskipulags fyrir svæðið er markmiðið að samræma götuheiti og byggingarskilmála.
13. **Deiliskipulag fyrir Egilsstaði 1 Flóahreppi. Ferðaþjónusta, frístundabyggð, íbúðarhús, hesthús o.fl.**
    Tillaga að deiliskipulagi fyrir jörðina Egilsstaðir 1 í Flóahreppi sem er um 220 ha að stærð og liggur upp að Þjórsá meðfram Urriðafossvegi (nr. 302). Á jörðinni er rekið ferðaþjónustubú með áherslu á hestamennsku og hrossarækt. Í tillögunni er gerð ráð fyrir byggingu 16 útleiguhúsa, þar af verða 4 allt að 120 fm hús á svæði nyrst við bakka Þjórsár, 4 jafn stór hús sunnanlega á jörðinni auk 8 allt að 50 fm húsa á bæjartorfunni sjálfri. Til viðbótar eru afmarkaðir byggingarreitir fyrir reiðhöll og nýtt íbúðarhús.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.sbf.is.

Skipulagstillögurnar eru í kynningu frá 13. maí til 25. júní 2015. Athugasemdir og ábendingar við tillögurnar þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 25. júní 2015, eða vera með póststimpil frá þeim degi. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

*Pétur Ingi Haraldsson*
*Skipulagsfulltrúi*
*petur@sudurland.is*

# Flott fyrir sumarið

## 20-50% afsl. af öllum vörum



Kjólar verð áður 17.990 kr.
Verð nú 14.390 kr.



Kjólar verð áður 19.990 kr.
Verð nú 15.990 kr.



Skokkar verð áður 14.990 kr.
Verð nú 9.990 kr.



Bolir stærðir M-XL
Verð 5.000 kr.



Mussur áður 7.990 kr.
Verð 6.390 kr.



Túnikkur áður 7.990 kr.
Verð 5.990 kr.



Toppar stærðir M-XL
Verð 5.000 kr.

Opið til kl. 22 í dag

FLASH

**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**

Fleiri myndir á Facebook



Mussur stærðir 38-48
verð áður 9.990 kr.
nú 5.990 kr.

## Veðurspá

Miðvikudagur

í dag breytist veðurlag þegar hlýtt loft úr suðri kemur að landi, með vaxandi suðaustanátt. Þá þykknar heldur upp um sunnanvert landið og má búast við skúrum suðaustanlands í fyrramálið. Á Norður- og Austurlandi hlýnar og má búast við að snjó fari loks að taka upp. Í kvöld hvessir á vestanverðu landinu og á Snæfellsnesi má búast við allt að 18 m/s, þá er varhugavert að vera á ferðinni með hjólhýsi eða aðra aftanívagna.









## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** tylft, **6.** frá, **8.** ung stúlka, **9.** spor, **11.** voði, **12.** langur og mjór maður, **14.** korr, **16.** karlkyn, **17.** gerast, **18.** í viðbót, **20.** tveir, **21.** fyrstur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** stagl, **3.** hljóm, **4.** fugl, **5.** af, **7.** svikull, **10.** hafið, **13.** á nefi, **15.** vegur, **16.** kóf, **19.** kvað.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** tólf, **6.** af, **8.** mær, **9.** far, **11.** vá, **12.** sláni, **14.** snörl, **16.** kk, **17.** ske, **18.** auk, **20.** ii, **21.** frum.
**LÓÐRÉTT: 1.** tafs, **3.** óm, **4.** lævirki, **5.** frá, **7.** falskur, **10.** rán, **13.** nös, **15.** leið, **16.** kaf, **19.** ku.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Ingvar Örn Birgisson (1.887) hafði hvítt gegn Birni Hólm Birkissyni (1.845) í áskorendaflokki Íslandsmóts í skák.**

**Hvítur á leik**

**12. Bxf7+! Kh8** (12.... Kxf7 13. Rg5 og 14. Re6) **13. Bxe8** og hvítur fékk yfirburðatafl. Á ýmsu átti eftir að ganga eins og við sjáum á morgun. **www.skak.is** Íslandsmótið hefst á morgun.



Stærsti fasteignavefur landsins



fasteignir.is á visir.is

Til hvers að flækja hlutina?
LIFÐU í NÚLLINU!
365
365.is
Sími 1817

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 3 | | 5 | 1 | | 9 | |
| | | | | 2 | 4 | 7 | | 3 |
| | | | | 3 | | | 5 | 1 |
| 3 | 4 | | | | | 5 | 2 | |
| | | | | | 3 | | | 6 |
| | 2 | 6 | | 9 | | | | 8 |
| 4 | 9 | 8 | | | | | 1 | |
| | 1 | | | 8 | 6 | | | 4 |
| 6 | | 5 | | | | 2 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 7 | | | | 3 | |
| 8 | 5 | | | | | | 9 | |
| 6 | | 7 | 8 | | | 2 | 1 | |
| | | | | 9 | | 5 | | |
| | | 9 | 3 | 8 | | | | |
| | 6 | 1 | | | 2 | 7 | | |
| | | | | | | | | 8 |
| | 4 | | | 5 | | | | |
| | 3 | 5 | 1 | | | | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | 3 | | | 7 | 2 |
| | | 7 | | | 1 | | | |
| 3 | 8 | | | | | | | |
| | | | | | | | 9 | |
| | | 9 | | | | 8 | | 4 |
| 1 | 4 | 8 | | 5 | | 2 | | |
| | 7 | 1 | 6 | | | 4 | | 3 |
| | 6 | | 3 | | 4 | | | 5 |
| | | 3 | 8 | | | | | 7 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 7 | 6 | 1 |
| 5 | 6 | 7 | 3 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 |
| 9 | 1 | 2 | 6 | 7 | 8 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 3 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 5 | 7 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 2 |
| 2 | 9 | 5 | 7 | 6 | 1 | 4 | 8 | 3 |
| 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 | 1 | 7 | 4 |
| 4 | 7 | 3 | 1 | 2 | 6 | 5 | 9 | 8 |
| 1 | 5 | 9 | 8 | 4 | 7 | 2 | 3 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 7 | 2 | 3 | 8 | 6 | 5 | 9 |
| 8 | 9 | 2 | 6 | 4 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 3 | 6 | 5 | 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 4 |
| 2 | 7 | 3 | 8 | 6 | 4 | 5 | 9 | 1 |
| 9 | 8 | 1 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 | 2 |
| 5 | 4 | 6 | 9 | 1 | 2 | 3 | 7 | 8 |
| 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 1 | 5 | 8 | 4 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 7 | 2 | 9 | 5 | 8 | 3 | 1 | 4 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 3 | 8 | 6 | 1 | 2 | 9 | 7 | 4 |
| 6 | 7 | 9 | 3 | 8 | 4 | 5 | 1 | 2 |
| 4 | 2 | 1 | 5 | 9 | 7 | 3 | 8 | 6 |
| 7 | 8 | 4 | 9 | 2 | 5 | 6 | 3 | 1 |
| 9 | 6 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 3 | 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 7 |
| 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 3 |
| 2 | 9 | 6 | 1 | 7 | 3 | 4 | 5 | 8 |
| 3 | 1 | 5 | 4 | 6 | 8 | 7 | 2 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


GAKKTU Í LIT
GÖNGUSKÓDAGAR TIL MÁNUDAGS
20% AFSLÁTTUR* AF ÖLLUM GÖNGUSKÓM
25% AFSLÁTTUR* AF SCARPA MOJITO
SKÓNUM TIL AÐ RÝMA FYRIR NÝJUM LITUM
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

## Bandaloop

Bandaloop-dansflokkurinn hefur frá 1991 sýnt víða um veröldina og notið mikillar velgengni. Á meðal staða þar sem Bandaloop hefur komið fram má nefna Kauphöllina í New York, Alþjóðlegu fjármálamiðstöðina í Seul í S-Kóreu, Space Needle í Seattle, björg í Sierra Nevada-fjallgarðinum, Cen-



art í Mexíkóborg, á LIC-byggingunni í Nýju-Delí og svo mætti lengi telja. Bandaloop kemur einnig fram á hefðbundnu sviði bæði með og án svifbúnaðar. Meginmarkmið dansflokksins er að færa dansinn til nýrra áhorfenda með nýjum og spennandi leiðum og heiðra með því náttúru og samfélag.





**REST** heilsurúm



**Nature's Rest dýna**
með Classic botni

| Stærð cm | Dormaverð |
|---|---|
| 90x200 | 68.900 kr. |
| 100x200 | 72.900 kr. |
| 120x200 | 79.900 kr. |
| 140x200 | 92.900 kr. |
| 160x200 | 99.900 kr. |
| 180x200 | 117.900 kr. |

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr fm²
- Góðar kantstyrkingar

**COMFORT** heilsurúm



**Nature's Comfot dýna**
með Classic botni

| Stærð cm | Dormaverð |
|---|---|
| 100x200 | 99.900 kr. |
| 120x200 | 119.900 kr. |
| 140x200 | 138.900 kr. |
| 160x200 | 149.900 kr. |
| 180x200 | 164.900 kr. |

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr fm²
- Steyptar kantstyrkingar

**LUXURY** heilsurúm



**Nature's Luxury dýna**
með Classic botni

| Stærð cm | Dormaverð |
|---|---|
| 120x200 | 129.900 kr. |
| 140x200 | 155.900 kr. |
| 160x200 | 169.900 kr. |
| 180x200 | 189.900 kr. |

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Þrýstijöfnunar yfirdýna
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr fm²

Holtagörðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100

Afgreiðslutími
Mán. til fös. frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.dorma.is

DORMA
Láttu drauminn rætast




**ÓTTALAUS** Amelia Rudolph er hætt að finna fyrir ótta þegar hún stígur fram á lóðrétta sviðið með dansflokkinn sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Á lóðréttu danssviði

**Listahátíðin í Reykjavík, fyrri hluti, hefst í dag með magnaðri opnunarhátíð kl. 17.30 á Ingólfstorgi þar sem framhlið byggingarinnar í Aðalstræti 6 myndar sviðið fyrir Ameliu Rudolph og dansarana hennar í Bandaloop.**

Bandaríski dansflokkurinn Bandaloop hefur sérhæft sig í lóðréttum dansi þar sem sameinast danstækni, líkamlegur styrkur, fimi og klifurtækni við undirleik tónlistar í magnaðri upplifun fyrir áhorfendur. Í anda þeirrar stefnu Listahátíðarinnar verður settur upp sérstakur aðgengispallur fyrir hreyfihamlaða á Ingólfstorgi og verður aðgengið að pallinum frá norðri og suðri en rétt að hvetja alla til þess að mæta tímanlega og koma sér vel fyrir til þess að njóta sýningar þessa óvenjulega dansflokks.

Amelia Rudolph, listrænn stjórnandi og stofnandi dansflokksins, hefur leitt danssýningar fram yfir ystu brún skýjakljúfa, stórbygginga og klettabjarga víða um veröldina og í dag kl. 17.30 dansa þau sig fram af brúninni í Aðalstræti 6 í hjarta Reykjavíkur.

### Klifrandi dansari

„Ég hef verið að dansa meira og minna alla mína tíð en fyrir meira en tuttugu árum fór ég að stunda klifur og þá fór ég að pæla í lóðréttu rými sem mögulegu dansrými. Það var eiginlega upphafið að þessu,“ segir Amelia Rudolph, hæglát og brosmild kona frá Kaliforníu sem hefur farið um víða veröld með dansflokkinn sinn. „Það má eiginlega segja að þetta bæti við þriðju víddinni. Með þessu öðlumst við ákveðið frelsi sem dansarar og danshöfundar. Gerum hluti sem væru útilokaðir á hefðbundnu sviði en óneitanlega felur þetta líka í sér takmarkanir því við erum að sjálfsögðu bókstaflega bundin við brúnina og þannig með takamarkað rými. Við erum ekki frjáls undan þyngdaraflinu þó svo við ögrum því og leikum okkur að möguleikum þess og takmörkunum.“



**BANDALOOP** Fjölmenni fylgdist með lokaæfingu dansflokksins í góða verðinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Allt eftir aðstæðum

Allt frá upphafi hefur Bandaloop-hópurinn vaxið þétt enda eftirspurnin eftir svimandi glæsilegum sýningum flokksins mikil. Amelia segist vera að mestu hætt að finna til lofthræðslu eða sérstakrar spennu gagnvart sviðinu en að hver og ein sýning hafi sín sérkenni allt eftir aðstæðum hverju sinni. „Já, það er mikilvægt að taka tillit til aðstæðna hverju sinni og við erum alltaf með ofuráherslu á öryggi dansaranna. Við erum búin að vera lengi á leiðinni til Íslands og því valdi ég þau þrjú verk sem verða sýnd hér af kostgæfni og eftir aðstæðum. Það er mikilvægt fyrir fólk að hafa í huga að þetta er ekki loftfimleikasýning heldur dans, þó svo að upplifunin sé eflaust ansi svimandi fyrir marga. Tónlistin er þannig ákveðinn þáttur af upplifuninni, einnig búningarnir og stundum er lýsingin það líka þó að hér sé of bjart svona snemma vors til þess að lýsa sýninguna.“

### Símana í vasann

Þau í Bandaloop-hópnum eru frumkvöðlar á þessu lóðrétta sviði dansins en fleiri hafa reyndar fylgt í kjölfarið. „Eftirspurnin er mikil og ég fagna því að það skuli fleiri vera að fást við þetta svið. Við erum að auki með annan hóp, eins konar B-dansflokk, þar sem dansararnir eru þjálfaðir upp og auk þess þá gefur það okkur möguleika á að stækka sýningar þegar við á. Það er líka mikilvægt að hafa í huga að áhorfendur eru í raun hluti af sýningunni. Við sem erum að dansa skynjum upplifun þeirra og finnum meira að segja fyrir ákveðnum mun á áhorfendum eftir því hvar við erum í heiminum. Við heyrum bæði andköfin og þagnirnar og finnum vel þegar vel tekst til og við erum að ná til fólksins. Ég vil líka hvetja áhorfendur til þess að láta símana ekki spilla fyrir sér upplifuninni. Ekki horfa á sýninguna í gegnum skjáinn þótt það sé gaman að taka upp og setja á netið – gerið það þá bara stutta stund, setjið svo símann í vasann og njótið þess að upplifa. Það er miklu skemmtilegra þannig og það er nóg af myndum af okkur á netinu.“

magnus@frettabladid.is

# VELFERÐARKJÚKLINGUR

*Vissir þú*

Að í frystinum finnur þú hágæðakjúkling sem fær að ganga frjáls, fer út að leika og fær aðeins óerfðabreytt fóður?



HEILL KJÚKLINGUR
BRINGUR
LUNDIR
LEGGIR
LÆRI
VÆNGIR

LITLA GULA HÆNAN
FRÁ 2014

FYRST Á ÍSLANDI - BEINT FRÁ BÓNDA
ENGIN AUKEFNI - MEIRI RÝMI - ÚTISVÆÐI - FERSKT LOFT
HEIMARÆKTAÐ BYGG - ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
ÓERFÐABREYTT FJÖLBREYTT FÓÐUR - SÓLARLJÓS

ÍSFUGL



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

KALKÚNALUNDIR M/ SESAM TERIYAKI
2.489 kr/kg
verð áður 3.319

ÍSLANDS LAMB



TILBOÐ 15% afsláttur á kassa

LAMBAKÓTILETTUR KRYDDLEGNAR
2.549 kr/kg
verð áður 2.999



TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

GRÍSAKÓTILETTUR MARINERAÐAR
1.329 kr/kg
verð áður 1.899

SS



TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

LAMBAFILE GRAND ORANGE
4.564 kr/kg
verð áður 5.705

Gildir til 17. maí á meðan birgðir endast.




**Beemster**
Heimsmeistari í ostum!




**Tofurky**
Tofu álegg og pylsur.

*Sumarís frá Emmessís*




599 kr/stk

Rjómaís með kókos, ástaraldin, mangó og súkkulaðidropum

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



# Miðborgarvaka

## Í MIÐBORGINNI OKKAR TIL KL. 22 Í KVÖLD



Miðborgin okkar blæs til sérstakrar Miðborgarvöku þar sem opið verður til kl. 22. Lifandi tónlist, líf og fjör, sértilboð, uppákomur og góð stemning.

Missið ekki af opnunaratriði Listahátíðar í Reykjavík á Ingólfstorgi kl. 17:30 er ofurhugar stíga himinháan dans utan á þverhníptum byggingum.

**Næg bílastæði og munið bílastæðahúsin.**

38 ÞREP
Laugavegi 49 / sími 561 5813

20% afsláttur af öllum vörum.

Laugavegi 49

66° NORÐUR

Kauptu tvo bómullarboli og fáðu þriðja í kaupbæti! Ódýrasti bolurinn fylgir frítt.

Bankastræti 5

aftur … the end

Léttar veitingar og 20% af Voluspa, Clare Vivier, CP Shades og Shaina Mote.

Laugavegi 39

ANNARANNA

20% afsláttur af öllum vörum. Opið til 22. Léttar veitingar.

Laugavegi 77

ART67

Við erum í sumarskapi og bjóðum 20% afslátt af öllum vörum.

Laugavegi 67

aurum

Bankastræti 4

aurum LÍFSTÍLL

20% afsláttur af völdum vörum.

Bankastræti 4

BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 5514422

Kjóladagar. 30% afsláttur. Léttar veitingar.

Laugavegi 63

BÍLASTÆÐASJÓÐUR

ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ



**BLUE LAGOON ICELAND**

Taktu á móti sumrinu með okkur. 20% af öllum vörum og léttar veitingar í boði.

Laugavegi 15

**BORÐ FYRIR TVO** LAUGAVEGI 95

20% afsláttur af allri gjafavöru.

Laugavegi 97

**Brim**

20% afsláttur af öllum vörum.

Laugavegi 71

**Couture**

Nýjar vörur.

Laugavegi 86

**eva**

15% afsláttur af öllum vörum.

Laugavegi 26

**FINNSKA BÚÐIN**

40% afsláttur af völdum vörum. Léttar veitingar eftir kl. 18.

Laugavegi 27

**GALLERIA REYKJAVÍK**

20% afsláttur af töskum.

Laugavegi 77




**GREENLAND CENTRE**

20% af öllum skinnvörum. Frábært úrval af selskinnstöskum frá Great Greenland.

Laugavegi 96

**GullBúðin** BANKASTRÆTI

20% afsláttur af öllum úrum í tilefni dagsins. Gullbudin.is.

Bankastræti 6

**Hókus Pókus** hokuspokus.is

15% afsláttur af öllu milli kl. 18 og 22.

Laugavegi 69

**Ígló & Indí**

25% afsláttur af öllum flíkum nema Organic.

Skólavörðustíg 4a

**GEYSIR**

20% afsláttur af öllum buxum.

Skólavörðustíg 16

**ÍSLENSKI BARINN** THE ICELANDIC BAR · REYKJAVÍK

Miðborgarbjór á tilboði og „djamm" fram á nótt.

Ingólfsstræti 1a

**JÖKLA** ÍSLENSK HÖNNUN

Kíktu við og sjáðu mikið úrval íslenskrar hönnunar. Hlökkum til að sjá ykkur!

Laugavegi 86-94

**Kaffitár**

20% afsláttur af KeepCup ferðamálum og Tangókvöld frá kl. 21.

Bankastræti 8

MIÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!

— WWW.MIDBORGIN.IS —

MIÐBORGIN OKKAR

# Gjafakort Miðborgarinnar okkar

Fáanlegt í bókaverslunum miðborgarinnar





**Penninn Eymundsson**

Við erum í sumarskapi!

Laugavegi 77, Austurstræti og Skólavörðustíg

**Kjólar & Konfekt**

15% afsláttur af öllum vörum.

Laugavegi 92

**kokka laugavegi 47**

15% afsláttur af öllum vörum.

Laugavegi 47

**KÚNÍGÚND** — Sérverslun með vandaðar gjafavörur — Laugavegi 53b s. 551 3469 | 1. Hæð Kringlunni s. 568 1400

20% afsláttur af öllum vörum.

Laugavegi 53b

**Kraum**

Kraumandi stemning á Miðborgarvöku. 20% afsláttur og kynningar frá hönnuðum!

Aðalstræti 10

**Lífstykkjabúðin**

15% afsláttur af öllum vörum.

Laugavegi 82

**STURLA**

25% afsláttur af öllum gallavörum frá Scotch & Soda á konur og karla.

Laugavegi 27

**kroll**

15% afsláttur af öllum töskum og skóm til kl. 22 í kvöld.

Laugavegi 49



**RAMMAGERÐIN** — Iceland Gift Store

15% afsláttur af völdum lopapeysum.

Bankastræti 9 og Skólavörðustíg 20

**EINVERA**

20-30% af öllum vörum. Sólbert, nýr aldinbjór frá Ölgerðinni, svalar þorstanum.

Laugavegi 35

**hrím HÖNNUNARHÚS**

15-25% afsláttur. Hressandi tónlist og léttar veigar.

Laugavegi 25

**hrím ELDHÚS**

15-25% afsláttur. Hressandi tónlist og léttar veigar.

Laugavegi 32



**NOSTALGÍA**

20% afsláttur. Partí og pallíettur.

Laugavegi 39

**Ullarkistan**

20% af öllum vörum og stundum meira. Léttar veitingar eftir kl. 17:00.

Laugavegi 25

**MYCONCEPTSTORE**

Léttar veitingar. 15% af öllum vörum.

Laugavegi 45

**SIGURBOGINN**

20% af öllum buxum og ilmum.

Laugavegi 80

BÍLASTÆÐASJÓÐUR ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ



**Spúútnik**
20% afsláttur. Léttar veigar og partítónar.
Laugavegi 28b

**STORKURINN** – MEIRA EN GARNVERSLUN
20% afsláttur af útsaumi og bókum.
Laugavegi 59

**GYLLTI KÖTTURINN**
20% afsláttur af öllum vörum.
Austurstræti 8

**kiosk**
Fatnaður og skart á tilboðsverði. Léttar veitingar – verið velkomin.
Laugavegi 65

**TÖSKU- OG HANSKABÚÐIN**
20% afsláttur af öllum dömutöskum.
Laugavegi 103

**TIGER** – Villidýr á verði
Skemmtilegar sumarvörur.
Laugavegi 13

**Timberland**
20% afsláttur af öllum vörum.
Laugavegi 6

**SKARTHÚSIÐ**
20% afsláttur af töskum og slæðum.
Laugavegi 44




**MADISON** – ILMHÚS – REYKJAVÍK
Léttar veitingar og Miðborgarvökuverð á sumarlegum vörum.
Aðalstræti 9

**DIMMALIMM**
Sumargleði! 20% afsláttur af öllum vörum.
Laugavegi 53

**OLD ICELAND RESTAURANT** – Icelandic fish and meat
Sjávarréttasúpa og kaldur á 1.500 kr.
Laugavegi 72

**ZO•ON ICELAND**
20% afsláttur af öllum vörum.
Bankastræti 10

**GÞ 1925** – SKARTGRIPIR & ÚR
20% afsláttur af öllum úrum í tilefni dagsins. www.skartgripirogur.is
Bankastræti 12

**Noodle Station**
Ný staðsetning, Laugavegur 86-94.
Laugavegi 86-94

**Café HAÏTI**
Tilboð dagsins: Plokkfiskur, fiskisúpa og kjötsúpa með kaffi á 1.500 kr.
Geirsgötu 7b



MIÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!
— WWW.MIDBORGIN.IS —

MIÐBORGIN OKKAR

# FRÆGIR Í NÆRMYND CHANNING TATUM

Það vakti mikla athygli þegar leikarinn Channing Tatum kom til landsins á mánudaginn.

Fjölmargir aðdáendur fengu mynd af sér með kappanum og birtu á netinu. Tatum reis til frægðar og frama árið 2006 þegar hann lék í myndinni Step Up.

En hann hefur einnig leikið í G.I. Joe: The Rise of the Cobra og G.I. Joe: Retaliation, She's the Man, Magic Mike, 21 Jump Street og framhaldsmyndinni 22 Jump Street.

Tatum er ekki einungis leikari heldur einnig módel og dansari, sem líklega hefur ekki farið fram hjá þeim sem séð hafa Step Up.



Hann hefur alltaf verið áhugasamur um íþróttir og spilaði fótbolta og hafnabolta, hann æfði hlaup og bardagaíþróttir og fór á fótboltastyrk í háskóla en hætti í skólanum og fór að vinna ýmis störf, meðal annars sem strippari og notaði þá nafnið Chan Crawford og hefur sagt í viðtölum að sig langi til þess að gera bíómynd byggða á þeirri reynslu.

Talsverða athygli vakti tölvupóstur sem leikarinn sendi á samstarfsmenn sína í 22 Jump Street á síðasta ári, en Tatum var himinlifandi yfir góðu gengi myndarinnar og skrifaði allan tölvupóstinn í hástöfum.



**→ Channing Matthew Tatum**

- **Fæddur** 26. apríl árið 1980
- **Eiginkona** Jenna Dewan-Tatum, gift 2009
- **Börn** Ein dóttir, fædd 2013
- **Árið 2000** kom Tatum fram sem dansari í tónlistarmyndbandi við lagið She Bangs með Ricky Martin. Áður en Tatum varð leikari starfaði hann meðal annars sem fyrirsæta og sat fyrir hjá Armani, Abercrombie & Fitch, Dolce & Gabbana og í tískutímaritinu Vogue.



EUROVISION SONG CONTEST

## FÁNÝTUR EUROVISION FRÓÐLEIKUR

### 11 DAGAR Í EURO

**ÁRIÐ 2007** **Maria Šerifović** vann keppnina fyrir *Serbíu*. Varð hún fjórða Marían undir þrítugu til að vinna keppnina. Skyldi okkar María verða sú fimmta?

**13. MAÍ** Tveir sigurvegarar Eurovision eiga afmæli í dag, þeir **Alexander Ryback,** sem sigraði fyrir *Noreg* árið 2009, og **Johnny Logan,** sem vann tvisvar, árin 1980 og 1987.



**12. MAÍ 2001** Aldrei hafa verið fleiri áhorfendur á Eurovision-keppninni en þennan dag þegar hún var haldin á Parken í Kaupmannahöfn, 38.000 manns.

**ÁRIÐ 2004** Ákveðið var að taka upp forkeppni í Eurovision, enda hafði þátttökulöndum fjölgað mikið og voru þau alls 33 þetta árið.

**ÁRIÐ 1999** Tvær stórar breytingar voru gerðar á keppninni. Hætt var að hafa sinfóníuhljómsveit og var öll tónlist tekin upp fyrirfram og spiluð rafrænt og máttu keppendur syngja á hvaða tungumáli sem var.

**ÁRIÐ 1986** Yngsti Eurovision-keppandinn er **Sandra Kim,** en hún var aðeins þrettán og hálfs árs þegar hún tók þátt. Sú elsti er hins vegar **Engelbert Humperdinck** sem keppti fyrir *Bretland* árið 2012.



**DÓMARARNIR** Í fyrstu seríu voru það þau Randy Jackson, Paula Abdul og Simon Cowell sem sinntu hlutverki dómara í þáttunum. NORDICPHOTOS/GETTY

# American Idol syngur brátt sitt síðasta

**Síðasta serían af raunveruleikaþættinum vinsæla fer í loftið á næsta ári en hún er sú fimmtánda í röðinni.**

Í fyrradag var tilkynnt að fimmtánda sería af raunveruleikaþættinum American Idol yrði sú síðasta, en serían verður sýnd á næsta ári.

Sjónvarpsþátturinn hóf göngu sína árið 2002 á sjónvarpsstöðinni FOX og er farsælasta sjónvarpssería í bandarísku sjónvarpi. Í þáttunum reyna söngvarar fyrir sér fyrir framan dómnefnd sem dæmir um hvort viðkomandi fái að halda áfram í næsta þátt eða ekki, en sigurvegari er kosinn með símakosningu.

Sá sem stendur uppi sem sigurvegari hlýtur að launum plötusamning auk ýmissa annarra fríðinda. Í fyrstu þáttaröðinni voru þau Randy Jackson, Paula Abdul og Simon Cowell dómarar en einnig hafa Ellen DeGeneres, Jennifer Lopez, Mariah Carey, Nicki Minaj og Keith Urban reynt fyrir sér í dómarasætinu. Kynnirinn Ryan Seacrest hefur staðið vaktina frá því í fyrstu seríu.

Sigurvegarar American Idol hafa átt misgóðu gengi að fagna. Söngkonan Kelly Clarkson sigraði í fyrstu seríu og hefur gefið út sjö plötur á ferlinum og hlotið meðal annars þrenn Grammy-verðlaun, tvenn People's Choice Awards og fimm Teen Choice Awards. Aðrir vinningshafar sem farnast hefur vel eru meðal annars Jordin Sparks og Carrie Underwood.

Auk þess eru nokkrir sem tekið hafa þátt og ekki borið sigur úr býtum en engu að síður farnast vel, sem dæmi má nefna Jennifer Hudson og Adam Lambert, einnig vöktu nokkrir keppendur mikla athygli í þættinum og hlutu sínar fimmtán mínútur af frægð, þótt ekki væri það fyrir sönghæfileika. Þar ber sjálfsagt hæst William Hung sem söng lagið She Bangs en Cowell var ekki par hrifinn af flutningi Hungs og sagði hann hvorki geta sungið né dansað. Þrátt fyrir að hljóta ekki náð fyrir augum dómaranna uppskar Hung plötusamning og kom fram fyrir framan 25.000 manns.



**FYRSTI SIGURVEGARINN** Söngkonan Kelly Clarkson var fyrsti sigurvegari keppninnar en hún hefur verið farsæl og hlotið fjölda verðlauna, meðal annars Grammy-verðlaun.

hagar

## Aðalfundur Haga hf. 4. júní 2015

Aðalfundur Haga hf., kt. 670203-2120, verður haldinn fimmtudaginn 4. júní 2015 og hefst hann kl. 09:00 á Hilton Reykjavík Nordica (VOX Club), Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík.

**Dagskrá fundarins:**

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2014/15.
4. Tillaga að breytingu á samþykktum félagsins.
   - Grein 7 um eigin hluti verði breytt þar sem kveðið verður á um að heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé skuli tiltekin í samþykktum hverju sinni með þeim skilyrðum sem hluthafafundur ákveður.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
6. Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu.
7. Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Ítarlegri upplýsingar um tillögur stjórnar, ársreikning og önnur gögn, ásamt upplýsingum um póstatkvæðagreiðslu, rétt hluthafa til að bera fram tillögur og framboð til stjórnar er að finna á vefsíðu félagsins, *http://www.hagar.is/hluthafaupplysingar/adalfundur-/*

Stjórn félagsins vill einnig árétta að forsvarsmenn hluthafa sem sækja fundinn, þ.e. forsvarsmenn fyrirtækja, lífeyrissjóða, fjárfestingasjóða, einstaklinga og annarra hluthafa, ber að skila umboði við skráningu inn á fundinn. Einnig verða einstaklingar beðnir um að framvísa persónuskilríkjum.

**Stjórn Haga hf.**




**Skráðu þig á rodalon.is** og þú gætir unnið sólarlandaferð fyrir 2 til Mallorca að upphæð 300.000 kr. Fjöldi annarra vinninga í boði.




BÓNUS | Iceland | KRÓNAN | HAGKAUP | FK FJARÐARKAUP | 10-11 | Þín verslun | BYKO | MÚRBÚÐIN | FÆST EINNIG Í ÖLLUM APÓTEKUM

# Ljóstrað upp leyndarmáli á Instagram

Sarah Jessica Parker birti mynd sem kveikti sögusagnir um nýja Sex and the City-kvikmynd.

Leikkonan Sarah Jessica Parker deildi mynd af sér á Instagram-reikningi sínum sem vakti umræðu um að þriðja Sex and the City-myndin, eða Beðmál í borginni eins og það útleggst á íslensku, væri hugsanleg.

Parker deildi mynd af sér þar sem hún sést arka út úr stórversluninni Bloomingdales með einkennisinnkaupapoka verslunarinnar í hendi. Undir myndina skrifaði hún að hún væri bundin þagnareiði en myndi, líkt og venjulega, upplýsa aðdáendur um öll atriði um leið og hægt væri.

Myndin kveikti von í brjósti margra aðdáenda um að hér væri um að ræða staðfestingu á því að þriðja myndin í Sex and the City-röðinni væri í bígerð en Warner Bros-stúdíóið, sem framleitt hefur myndirnar, sendi út tilkynningu í kjölfarið um að Instagram-myndin væri ekki í neinum tengslum við Sex and the City og vilja sumir því geta sér til um það að Parker stefni á að selja skólínu sína í Bloomingdales, en skórnir hafa fram til þessa verið falir í Neiman Marcus, Nordstrom og Zappos Couture.

Sex and the City-myndirnar eru orðnar tvær og eru þær gerðar eftir að hinar vinsælu samnefndu þáttaraðir luku göngu sinni. Alls voru framleiddar sex þáttaraðir og með aðalhlutverk, auk Parker, fóru þær Kim Cattrall, Kristin Davis og Cynthia Nixon.



**VINSÆLAR VINKONUR** Sjónvarpsþáttaraðirnar Sex and the City og kvikmyndirnar tvær sem fylgdu í kjölfarið hafa notið talsverðra vinsælda. NORDICPHOTOS/GETTY





ÚRSLITIN RÁÐAST
Í AMERICAN IDOL!

3 Í kvöld ráðast úrslitin í American Idol á Stöð 3. Klukkan 23:20 verður sýndur síðasti þáttur og á miðnætti er farið yfir í beina útsendingu í sjálfan úrslitaþáttinn þar sem ný Idol-stjarna verður krýnd. Ásamt keppendum stíga á sviðið Pitbull, Ricky Martin, Chris Brown, Jamie Foxx, The Jacksons og fleiri heimsfrægar stjörnur. **Ekki missa af American Idol á Stöð 3!**

365.is | Sími 1817 365




**TVEGGJA BARNA FAÐIR** Perez Hilton heldur úti bloggi þar sem hann skrifar fréttir af fræga fólkinu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Perez eignaðist dóttur

Bloggarinn Mario Armando Lavandeira Jr., betur þekktur sem Perez Hilton, eignaðist dóttur á mæðradaginn en fyrir á hann soninn Mario Armando Lavandeira III. sem er fæddur 2013.

Á sunnudaginn tilkynnti hann að stækkun hefði orðið í fjölskyldunni þegar hann deildi mynd af agnarsmáum ungbarnsfæti á Instagram-reikningi sínum og stuttu síðar tilkynnti hann að um stúlku væri að ræða og hún hefði fengið nafnið Mia Alma.

Bæði börnin eignaðist Hilton með staðgöngumæðrum, en hann sagði í færslu á bloggsíðu sinni að ferlið hefði reynt talsvert meira á í þetta sinn en hann og Mario væru alsælir með nýjustu viðbótina við fjölskylduna.



**MYND NÚMER FIMM?** Leikkonan Tara Reid fór með hlutverk Vicky í American Pie-myndunum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fimmta myndin á leiðinni?

Leikkonan Tara Reid, sem er einna þekktust fyrir hlutverk sitt í American Pie-myndunum, gaf til kynna í viðtali á dögunum að hugsanlega væri ný American Pie-mynd á leiðinni.

Reid sagði í viðtali við útvarpsstöðina KIIS FM að umræður væru í gangi um að gera fimmtu myndina og vel gæti verið að hún yrði tekin upp í Las Vegas.

Myndirnar fjórar hafa þénað yfir 989 milljónir Bandaríkjadala um allan heim en myndin American Reunion, sem kom út árið 2012, átti að vera sú síðasta í seríunni en miðasala gekk vonum framar sem fékk framleiðendur til þess að íhuga gerð annarrar myndar.

Fyrsta American Pie-myndin kom út árið 1999 og segir sögu fjögurra vina sem gera með sér samning þess efnis að allir skuli þeir missa sveindóminn áður en þeir útskrifast.

# Saumar alíslensk barnaföt

Erna Marín Baldursdóttir fékk hugmyndina að fatalínunni Snjóberi í fæðingarorlofinu, eftir að hún rakst á litríka ljósmynd af fugli sem hún lét prenta á efni.

„Þetta er bara allt saman íslenskt. Ljósmyndirnar, framleiðslan og saumaskapurinn,“ segir Erna Marín Baldursdóttir. Hún var í fæðingarorlofi þegar hún sá fallegar myndir eftir íslenskan ljósmyndara og fékk þá hugmynd að nota þær á prent. Úr því varð barnafata- og heimilislínan Snjóber. „Ég hafði samband við ljósmyndarann, bauð honum í kaffi og keypti af honum nokkrar myndir.“ Þær hefur Erna látið prenta á bómullarsatín og úr því hefur hún saumað fatnað og fleira. „Mér fannst vanta eitthvað litaglatt, hresst og svolítið sérstakt, ekki bara eldfjöll og snjó og þannig.“ Myndirnar frá ljósmyndaranum Helga Skúlasyni eru skrautlegar og litríkar sem setur sterkan svip á vörurnar, en Erna lætur prenta þær á efni hér heima. „Þetta er vistvæn prentun, litirnir eru vatnslitir sem eru gufuprentaðir á efnin.“ Myndunum raðar hún nokkrum saman og vinnur í heildarmynd. „Ég set þær í svokallað símunstur, þá er myndin margföld. Það kemur mjög skemmtilega út,“ segir Erna. Snjóber verður til sýnis á Handverki og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur 14.-18.maí.

- asi



**SNIÐUG** Erna Marín er komin á fullt í framleiðsluna á Snjóberi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**TVEIR TÖFFARAR** hér er Søren Frost að æfa með stórsveit danska ríkisútvarpsins, ásamt Charlie Watts, trommuleikara Rolling Stones. NORDICPHOTOS/GETTY

## Einn þekktasti trommari Dana kemur

Danski trommuleikari Søren Frost er væntanlegur til landsins og verður með tvo kennslufyrirlestra.

Søren er einn þekktasti trommuleikari Dana og er meðal annars trommuleikari stórsveitar danska ríkisútvarpsins, (DR big band). Hann hefur einnig leikið með mörgum stærstu nöfnum heims í djassi og poppi.

„Það er mikill fengur í að fá hann hingað til lands. Søren er frábær trommuleikari og hvet ég alla trommuleikara, jafnt sem aðra til að mæta,“ segir trommuleikarinn Jóhann Hjörleifsson, en hann verður Søren til aðstoðar.

Kennslufyrirlestrarnir fara fram í Hljóðfærahúsinu – Tónabúðinni miðvikudaginn 20. maí klukkan 20.00 og í Tónlistarskólanum á Akureyri föstudaginn 22. maí klukkan 16.00.

Frítt er inn og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

- glp

## Síðustu tónleikarnir í bili

Hljómsveitin Hinemoa kemur fram á sínum síðustu tónleikum í bili á Café Rosenberg í kvöld.

„Kristófer, trommarinn okkar, er að fara að ferðast í sumar og vinna úti á landi og þess vegna verðum við ekkert að spila. Við ætlum samt að koma fersk inn aftur í ágúst,“ segir Rakel Pálsdóttir, önnur söngkona og gítarleikari sveitarinnar.

Hinemoa, sem kom meðal annars fram í undankeppni Eurovision í ár, vinnur nú við að taka upp efni á sína fyrstu plötu. „Reynslan úr Eurovision-undankeppninni er mjög góð og hjálpaði okkur við að koma nafninu okkar á framfæri.“

Ásamt sveitinni koma Íkorni og Ragnheiður Gröndal fram á tónleikunum og hefjast þeir klukkan 20.00.

- glp


FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010





Einar Hannesson Hdl.Löggiltur Fasteignasali og leigumiðlari | Þórarinn Jónsson hdl.Löggiltur Fasteignasali | Óskar Már Sölustjóri gsm 615-8200 | Víðir Framkvæmdarstjóri gsm 854-2226 | Stefán Páll Sölufulltrúi gsm 694-7186 | Agnar Sölufulltrúi gsm 820-1002 | Þórir Sölufulltrúi 865-9774 | Ármann Þór Sölufulltrúi gsm 847-7000 | Kristín Sölufulltrúi gsm 894-3003 | Helgi Sölufulltrúi gsm 895-1999 | Diðrik Sölufulltrúi gsm 647-8052 | Björgvin Þór Sölufulltrúi gsm 855-1544 | Ívar Sölufulltrúi gsm 690-9090 | Haraldur Sölufulltrúi gsm 783-1494 | Vera Sölufulltrúi gsm 866-1110 | Sveinn Sölufulltrúi 899-8546

DOMUSNOVA
Fasteignasala venjulega fólksins... Fasteignasala

**Grófarsel 22 109 Reykjavík** Verð 45.900.000



**Opið hús laugardaginn 16.maí kl 14:00-14:30**

Domusnova kynnir glæsilega 4-5 herbergja eign við Grófarsel 22 í Reykjavík ásamt bílskúr!
Eignin er skráð 152,4 fm en er mun stærri þar sem rúml. 30 fm. geymslurými er undir bílskúr og stórt svæði liggur undir súð á efri hæð sem ekki er inni í fermetrafjölda!
**Nánari upplýsingar veita Ívar í síma 690-9090 eða ivar@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali einar@domusnova.is**

**Engjavegur 9 800 Selfoss** Verð 33.500.000



**Aukaíbúð**

**Þórir og Domusnova kynna: Einbýlishús á frábærum stað við Engjaveg á Selfossi með aukaíbúð.**
Eignin er falleg og vönduð með innréttingum frá Fagus.
**Nánari upplýsingar veita Þórir í síma 865-9774 eða thorir@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali einar@domusnova.is**

**Rauðavað 17 110 Reykjavík** Verð 36.900.000



**Barnvænt hverfi**

**Óskar og Domusnova kynna:** 4ra - 5 herbergja íbúð á barnvænum stað við Norðlingaholt þar sem stutt er í alla þjónustu.
Sérstæði í bílakjallara fylgir eigninni.
**Nánari upplýsingar veita Óskar í síma 615-8200 eða oskar@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali einar@domusnova.is**

**Hamrakór 6 203 Kópavogur** Verð 64.900.000



**Falleg hönnun**

**Diðrik & Domusnova kynna:** 228.5 m² einbýlishús með fallegu útsýni á góðum stað við Hamrakór 6 í Kópavogi. Þetta er einstaklega skemmtilega hönnuð eign þar sem mikið hefur verið lagt upp úr frágangi og efnisvali sbr lýsing, gólfhiti, innréttingar o.f.l.
**Nánari upplýsingar veita Diðrik S: 647-8052 eða didrik@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali á einar@domusnova.is**

**Fróðaþing 48 203 Kópavogur** Verð Tilboð



**Glæsilegt útsýni**

**Sveinn, Óskar & Domusnova** kynna í sölu Fróðaþing 48 í Kópavogi.
Um er að ræða einstakt 246.3 m² einbýlishús á einni hæð innst í botnlanga.
Húsið er með mikinn gæðastimpil á sér og var ekkert sparað við byggingu þess.
Stórbrotið útsýni er frá húsinu.
**Nánari upplýsingar veita Sveinn S: 899-8546 eða sveinn@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali á einar@domusnova.is**

**Fagraþing 3 203 Kópavogur** Verð 140.000.000



**Glæsilegt útsýni**

**Björgvin Þór og Domusnova fasteignasala kynna í einkasölu:**
Glæsilegt 378,5fm einbýlishús á 2.hæðum við Fagraþing Kópavogi.
Innréttingar og skápar frá Brúnási og úr Mahogany.
Borðplötur í eldhúsum og baðherbergjum úr svörtu granít (Zimbabwe black).
Tæki í eldhúsum frá Siemens.
**Nánari upplýsingar gefa Björgvin S: 855-1544 eða bjorgvin@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali á einar@domusnova.is**

www.domusnova.is www.domusnova.is

DOMUSNOVA
Fasteignasala venjulega fólksins... Fasteignasala
Nýbýlavegur 8. 2.hæð 200 Kópavogur eignir@domusnova.is S 527 1717

LAUGARÁS BÍÓ
Coca-Cola




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| PITCH PERFECT 2 | 5:30, 8, 10:30 | 12 |
| BAKK | 5:50, 8, 10:10 | L |
| AGE OF ADALINE | 8 | 12 |
| AVENGERS 2 3D | 10:20 | 12 |
| ÁSTRÍKUR 2D | 5:50 | L |

SAMBÍÓIN







| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| HOT PURSUIT | KL. 5 - 6 - 7 - 8 - 9 - 11 |
| THE WATER DIVINER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 5 - 8 - 10 |
| AVENGERS 2 VIP 2D | KL. 5:30 - 8:30 |
| CHILD 44 | KL. 5 - 8 |
| RUN ALL NIGHT | KL. 11 |
| **SAMBÍÓIN EGILSHÖLL** | |
| HOT PURSUIT | KL. 6 - 8 - 10:30 |
| THE WATER DIVINER | KL. 5:30 - 8 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 5 - 8 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 10 |
| CHILD 44 | KL. 10:20 |
| RUN ALL NIGHT | KL. 8 |
| GET HARD | KL. 5:40 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | |
| HOT PURSUIT | KL. 6 - 8 - 10 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 5:30 - 7 - 8:30 - 10 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | |
| PITCH PERFECT 2 | KL. 8 |
| HOT PURSUIT | KL. 8 - 10 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 10:20 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | |
| HOT PURSUIT | KL. 6 - 8 - 10 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 5:30 - 8:30 |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




Sýningartímar á
eMiði.is og miði.is


# Leyfið þeim að hafa dýrin hjá sér

**BAKPANKAR**
Viktoríu Hermannsdóttur



**FJÖLMARGAR** rannsóknir hafa sýnt fram á það að gæludýr eru félagslegur stuðningur fyrir eigendur sína. Þau geta hjálpað við að draga úr þunglyndi, álagi, eflt sjálfstraust og aukið gleði fólks svo eitthvað sé nefnt.

**ÞAÐ** var erfitt að fylgjast með fréttum um daginn þar sem talað var við gæludýraeigendur sem búa í íbúðum á vegum Öryrkjabandalags Íslands. Íbúunum hefur verið gert að losa sig við dýr sín þar sem dýrahald er bannað í íbúðunum. Það séu reglur sem hafi verið lengi í gildi en verið sé að framfylgja af alvöru fyrst núna.

**KATTAREIGANDI** lýsti á átakanlegan hátt í viðtali við fréttamann RÚV að henni hefði liðið hræðilega og grátið í tvo daga þegar barst tilkynning um að hún þyrfti að láta frá sér köttinn sinn eða að öðrum kosti missa íbúð sína.

**ÖNNUR** kona, mikið líkamlega fötluð, lýsti því að stundum kæmist hún ekki fram úr rúminu og yrði að bíða eftir hjálp en þá kæmi kötturinn hennar og biði hjá henni. Sem sagt einstakt samband þeirra á milli enda segist hún ekki getað lifað án kattarins síns.

**ÞAÐ** er óskiljanleg mannvonska sem fylgir því að ætla að taka frá þessu fólki dýrin sem skipta það svo miklu máli og létta því lífið á erfiðum stundum.

**ÉG** var í Þýskalandi á dögunum þar sem mun meira frjálsræði ríkir um dýrahald heldur en hér á landi. Hér eru dýr bönnuð víða en þar í landi fær besti vinur mannsins að fylgja honum hvert sem er. Hvort sem það er í almenningssamgöngum eða á barinn. Ég varð heldur ekki vör við að nokkur kippti sér upp við það.

**ÉG** get heldur ekki skilið hvernig það truflar aðra íbúa í fjölbýlishúsum að einhverjir íbúar séu með gæludýrin sín inni í íbúðum sínum. Varla eru þau æðandi um gangana.

**VÆRI** ekki nær lagi að endurskoða þessi lög og leyfa fólki, sem í sumum tilvikum er einangrað vegna fötlunar sinnar, að njóta þess að hafa gæludýr hjá sér sem veita því félagsskap og gleði? Það held ég nú. Leyfið því að hafa dýrin hjá sér.

# Heldur utan um upplýsingar um íslenska tónlistarmenn

**Helgi Snorrason sér um vefsíðuna Music All Over the World, en síðan hefur að geyma upplýsingar um yfir þúsund íslenskar hljómsveitir og tónlistarmenn. Honum þótti vanta vefsíðu að með slíkum upplýsingum.**

„Ég er kominn með upplýsingar um í kringum þúsund íslenskar hljómsveitir og tónlistarmenn. Það er alveg ótrúlegt hvað það hefur verið mikið til af hljómsveitum og gróska í gegnum tíðina,“ segir Helgi Snorrason tónlistaráhugamaður. Helgi stendur á bak við vefsíðuna Music All Over the World, þar sem finna má upplýsingar um íslenska og erlenda tónlistarmenn og hljómsveitir.

„Það eru rúm tvö ár síðan ég fór að hugsa um þetta. Ég hef mjög gaman af tónlist og þekkti marga tónlistarmenn frá því í gamla daga,“ segir Helgi um upprunann. Honum þótti vanta vefsíðu þar sem hægt væri að nálgast upplýsingar um íslenskar hljómsveitir og tónlistarmenn. „Það voru mjög fáar sjálfstæðar heimasíður sem geyma upplýsingar um hljómsveitir og tónlistarmenn og fór ég því að hugsa að það væri gott að geta farið inn á grunn og fundið þar allt sem maður vill vita um hljómsveitir og tónlistarmenn. Ef einhver af okkar kynslóð gerir þetta ekki þá týnist þetta bara og svo er líka gaman að geta sýnt börnum og barnabörnunum hvað menn voru að gera í gamla daga. Það er gaman að geta sagt við þau, ég var poppari þegar ég var ungur,“ segir Helgi og hlær. Hann segir mikla vinnu liggja að baki síðunni. „Þetta er auðvitað mikil vinna en ég hef líka fengið aðstoð frá mörgum öðrum með aðflutt efni og væri of langt að telja þá eða þær allar upp sem hafa komið að þessu með ýmsu efni. Ég hef til dæmis fundið myndir af hljómsveitum en hef kannski ekki upplýsingar um hverjir eru á myndinni og þá hef ég fengið hjálp frá öðrum til að hafa nöfnin rétt,“ útskýrir Helgi.

> **Mig langar mikið til þess að fá gamlar upptökur frá hljómsveitum sem hafa aldrei verið gefnar út. Ég veit að það er til svo mikið af upptökum sem hafa aldrei litið dagsins ljós.**



**SAFNAR UPPLÝSINGUM** Helgi Snorrason ætlar sér að eiga upplýsingar um allar íslenskar hljómsveitir og tónlistarmenn á vefsíðunni sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann sér fram á allavega 2 ára vinnu í viðbót við það að koma inn upplýsingum um tónlistarmenn og hljómsveitir á síðuna sína. „Þetta er nú bara hobbí hjá mér þannig að þetta tekur tíma.“

Eru menn ekkert að hafa samband og spyrja af hverju þeirra hljómsveit sé ekki komin á síðuna þína? „Menn hafa verið senda mér efni og hafa líka spurt af hverju er mín hljómsveit ekki á síðunni. Sumir hafa líka varla þorað að láta mann hafa efni, því sumar hljómsveitir spiluðu kannski bara í sínu bæjarfélagi og í kringum það og voru ekki að fá mikla athygli á landsvísu,“ útskýrir Helgi, „en í mínum augum er það alveg eins mikil verðmæti og þessar hljómsveitir sem maður þekkir hérna af suðurhorninu.“

Hann hefur þó rosalega gaman að því að sjá hvað menn eru að senda honum og hvað fólk verður ánægt að sjá sína hljómsveit á síðunum og hvetur fólk til þess að senda sér efni og upplýsingar um hljómsveitir og tónlistarmenn sem eru lítt þekktir og eru mögulega ekki á síðunni.



**EFTIRLÆTI** Hljómar úr Keflavík eru ein af þeim hljómsveitum sem Helga þykir einna vænst um.

Spurður út í sínar uppáhaldshljómsveitir segist Helgi halda mest upp á gömlu sveitirnar á borð við Hljóma, Trúbrot og Flowers. „Ég hefði viljað sjá meira útgefið efni frá þessum hljómsveitum,“ segir Helgi og bætir við: „Mig langar mikið til þess að fá gamlar upptökur frá hljómsveitum sem hafa aldrei verið gefnar út. Ég veit að það er til svo mikið af upptökum sem hafa aldrei litið dagsins ljós. Og hættan er að þessum verðmætum verði hent því fólk veit oft ekki hvað á að gera við þetta.“

Ásamt því að hafa upplýsingar um tónlistarmenn og hljómsveitir, þá er hann einnig með mikið tenglasafn á síðunni þar sem hægt er að nálgast ýmsar upplýsingar tengdar tónlistarheiminum.

gunnarleo@frettabladid.is




**Í UPPÁHALDI** Platan Lifun með Trúbroti er ein af eftirlætisplötum Helga.

**ERÍKUR** HAUKSSON | **BJÖRGVIN** HALLDÓRSSON | **MATTHÍAS** MATTHÍASSON | **STEFÁN** JAKOBSSON

& ROKKABILLÝBANDIÐ

# HEIÐURSTÓNLEIKAR

# THE BEATLES

*HÁSKÓLABÍÓ 15. ÁGÚST 2015*



*MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 10.00*

midi.is PROMO



**GLEÐI** Grótta vann Stjörnuna í fjórum leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Veturinn var stórkostlegur

**HANDBOLTI** „Þetta var ætlunin með því að fara aftur í Gróttu. Engin spurning,“ sagði Anna Úrsúla Guðmundsdóttir sem vann sinn fimmta Íslandsmeistaratitil í gær. Anna vann hina fjóra með Val en skipti yfir í uppeldisfélagið fyrir þetta tímabil: „Ég er helvíti góð að ná þessum titli í hús á undan áætlun og öllum þessum þremur í vetur,“ sagði Anna ennfremur. - esá

### OLÍS-DEILD KVENNA

LOKAÚRSLIT KVENNA

**STJARNAN - GRÓTTA 23-24 (13-10)**

**Stjarnan - Mörk (skot):** Sólveig Lára Kjærnested 7/1 (14/1), Esther Viktoría Ragnarsdóttir 5 (8), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 4 (8), Þórhildur Gunnarsdóttir 3 (5), Stefanía Theodórsdóttir 1 (1), Sandra Sif Sigurjónsdóttir 1 (2), Guðrún Erla Bjarnadóttir 1 (3), Helena Rut Örvarsdóttir 1 (9),

**Varin skot:** Florentina Stanciu 20/1 (44/3, 45%).

**Grótta - Mörk (skot):** Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 7 (10), Lovísa Thompson 4 (6), Eva Björk Davíðsdóttir 4 (12/1), Karólína Bæhrenz Lárudóttir 2 (2), Þórunn Friðriksdóttir 2 (3), Laufey Ásta Guðmundsdóttir 2/1 (4/2), Sunna María Einarsdóttir 2/1 (5/1), Arndís María Erlingsdóttir 1 (3), Eva Margrét Kristinsdóttir (1), Guðný Hjaltadóttir (2), Anett Köbli (3),

**Varin skot:** Íris Björk Símonardóttir 9 (27/1, 33%), Elín Jóna Þorsteinsdóttir 7 (12, 58%).

### MEISTARADEILDIN

UNDANÚRSLIT

**BAYERN MÜNCHEN - BARCELONA 3-2**

1-0 Mehdi Benatia (7.), 1-1 Neymar (15.), 1-2 Neymar (29.), 2-2 Robert Lewandowski (59.), Thomas Müller (74.).

**Barcelona** mætir annaðhvort **Real Madrid eða Juventus** í úrslitaleiknum en seinni undanúrslitaleikur þeirra fer fram í kvöld.



**FYRSTI ÍSLANDSMEISTARATITILLINN** Grótta hafði ekki unnið stóran titil fyrir tímabilið en er nú handhafi þriggja stærstu titlanna. Seltjarnarnesliðið er Íslands-, deildar- og bikarmeistari. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ísköld Lovísa hetjan

**Grótta varð Íslandsmeistari í hópíþrótt í fyrsta sinn í sögu félagsins er liðið vann sigur á Stjörnunni í Mýrinni í gær. Hin fimmtán ára gamla Lovísa Thompson skoraði dramatískt sigurmark Gróttu.**

**HANDBOLTI** Grótta braut blað í sögu félagsins er liðið varð Íslandsmeistari kvenna í handbolta eftir æsilegan sigur á Stjörnunni í Garðabæ í gær, 24-23. Grótta vann úrslitaeinvígið þar með 3-1.

Stjarnan var á góðri leið með að tryggja sér oddaleik í rimmunni þar til að Grótta kom sér aftur inn í leikinn með frábærum varnarleik síðustu tíu mínútur leiksins.

Liðið fékk svo síðustu sókn leiksins þegar nítján sekúndur voru eftir og ákvað Kári Garðarsson, þjálfari Gróttu, að stilla upp í kerfi fyrir hina fimmtán ára gömlu Lovísu Thompson.

Þrátt fyrir basl og þó svo að allt hafi ekki gengið upp samkvæmt uppskrift þjálfarans náði Lovísa að taka lokaskotið og skoraði hún fram hjá hinni frábæru Florentinu Stanciu, markverði Stjörnunnar. Gríðarlegur fögnuður braust út hjá Seltirningum sem höfðu beðið lengi eftir jafn stórum titli og þessum.

Grótta vann því þrjá stærstu titla tímabilsins því liðið varð einnig deildarmeistari sem og bikarmeistari. Sannarlega glæsilegur árangri hjá Kára og leikmönnum hans.

„Þetta er ótrúlegt að vera með lið sem er með uppalda leikmenn í nánast hverri stöðu. Þetta er ólýsanleg tilfinning, að vinna bæði þennan titil og bikarinn í vetur, og hrikalega skemmtilegt fyrir mig að fá að vinna með þessum hópi,“ sagði Kári sem óttaðist ekki að setja þá ábyrgð á herðar Lovísu að taka lokaskotið.

„Hún hefur axlað ábyrgð í allan vetur og staðið sig frábærlega. Þetta er bara í beinu framhaldi af því. Hún er bara í stóru hlutverki hjá okkur.“

Sjálf sagði Lovísa að hún hefði ekki hugsað um neitt annað en að tryggja sínu liði sigur.

„Ég hugsaði ekki um neitt annað en að ég ætlaði bara að skora. Það var það eina sem ég hugsaði um,“ sagði hin hógværa Lovísa. Hún er greinilega með stálaga þar að auki því hún fagnaði sigrinum með mölbrotnu páskaeggi sem var enn í umbúðum sínum.

„Ég ákvað að geyma páskaeggið þar til að úrslitakeppnin var búin,“ sagði hún skælbrosandi.

Rakel Dögg Bragadóttir kom inn í þjálfarateymi Stjörnunnar eftir að hafa glímt við afleiðingar höfuðhöggs sem batt enda á leikmannsferil hennar, þrátt fyrir ungan aldur. Hún segir að það hafi verið erfitt að sætta sig við niðurstöðuna.

„Auðvitað vildi ég taka gullið. Engu að síður eru margir nýir leikmenn að koma inn og þessi hópur hefur bætt sig á mörgum sviðum – ekki bara í handboltanum. Það er ég mjög ánægð með,“ sagði hún um lið sitt.

„Ég er mjög stolt af því að vera hér með þessu liði í úrslitum og hafa slegið út bæði Val og Fram, og svo að hafa náð alla vega einum sigri gegn Gróttu.“

eirikur@frettabladid.is

EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins
Lágholtsvegur 12 – neðri hæð




Mjög góð og einstaklega vel skipulögð 58,1 fm tveggja herbergja neðri sérhæð í góðu húsi í vesturbænum sem var byggt 1986. Sérinngangur, afgirt sérverönd. Sérbílastæði. Frábær staðsetning. Endurnýjað eldhús. Björt og góð íbúð. **Verð 28,9 millj.**
**Eignin verður sýnd miðvikudaginn 13.maí milli kl. 17:15 og kl. 17:45**
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

# Bara undir í tæpar fimm mínútur

**Haukar voru með forystu í 85 prósentum af lokaúrslitum Olís-deildar karla 2015.**

**HANDBOLTI** Haukar tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn í Olís-deild karla í fyrrakvöld eftir þrjá sigra í röð á móti nýliðum Aftureldingar en þetta var fyrsti Íslandsmeistaratitill Hauka í fimm ár og jafnframt níundi titillinn hjá félaginu á þessari öld.

Haukaliðið tapaði ekki leik alla úrslitakeppnina og vann liðin í 1. sæti (Valur), 2. sæti (Afturelding) og 4. sæti (FH) á leið sinni að titlinum. Fimm af átta sigrum Haukaliðsins í úrslitakeppninni komu því á útivelli.

Haukar unnu ekki bara alla þrjá leikina á móti Mosfellingum, þeir voru líka með forystuna nær allan tímann í öllu einvíginu þrátt fyrir að spila tvo af leikjunum þremur á heimavelli Aftureldingar að Varmá.

Afturelding komst aðeins fjórum sinnum yfir í leikjunum þremur og aldrei meira en eitt mark yfir. Þegar tíminn er lagður saman kemur í ljós að Aftureldingarliðið var aðeins með forystuna í fjórar mínútur og 33 sekúndur í öllu einvíginu. Þetta gerir bara 2,5 prósent af mínútunum 180.

Haukaliðið var aftur á móti yfir í 154 mínútur og 31 sekúndu í leikjunum þremur (85 prósent) og stóran hluta þess tíma var Hafnarfjarðarliðið með margra marka forystu.



**ÓTRÚLEGAR TÖLUR** Jóhann Jóhannsson og félagar lentu á Haukavegg í lokaúrslitunum í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### ➜ Lið með forystuna í lokaúrslitum Olís-deildar karla 2015:

| | |
|---|---|
| Afturelding yfir | 3 mínútur og 43 sekúndur |
| Jafnt | 22 mínútur og 6 sekúndur |
| Haukar yfir | 154 mínútur og 31 sekúnda |

Haukar náðu fimm marka forskoti í öllum þremur leikjunum og komust sex mörkum yfir í fyrri hálfleiknum á bæði leik eitt og tvö. Lokaleikurinn var „jafnastur“ en þar voru Haukarnir með forystuna í 44 mínútur og náðu bara mest þriggja marka forystu í fyrri hálfleiknum.

Í fyrstu tveimur leikjunum leiddu Mosfellingar aðeins í 56 sekúndur samanlagt eða eftir að Jóhann Jóhannsson kom liðinu í 3-2 í byrjun leiks eitt. Ellefu mínútum síðan var staðan hins vegar orðin 10-4 fyrir Haukaliðið.

Afturelding var lengst með forystuna í einu í kringum hálfleikinn í þriðja og síðasta leiknum. Árni Bragi Eyjólfsson kom þá liðinu yfir í 11-10 þremur sekúndum fyrir hálfleik og Haukar náðu ekki að jafna metin fyrr en eftir einnar mínútu og 43 sekúndna leik í seinni hálfleiknum.

Forföll og reynsluleysi háði Aftureldingu vissulega í þessum lokaúrslitum en þegar á hólminn var komið áttu nýliðarnir engin svör við hungri Haukanna, sem ætluðu ekki að tapa þriðja úrslitaeinvíginu í röð. - óój

GIMLI
570 4800
Grensásvegi 13
Árni Stefánsson
Viðskiptafræðingur
Sveinbjörn Halldórsson
Löggiltur fasteignasali
Stofnuð 1982




VÍÐIMELUR 70 - TVÆR ÍBÚÐIR
OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAG FRÁ KL. 17:00 – 17:30
Vorum að fá í sölu einstaklega glæsilega 157 fm hæð og 72 fm 2ja herbergja kjallaraíbúð við Víðimel, samtals 229 fm. Falleg eign sem hefur fengið gott viðhald í gegnum árin. Frábær staðsetning í fallegu og rólegu hverfi í Vesturbænum. Fimm svefnherbergi, þrjár stofur, tvö eldhús, aukaherbergi í risi, sérútbúnar svalir og gufubað. Íbúðirnar seljast saman eða í sitt hvoru lagi. **Verð 77.8 millj.**



nordlux
**Canto útiljós**
Glæsilegt veggljós sem fæst í nokkrum litum.
**6.000,-** ~~11.995,-~~



nordlux
**Darwin útiljós**
T.d. svart veggljós með skynjara, sem fæst í svörtu, úr áli eða úr galvaníseruðu stáli.
**6.000,-** ~~12.995,-~~





**Marmo veggflísar**
20 x 25 cm, ljósbrúnar. Verð á m².
**1495,-** ~~2.195,-~~





**MY DREAM plastparket, Gunmetal Oak**
Þykkt 12 mm, plankastærð 192 x 1280 mm. Verð á m².
**4.495,-** ~~5.995,-~~



nordlux
**Darwin útiljós á vegg, hallandi**
45° halli. Fæst í svörtu og áli. Þv. 9 cm. Hámark 60 W, E27-perustæði.
**4.000,-** ~~8.995,-~~

nordlux
**Darwin útiljósastaur**
80 cm staur. Fæst í svörtu, áli og galvaníseruðu stáli.
**8.000,-** ~~21.995,-~~



**Coralli gólfflísar**
33,3 x 50,2 cm. Glerjað postulín, slitþolsstig 4 og frostþolnar, með skriðvörn R9. Fást í „azzurro".
Verð á m².
**3.495,-** ~~4.495,-~~

# LAGERHREINSUN

**ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR**





**Leikjahús með palli**
Óméðhöndlaður viður, 180 x 180 cm + 70 cm pallur.
**99.995,-** ~~134.785,-~~





**Kringlótt borð- og bekkjasett**
Gagnvarinn barrviður, 42 mm. Heildarþv. 226 cm, þv. borðplötu 126 cm, hæð 73 cm.
**34.995,-** ~~39.995,-~~





**39.995,-** ~~59.995,-~~

**Bensínsláttuvél**
JHB 46. 135 cc mótor, sláttubreidd 46 cm, 5 hæðarstillingar og 60 l safnskúffa.





**59.995,-** ~~79.995,-~~

**Bensínsláttuvél**
GBWÖ 46R. 140 ccm Briggs & Stratton 550 ECO plus mótor. Sláttubreidd 46 cm, 6 hæðarstillingar, eða 25–90 mm, 60 l safnskúffa. Þyngd 32 kg.





JOTUN
**Lagerhreinsun á Drygolin viðarvörn og olíu**
T.d. 3 l Drygolin olíuviðarvörn eða olíumálning.
**4.000,-** ~~8.995,-~~


BAUHAUS®
BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# DAGSKRÁ



20:05
**HEIMSÓKN**
Í þessum þætti kíkir Sindri í heimsókn til fyrrverandi landsliðskonunnar Rögnu Lóu Stefánsdóttur og eiginmanns hennar, Hermanns Hreiðarssonar. Þau búa í skemmtilegu húsi í Árbænum þar sem Ragna Lóa hefur innréttað heimili þeirra mjög fallega eftir eigin höfði.

FJÖLBREYTT
**MIÐVIKUDAGSKVÖLD!**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365




3 | 00:00
**AMERICAN IDOL**
Nú er komið að stóru stundinni og aðeins þrír eftir í undanúrslitaþættinum! Það eru hinir stórgóðu söngvarar: Clark Becham, Nick Fradiani og Jax. Það verður spennandi að sjá hvaða tveir keppendur enda í úrslitaþættinum og hver fer með sigur af hólmi í þessari hörðu keppni.

19:40
**THE MDDLE**
Gamanþáttaröð um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni sem vinnur jafnframt sem bílasali.




20:30
**GREY'S ANATOMY**
Vinsælir dramaþættir sem fjalla um flókið einkalíf læknanna á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg.



Krakkastöðin | 19:00
**KALLI Á ÞAKINU**
Skemmtileg teiknimynd byggð á sögu eftir Astrid Lindgren.



**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.**
Nánari upplýsingar á **365.is**

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.45** Big Time Rush
**08.05** The Middle
**08.30** Don't Trust the B*** in Apt 23
**08.55** Mom
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Take the Money and Run
**11.00** Spurningabomban
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Death Comes To Pemberley
**14.00** Dallas
**14.45** The Lying Game
**15.35** Don't Blame the Dog
**16.30** Big Time Rush
**16.55** The Goldbergs
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.35** Víkingalottó
**19.40** The Middle
**20.05 Heimsókn** Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó eitt sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að ná fram því besta í viðmælendum sínum.
**20.30 Grey's Anatomy** Ellefta syrpa þessara vinsælu dramaþátta sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.
**21.15** Outlander
**22.10 Stalker** Magnaður spennuþáttur um Jack Larsen og Beth Davies en þau vinna í sérstakri deild innan lögreglunnar í Los Angeles og rannsaka mál sem tengjast eltihrellum en þau mál eru jafn ólík og þau eru mörg. Með aðalhlutverk fara Dylan McDermott úr Hostages og American Horror Story og Maggie Q sem áhorfendur þekkja úr sjónvarpsþáttunum Nikita.
**22.55** Forever
**23.40** Real Time with Bill Maher
**00.40** Battle Creek
**01.25** The Blacklist
**02.10** The Following
**02.55** Person of Interest
**03.40** Tucker and Dale vs. Evil
**05.10** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT
*besta sætið*

**07.20** Bayern München - Barcelona
**09.00** Meistarad. - Meistaramörk
**09.20** Meistarad. - Meistaramörk
**09.40** Formúla 1 2015 - Spánn
**12.05** Þýski bikarinn. Flensburg - Magdeburg
**14.15** Meistarad. Evrópu - fréttaþáttur
**14.40** Memphis - Golden State. Leikur 3
**16.30** Bayern München - Barcelona
**18.10** Meistarad. - Meistaramörk
**18.30** Real Madrid - Juventus BEINT
**20.45** Meistarad. - Meistaramörk
**21.10** Goðsagnir - Pétur Ormslev
**21.45** Real Madrid - Juventus
**23.40** Meistarad. - Meistaramörk
**00.00** Atlanta - Washington. Leikur 5 BEINT

## SPORT 2
*enski boltinn*

**10.00** Stoke - Tottenham
**11.40** Chelsea - Liverpool
**13.30** Premier League Review
**14.25** Everton - Sunderland
**16.05** Arsenal - Swansea
**17.45** Premier League World 2014
**18.15** Messan
**19.15** Ipswich - Norwich
**21.05** Crystal Palace - Man. Utd.
**22.50** Hull - Burnley
**00.30** Man. City - QPR

## STÖÐ 3

**18.30** Last Man Standing
**18.55** Hot in Cleveland
**19.15** Hart of Dixie
**20.00** Silicon Valley
**20.30** Flash
**21.15** Arrow
**21.55** The 100
**22.40** Supernatural
**23.20** American Idol
**00.00** American Idol
**02.00** Silicon Valley
**02.25** Flash
**03.10** Arrow
**03.55** The 100
**04.40** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.45** Tom and Jerry (chuck jones) **07.55** Leyndarmál vísindanna**08.00** Lína Langsokkur **08.22** Ljóti andarunginn og ég **08.47** Stóri og Litli **09.00** Strumparnir **09.25** Ævintýri Tinna **09.47** Latibær **10.00** Dóra könnuður**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar**10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson**11.45** Tom and Jerry (chuck jones) **11.55** Leyndarmál vísindanna **12.00** Lína Langsokkur**12.22** Ljóti andarunginn og ég **12.47** Stóri og Litli **13.00** Strumparnir **13.25** Ævintýri Tinna **13.50** Latibær **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.45** Tom and Jerry**15.55** Leyndarmál vísindanna **16.00** Lína Langsokkur **16.22** Ljóti andarunginn og ég **16.47** Stóri og Litli **17.00** Strumparnir **17.25** Ævintýri Tinna **17.50** Latibær **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Kalli á þakinu

## GULLSTÖÐIN

**18.00** Friends
**18.25** Modern Family
**18.50** New Girl
**19.10** The Big Bang Theory
**19.35** Fiskur án reiðhjóls
**20.00** Geggjaðar græjur
**20.15** Chuck
**21.00** The Newsroom
**21.55** Cold Case
**22.40** 1600 Penn
**23.00** Fiskur án reiðhjóls
**23.25** Geggjaðar græjur
**23.40** Chuck
**00.25** The Newsroom
**01.15** Cold Case
**02.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10.30** Another Cinderella Story
**12.05** Jobs
**14.15** Multiplicity
**16.15** Another Cinderella Story
**17.50** Jobs
**20.00** Multiplicity
**22.00** Collateral
**00.00** A Good Day to Die Hard
**01.40** The Cabin in the Woods
**03.15** Collateral
**06.35** Jane Eyre

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason
**20.30** Tölvur og tækni
**21.00** ABC barnahjálp
**21.30** Frá Haga í maga

## RÚV

**16.30** Blómabarnið
**17.20** Disneystundin
**17.21** Finnbogi og Felix
**17.43** Sígildar teiknimyndir
**17.50** Fínni kostur
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Heilabrot
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir.
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**19.55 Háskólalestin** Frá árinu 2011 hefur Háskóli Íslands leitt Háskólalest um landið. Lestin hefur heimsótt rúmlega 20 bæi og boðið er uppá vísindaveislu og kennslu á háskólastigi fyrir elstu bekki grunnskólans í hverju plássi. Í þættinum sláumst við í för með lestinni og upplifum fjör og fræði. Dagskrárgerð: Jón Örn Guðbjartsson, Björn Gíslason og Konráð Gíslason.
**20.25** Neyðarvaktin
**21.10** Silkileiðin á 30 dögum
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20 BBC á stríðstímum** *(BBC at War)* Heimildarmynd í tveimur hlutum um mótandi áhrif seinni heimsstyrjaldarinnar á starfsemi BBC á upphafsárum þess og hvernig sú mótun hefði hæglega getað orðið fyrirtækinu að falli. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.10** Läckberg: Í auga sjáandans
**00.40** Horfinn
**01.40** Kastljós
**02.00** Fréttir
**02.15** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**14.35** Cheers
**15.00** Jane the Virgin
**15.40** Parenthood
**16.20** Minute to Win It
**17.05** Royal Pains
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Talk
**19.10** Million Dollar Listing
**19.55** The Millers
**20.15 Black-ish** Nýrík fjölskylda tekst á við þær breytingar að eiga erfitt og koma sér sífellt í aðstæður sem þau eiga erfitt með að vinna úr. Antony Anderson úr Transformers leikur aðalhlutverkið og Laurence Fishburn eitt af aukahlutverkunum.
**20.35** The Odd Couple
**21.00** Madam Secretary
**21.45 Blue Bloods** Vinsæl þáttaröð með Tom Selleck í aðalhlutverki um valdafjölskyldu réttlætis í New York-borg.
**22.30** Sex & the City
**22.55** Nurse Jackie
**23.25** Scandal
**00.10** American Crime
**00.55** Madam Secretary
**01.40** Blue Bloods
**02.25** Sex & the City
**02.50** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.10** PGA Tour 2015
**11.30** Golfing World 2015
**12.20** PGA Tour 2015
**17.20** Golfing World 2015
**18.10** PGA Tour 2015
**23.10** Golfing World 2015

## HRINGBRAUT

**10.00** Fólk með Sirrý *(e)* **11.00** Atvinnulífið *(e)* **11.30** Ritstjórarnir *(e)* **12.00** Fólk með Sirrý *(e)* **13.00** Atvinnulífið *(e)* **13.30** Ritsjórarnir *(e)* **14.00** Fólk með Sirrý *(e)* **15.00** Atvinnulífið *(e)* **15.30** Ritstjórarnir *(e)* **16.00** Fólk með Sirrý *(e)* **17.00** Atvinnulífið *(e)* **17.30** Ritstjórarnir *(e)* **18.00** Fólk með Sirrý *(e)* **19.00** Atvinnulífið *(e)* **19.30** Ritstjórarnir *(e)* **20.00** Mannamál **20.45** Heimsljós **21.15** 433.is **21.45** Eðaltónar **22.00** Mannamál *(e)* **22.45** Heimsljós *(e)* **23.15** 433.is *(e)* **23.45** Eðaltónar

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




# Atvinnugreinar framtíðarinnar

## Meistaranám í menningarstjórnun

Meistaranám í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst er vandað nám sem býr nemendur undir skapandi störf á sviði menningar og menntunar. Námið gerir nemendum kleift að þróa gagnrýna sýn á menningu og menningarpólitík um leið og þeir öðlast þjálfun í rekstri, stjórnun og skipulagningu. Háskólinn á Bifröst er eini háskólinn hér á landi sem býður upp á þessa samsetningu náms.

**Nám í menningarstjórnun er kennt í fjarnámi og nemendur geta tekið námið á eigin hraða.**

**Umsóknarfrestur fyrir haustönn 2015 er til 15. maí.**

**Velkomin í Háskólann á Bifröst**
Nánari upplýsingar á **bifrost.is**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
*- hvar sem þú ert og hvert sem þú stefnir*

## DRYKKURINN



**„Ég verð að segja nýkreistur glóaldinsafi, einkum og sérílagi ef ég get japlað á tveimur til þremur jarðarberjum með, þá er ég alsæll.**

Jakob Frímann Magnússon, tónlistarmaður og miðborgarstjóri.

# Borgarstjóri og trommuleikari í hár saman

UN Women gefur út sex myndbönd til að vekja athygli á kynjajafnrétti og er myndband númer tvö sýnt í dag.

Í nýju myndbandi frá landsnefnd UN Women má sjá hina hárprúðu Dag B. Eggertsson, borgarstjóra og Hrafnkel Örn Guðjónsson, trommuleikara Agent Fresco, fara í hár saman.

Allt er það í gamni gert og er myndbandið liður í nýrri herferð UN Women sem ber nafnið HeForShe – Ólíkir en sammála um kynjajafnrétti. Á næstu tveimur vikum munu samtökin sýna sex örmyndbönd til að vekja athygli á baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og hvetja karlmenn til þess að skrá sig sem styrktaraðila. Myndbandið er frumsýnt á Vísi í dag.

Herferðin hófst á mánudag með myndbandi með Tómösunum þremur; Talninga-Tómasi, Tilfinninga-Tómasi og Lækna-Tómasi, þar sem þeir hittast í fyrsta sinn við styttu af Tómasi Guðmundsyni ljóðskáldi.

Markmiðið er að hvetja karlmenn til þess að láta til sín taka í baráttunni fyrir kynjajafnrétti en hin alþjóðlega HeForShe-herferð tókst vel hérlendis í fyrra.

„Einn af hverjum tuttugu karlmönnum á Íslandi skráði sig sem HeForShe síðastliðið haust þegar alþjóðlega átakinu var ýtt úr vör. Væri ekki frábært ef þessir sömu karlmenn myndu skrá sig sem mánaðarlega styrktaraðila UN Women og stuðla þannig að jákvæðum breytingum á lífi kvenna og stúlkna í fátækustu löndum heims,“ segir Hanna Eiríksdóttir, framkvæmdastýra landsnefndar UN Women. - gló



➜ Í nýju myndbandi má sjá hina hárprúðu Dag borgarstjóra og Hrafnkel trommara fara í hár saman.




# STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR

SPILAR TÓNLIST JÓELS PÁLSSONAR

Frumfluttar verða glænýjar útsetningar Kjartans Valdemarssonar á verkum Jóels. Stjórnandi: Kjartan Valdemarsson.

Styrkt af Reykjavíkurborg

Tónlistarsjóður

**HARPA** SILFURBERG
Sunnudag 17. maí kl. 16:00
Miðaverð kr. 3.000 / 2.000
**Miðar á midi.is • harpa.is • í miðasölu Hörpu**







**UNGFRÚ ÍSLAND 2011** Fanney krýnir arftaka sinn í keppninni árið 2011.

# Ungfrú Ísland vakin upp af værum blundi

Fanney Ingvarsdóttir hefur verið ráðin til þess að hafa yfirumsjón með keppninni í ár. Hún segir ósanngjarna dómhörku einkenna umræðuna um fegurðarsamkeppnina hérlendis.

„Við munum gera hlutina öðruvísi í ár og einblína á undirbúning fyrir stóru keppnirnar, Miss World og Miss Universe, góðgerðarstörfin og þess háttar,“ segir Fanney.

Fanney telur keppnina í ár verða hina glæsilegustu og að mikill metnaður verði lagður í undirbúning keppenda, en í þetta skiptið verði farið að danskri og sænskri fyrirmynd, þar sem úrslitakvöldið er meira í tískusýningarstíl og tónlistaratriðum fremur en dansatriðum keppenda eins og hefur tíðkast. Að auki verði brugðið út af vananum og keppnin haldin í Hörpu, en ekki á Broadway líkt og í fjöldamörg ár.

### Gagnrýnisraddirnar

Aðspurð um gagnrýni sem keppnir sem þessar hafa sætt undanfarin ár segist Fanney vissulega skilja sumt sem þar hefur komið fram. „En fólk er fljótt að dæma og tala um eitthvað sem það kannski þekkir ekki endilega. Ég hef sjálf farið í gegnum þetta ferli, sé ekki eftir neinu, og sé alls ekkert slæmt við að taka þátt í svona keppnum,“ útskýrir hún, og bendir á, máli sínu til stuðnings, að vinsælt sé að keppa í alls kyns bikiní-fitness hér á landi, og það minnst tvisvar á ári.

Segir Fanney jafnframt að ástæða þess að keppnin hafi fallið niður í fyrra hafi einungis verið vegna eigendaskipta á keppninni, en ekki áhugaleysis. Þau Björn Leifsson og Hafdís Jónsdóttir, kennd við World Class, keyptu keppnina í fyrra og standa nú á bak við herlegheitin.

Mun skráning hefjast í lok vikunnar og geta þá stúlkur á aldrinum 18-24 ára skráð sig til leiks.

### ➜ Ungfrú Ísland í 65 ár

**Keppnin Ungfrú Ísland hefur verið haldin árlega frá árinu 1950 að undanskildum árunum 1952, 1981, 2012 og 2014.**

**Íslenskar konur hafa þrisvar verið valdar þær fegurstu í heimi**

**1985** Hólmfríður Karlsdóttir
**1988** Linda Pétursdóttir
**2005** Unnur Birna Vilhjálmsdóttir

> **Þetta snýst ekki bara um að vera fallegust, heldur skiptir margt máli, persónuleiki, útgeislun og hvort viðkomandi er fær um að höndla verkefnin sem taka við.**

### Ekki nóg að vera falleg

Stundum er talað um að fegurð sé afstæð, en geta allir verið með í svona keppnum? „Þetta snýst ekki bara um að vera fallegust, heldur skiptir margt máli, persónuleiki, útgeislun og hvort viðkomandi er fær um að höndla verkefnin sem koma til með að taka við. Að svo stöddu höfum við ekki sett niður neinar reglur um útlit,“ útskýrir hún.

Varðandi framboð keppenda segist Fanney ekki hafa áhyggjur.

„Ég er búin að senda á nokkrar sem mér líst vel á til að sjá hvernig stemningin er og hef fengið virkilega góð viðbrögð,“ svarar Fanney, spurð um hvort eftirspurnin sé mikil. „En ef engin sækir svo um, þá verður engin keppni, það segir sig sjálft,“ bætir hún léttlaust við í lokin.

gudrun@frettabladid.is



**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## Þú kemst lengra en borgar minna

Ef skynsemin réði værum við öll á **ŠKODA Octavia G-TEC**. Í honum samtvinnast fegurð, kraftur og virðing fyrir umhverfinu. **G-TEC** sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með tvo metantanka og einn 50 lítra bensíntank kemstu 1.330 km án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í stæði. Komdu og reynsluaktu **ŠKODA Octavia G-TEC**.



Lykill fjármögnun

HEKLA og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan ŠKODA á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177



LÆGRA VERÐ · STUNDVÍSI · LOFORÐ WOW · NÝRRI VÉLAR · BREIÐASTA BROSIÐ


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Edda vinsælust á nýsköpunarverðlaunum

**Edda Hermannsdóttir**, aðstoðarritstjóri Viðskiptablaðsins, fékk flest atkvæði í flokknum People's Choice á Nordic Startup Awards. „Það er fyrst og fremst ánægjulegt og hvetjandi að fá þessi verðlaun. Manni líður smá eins og vinsælustu stelpunni í fegurðarsamkeppninni," sagði Edda hress, en hún hefur skrifað mikið um nýsköpun hjá Viðskiptablaðinu. „Það er mikil gróska í nýsköpun hér og svona keppni er hvetjandi fyrir alla og er góður vettvangur fyrir tengslamyndun," sagði Edda. Lokakeppni Nordic Startup Awards verður haldin í lok mánaðarins í Finnlandi.

- asi



### Eins og Björk

Útlit **Nönnu Bryndísar Hilmarsdóttir** söngkonu Of Monsters and Men í nýju myndbandi við lagið Crystals vekur athygli. Í myndbandi þykir Nönnu Bryndísi svipa mjög til Bjarkar Guðmundsdóttur. Leikstjórar myndbandsins eru þeir Arni og Kinski en myndbandið var tekið upp í myndveri fyrir nokkrum vikum. Að útliti Nönnu Bryndísar kom meðal annarra Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir stílisti, sem er þekkt fyrir góð verk. Í myndbandinu er fylgst með því hvernig meðlimir sveitarinnar skapa manneskju með aðstoð vélar.

- kbg



## Mest lesið vísir

1 Kokkurinn á Tjöruhúsinu: Greiðir 36 milljóna króna sekt vegna skattsvika
2 Aðildarviðræðum við ESB er endanlega lokið
3 Annar stór skjálfti í Nepal í morgun
4 Gremja eftir samningafund: „Peningar trompa alltaf fólkið, eða hvað?"
5 Íslendingur í Nepal: „Jörðin skalf í fjörutíu og fimm sekúndur"
6 Reikningarnir til Ölgerðarinnar komu frá Vert




**YFIRBURÐIR**

**Fréttablaðsins staðfestir**

**Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 12–80 ára.** Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015



Allt sem þú þarft ...


SKELLTU ÞÉR MEÐ

# NÁÐU ÞÉR Í SMÁ SÓLARORKU!



MÍLANÓ frá
**9.999 kr.**
Tímabil: maí - júlí 2015

ALICANTE frá
**13.999 kr.**
Tímabil: maí - júní 2015

BARCELONA frá
**13.999 kr.**
Tímabil: maí - júní 2015

TENERIFE frá
**19.999 kr.**
Tímabil: maí - júní 2015

WOW MOMENT

BÓKAÐU NÚNA
Á WOWAIR.IS

WOW air

KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, 999 kr. bókunargjald - og töskugjald ekki innifalið.